











# FRÉTTABLAÐIÐ

**Helgarblað**

**7. maí 2011**
105. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



## Einstakir dýrgripir

*Frábærir afar af þremur kynslóðum teknir tali.*

**fjölskyldan**



## Í vítahring svefnleysis

*Skerðing á svefni getur haft alvarlegar afleiðingar að sögn sérfræðinga.*

**heilsa 32**

## Heillaðir af Íslandi

*Tískuhúsið Hermes myndar vetrarlínuna hér á landi.*

**fólk 70**



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna






**GLÍMUTÖK** Bardagaíþróttafélagið Mjölnir stendur á tímamótum um þessar mundir. Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis, ræðir í Fréttablaðinu í dag um upphafið, átökin og framtíðina. Sighvatur Magnús Helgason, einn efnilegasti bardagamaður félagsins, sést hér á æfingu. **Sjá síður 30 og 31** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Geir ákærður í næstu viku

**Ákæra verður gefin út á hendur Geir H. Haarde í næstu viku. Ljósrita þarf tugi þúsunda blaðsíðna af málsskjölum fyrir alla dómara, saksóknara og verjanda. Á vitnalista saksóknara eru fjörutíu nöfn, mörg þekkt.**

**LANDSDÓMUR** Sérstakur saksóknari mun gefa út ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, í næstu viku. Ákæruskjalið er tilbúið og verður sent dómnum og verjanda Geirs eftir helgi ásamt öllum gögnum málsins.

Ákæran er einungis um tvær blaðsíður. Henni fylgja hins vegar ótal skjöl, samtals vel á fjórða þúsund blaðsíður upp úr tölvupósti, skýrslum rannsóknarnefndar Alþingis og öðru.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Sigríði Friðjónsdóttur, saksóknara Alþingis, í gær voru hún og samstarfsmenn hennar tveir að leggja lokahönd á um hundrað síðna skjalaskrá, þar sem gerð er grein fyrir gögnunum og því markverðasta sem í þeim má finna.

Eftir helgi verður ákæran og fylgigögnin send í ljósritun. Hver dómaranna fimmtán í landsdómi fær sitt eintak, eins og saksóknari og verjandi. Því má gera ráð fyrir að heildarfjöldi blaðsíðna sem ljósrita þarf verði á bilinu fjörutíu til sjötíu þúsund. Eintökin verða líklega í tíu bindum hvert.

Þegar dómurinn hefur fengið ákæruna í hendur er það hlutverk hans að stefna Geir fyrir dóminn svo þingfesta megi ákæruna. Þingfestingin getur þó ekki farið fram fyrr en þremur vikum eftir að stefnan er birt. Það verður því tæpast fyrr en í lok mánaðar eða í byrjun júní, að mati Sigríðar. **- sh**

## Tæplega 40 vitni

Ákærunni fylgir listi yfir þau vitni sem saksóknari hyggst boða fyrir dóminn í málinu.

Sigríður segir að á vitnalistanum séu rétt tæplega fjörutíu nöfn og eðli málsins samkvæmt séu þeirra á meðal mörg vel þekkt en ekki standi til að kalla til erlend vitni.

Verjandi mun svo einnig leggja fram vitnalista.



## SPURNING DAGSINS



*Hera Björk, verður þú hýr á brá?*

„Jahá!"

Hera Björk Þórhallsdóttir er opinber söngkona Mr. Gay World USA keppninnar. Hún kemur einnig fram á styrktarballi vegna heimsmeistaramóts samkynhneigðra í sundi á Barböru í kvöld.

Íranskur hælisleitandi greip til örþrifaráða eftir margra ára bið í kerfinu og var handtekinn:

# Hótaði að kveikja í sér hjá Rauða krossinum

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður frá Íran, sem um árabil hefur beðið eftir svari við því hvort hann fái hæli hérlendis, hellti yfir sig bensíni á skrifstofum Rauða kross Íslands í gærmorgun og hótaði að kveikja í sér ef hann fengi ekki tafarlausa úrlausn sinna mála.

Sérsveit lögreglu var kvödd á vettvang, ásamt slökkvi- og sjúkraliði. Samningamaður reyndi að sannfæra manninn um að koma út úr húsinu en í miðjum viðræðunum tók hann að hella yfir sig bensíninu, sem hann hafði með sér í tveimur brúsum.

Að sögn lögreglu stafaði starfsfólki Rauða krossins töluverð hætta af manninum, enda reyndi hann reglulega að kveikja á kveikjara sem hann hafði meðferðis upp við bensínblaut klæði sín. Bensínið hafði einnig skvest á föt starfsfólksins.

Lögregla greip til aðgerða þegar svo var komið og handsamaði manninn. Hún var meðal annars vopnuð slökkvitækjum til að koma í veg fyrir að maðurinn slasaði sig.

Maðurinn var færður á slysadeild og þaðan í fangageymslur.

Í tilkynningu frá Rauða krossinum segir að hörmulegt sé að maðurinn skuli grípa til slíkra örþrifaráða í örvæntingu sinni. „Mest um vert er að okkur tókst með þeim viðbúnaði sem hér var að koma manninum til hjálpar án þess að hann skaðaði sjálfan sig eða aðra." - sh



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR** Samningamaður ræddi við manninn en þegar hann hellti yfir sig bensíni réðst lögregla til atlögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

50 börn með drómasýki:

## Höfðu fengið sama bóluefni

**HEILSA Finnar hafa staðfest að yfir 50 börn á aldrinum fjögurra til nítján ára sem fengu drómasýki á síðasta ári höfðu öll verið bólusett með bóluefninu Pandemrix sem gefið er við svínaflensu.**

**Að sögn Markku Partinen, prófessors við Háskólann í Helsinki, fá vanalega um þrjú börn drómasýki í Finnlandi ár hvert þannig að fjölgun tilfella vakti mikla athygli. Hann segir þó ekki hægt að fullyrða að bólusetningin sé orsakavaldur sýkinnar. Rannsaka þurfi málið betur. Þess má geta að bóluefnið er notað hér á landi og landlæknisembættið hvatti fólk til að láta bólusetja sig í vetur. Partinen leggur þó áherslu á að áhættan sé lítil.**

**Partinen tekur nú þátt í norrænni svefnráðstefnu hérlendis. Þar hefur meðal annars verið fjallað um afleiðingar svefnleysis.** - sbt / sjá síðu 32



MARKKU PARTINEN

# Lagst gegn flutningi hreindýra á Vestfirði

**Sauðfjárræktendur eru andsnúnir hugmyndum um flutning hreindýra til Vestfjarða af ótta við sjúkdóma sem borist geti í heilbrigðasta stofn íslensks sauðfjár. Misskilningur segir Sigmar B. Hauksson. Miklar tekjur séu í húfi.**

**UMHVERFISMÁL** Hugmyndir um að flytja hreindýr til Vestfjarða til að styrkja atvinnulífið mæta harðri mótspyrnu sauðfjárræktenda og sérfræðings hjá Matvælastofnun.

„Vitað er að hreindýr geta tekið ýmsa sauðfjársjúkdóma, má þar nefna garnaveiki, en einnig er líklegt að að hreindýr geti borið riðu ásamt ýmsum öðrum smitsjúkdómum. Með tilliti til þess hve rásgjörn og víðförul hreindýr eru ásamt því að girðingar, þar með taldar sauðfjárveikivarnarlínur, halda þeim ekki er ljóst að hætta er á að óbætanlegt tjón gæti hlotist af flutningi þessara dýra á Vestfirði," segir í umsögn sauðfjárveikivarnarnefndar Strandabyggðar til sveitarstjórna á Vestfjörðum.

Í umsögn Þorsteins Ólafssonar, sérgreinalæknis hjá Matvælastofnun, er minnt á að heilbrigðasti sauðfjárstofn landsins sé á austanverðum Vestfjörðum. „Það eru því ekki aðeins hagsmunir bænda á því svæði í húfi að ekki berist þangað óæskilegir sjúkdómar, það skiptir alla sauðfjárrækt á Íslandi gríðarlega miklu máli," segir Þorsteinn.

Þá er nefnd slysahætta og eyðilegging vegna ágangs hreindýra. Þorsteinn segir hreindýr ekki virða venjulegar girðingar. „Það er líklegt að þau myndu leita suður í Dali, alla vega á vissum árstímum, og jafnvel niður í Borgarfjörð," segir Þorsteinn, sem kveður slíkt flakk myndu ganga „gjörsamlega gegn öllum hagsmunum" vegna varnarlína við sauðfjárveiki.

Búnaðarsamband Vestfjarða hefur einnig lýst andstöðu við flutning hreindýra inn á svæðið.



**HREINDÝR** Hugmyndir um að hreindýr verði flutt til Vestfjarða mæta andstöðu meðal sauðfjárræktenda og sérfræðings hjá Matvælastofnun.

Sigmar B. Hauksson, fyrrverandi formaður Skotvís, segir andstöðuna byggða á misskilningi.

„Íslenski hreindýrastofninn er einn sá heilbrigðasti í heimi. Það hefur aldrei fundist hreindýr sýkt af riðu eða garnaveiki svo sannað sé á Íslandi. Hreindýr eru í nánu samband við sauðfé á Austurlandi og ekki er það vandamál," segir Sigmar.

Þá bendir Sigmar á að ferðamála- og umhverfisnefnd Reykhólahrepps ætli að láta kanna hvort hreindýr geti lifað á Vestfjörðum. Atvinnu- og ferðamálanefnd Vesturbyggðar skoði einnig málið.

„Framsýnir menn fyrir vestan vilja einfaldlega rannsaka hvort þetta sé gerlegt. Vægi sauðfjárræktar hefur minnkað mjög mikið á Vestfjörðum og þar vantar sárlega atvinnutækifæri. Hjörð hreindýra gæti lengt ferðaþjónustutímabilið um tvo mánuði og það skilað minnst 500 milljóna króna tekjum. Menn eiga að skoða málin til hlítar áður en ákvörðun er tekin," segir Sigmar B. Hauksson. gar@frettabladid.is



**SIGMAR B. HAUKSSON** Einn helsti hvatamaður að flutningi hreindýrahjarðar til Vestfjarða er Sigmar B. Hauksson, fyrrverandi formaður Skotvís. „Þetta er einfaldlega kalt mat," segir Sigmar um það hvernig nálgast eigi ákvörðun í málinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Líbíumenn ekki æskilegir:

## Frakkar reka fjórtán úr landi

**LÍBÍA, AP** Frakkar ráku í gær fjórtán líbíska stjórnarerindreka úr landi. Allir eru þeir sagðir hliðhollir Múammar Gaddafí Líbíuleiðtoga, sem nú á í hörðum átökum við uppreisnarmenn sem krefjast stjórnarumbóta.

Frakkar viðurkenna uppreisnarhreyfinguna sem réttmæt stjórnvöld og hafa verið í forystu loftárása NATO á Líbíu.

Í gær lagði stjórnarandstaðan í Líbíu síðan fram hugmyndir sínar um framhaldið, færi svo að henni tækist að steypa Gaddafí af stóli. Stjórnarandstaðan hyggst stofna bráðabirgðastjórn sem færi með völd þangað til efnt hefur verið til kosninga og ný stjórnarskrá skrifuð. - gb



**JAPANSKIR RÁÐHERRAR** Naoto Kan forsætisráðherra og Banri Kaieda efnahagsráðherra hneigja sig djúpt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brugðist við jarðskjálftahættu:

## Kjarnorkuveri lokað í Japan

**JAPAN, AP Japanir hafa ákveðið að hætta vinnslu í öllum þremur kjarnaofnum kjarnorkuversins í Hamaoka vegna staðsetningar þess og hættu á jarðskjálftum og flóðum.**

**„Ef slys verður í Hamaoka getur það haft alvarlegar afleiðingar," sagði Naoto Kan, forsætisráðherra Japans.**

**Hamaoka er nálægt höfuðborginni Tókýó, mun sunnar en kjarnorkuverið í Fukushima sem ekki verður starfrækt áfram eftir skemmdir sem urðu af völdum jarðskjálftans og stórflóðs 11. mars.** - gb

Úrskurðaður í gæsluvarðhald:

## Grunaður um kynferðisbrot

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um fertugt hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 3. júní vegna gruns um að hann hafi beitt fjórtán ára pilt kynferðisofbeldi árum saman. Frá þessu var greint í fréttum RÚV í gærkvöld.

Í frétt RÚV sagði jafnframt að grundvöllur úrskurðarins væri sá að maðurinn væri hættulegur umhverfi sínu. Maðurinn og drengurinn munu tengdir fjölskylduböndum.

Maðurinn hefur komið við sögu lögreglu og verið dæmdur fyrir vörslu á barnaklámi. - jab


Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art2b Erum á móti IKEA

Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 33 22 00 - www.art2b.is


Góðar undirtektir við söfnun Hjálparstarfsins:

## 6,5 milljónir í söfnun

**HJÁLPARSTARF** Alls hafa 6,5 milljónir króna verið greiddar til Hjálparstarfs kirkjunnar með valgreiðsluseðlum í heimabanka frá því að átakið um breytingar á innlendri mataraðstoð hófst fyrir um viku. Breytingunum er beint gegn biðröðunum sem tíðkast hafa við matarúthlutanir.

„Söfnunin hefur gengið mjög vel á þessari einu viku. Það má kannski gera ráð fyrir að þetta gangi best fyrst eftir mánaðamót en við sendum út 120 þúsund kröfur og það hefur að vísu enn ekki komið inn stórt hlutfall af þeim," segir Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins, um verkefnið, sem mun standa í sjö mánuði til að byrja með.



JÓNAS ÞÓRIR ÞÓRISSON

Breytingarnar á mataraðstoðinni eru fólgnar í því að skjólstæðingar Hjálparstarfsins sem eru með börn á framfæri fá í hendur inneignarkort í verslunum sem selja helstu nauðþurftir. Inneignarkortin, sem geyma fasta og fyrir fram ákveðna upphæð, koma í stað matarpoka sem Hjálparstarfið hefur hingað til afhent.

„Einstaklingar sem ekki treysta sér til þess að standa í biðröðum einhverra hluta vegna hafa hringt til okkar og spurt um möguleika á inneignarkorti og við munum taka slíkar beiðnir til athugunar eins og allar aðrar beiðnir," segir Jónas Þórir. - ibs

Kvótakerfið enn í biðstöðu:

## Greinir á um gjaldtökuna

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórninni tókst ekki að afgreiða frumvörp til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu í gær eins og til stóð.

Ágreiningur á milli stjórnarflokkana um það hversu langt eigi að ganga hefur tafið málið svo mánuðum skiptir. Þá er ekki sátt um það hvernig hafa eigi gjaldtöku af kvótaleigu.

Deilan snýst meðal annars um svokallaðan leigupott sem á tryggja að kvótalausar útgerðir geti leigt kvóta beint af ríkinu. Samhliða því á að opna fyrir nýliðun í greininni. - jab



Kringlan
TÍSKU
DAGAR
ÞESSA HELGI
GLÆNÝJAR VOR- OG SUMARVÖRUR!
Dagskráin laugardag:
14 - 18 Ertu trendí? Komdu í myndatöku í Kringlusettið, flottasta lúkkið vinnur 100.000 kr. gjafakort!
14 - 16 Módelleit með Elite, Nude og Makeup Store
14 - 16 Kaffi frá Kaffitári og konfekt
14 - 18 DJ spilar
15.00 Herra- og unglinga-tískusýningar
16.00 Magni syngur
16.30 Jón Jónsson tekur lagið
Skráðu þig á póstlistann okkar og fylgstu með spennandi viðburðum í Kringlunni!
facebook.com/kringlan.is
Dagskráin sunnudag:
14 - 18 Ertu trendí? Komdu í myndatöku í Kringlusettið, flottasta lúkkið vinnur 100.000 kr. gjafakort!
14 - 16 Módelleit með Elite, Nude og Makeup Store
14 - 16 Kaffi frá Kaffitári og konfekt
14 - 18 DJ spilar
15.00 Solla Stirða skemmtir
16.00 Pascal Pinon spilar
www.kringlan.is
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 06.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,71 | 113,25 |
| Sterlingspund | 184,98 | 185,88 |
| Evra | 163,72 | 164,64 |
| Dönsk króna | 21,952 | 22,080 |
| Norsk króna | 20,584 | 20,706 |
| Sænsk króna | 18,155 | 18,261 |
| Japanskt jen | 1,4032 | 1,4114 |
| SDR | 181,09 | 182,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,999

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rædd hefur verið hugmynd um sérstakan húsbílagarð í Reykjavík:

# Stundum fullt í Laugardalnum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Hugmynd um sérstakan húsbílagarð í Reykjavík hefur verið rædd innan kerfisins en ekki hefur verið unnið neitt frekar með hana, að sögn Hrólfs Jónssonar, sviðstjóra framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar.

„Svona framkvæmd skapar ekki bara störf á meðan á henni stendur, heldur gæti hún hugsanlega skapað tvö til þrjú störf til framtíðar,“ segir Hrólfur.

Á tjaldstæðinu í Laugardal geta 48 húsbílar fengið rafmagn samtímis, að því er Markús Einarsson, framkvæmdastjóri Farfugla, greinir frá. „Það koma dagar þegar allt er fullt en við getum gert ráð fyrir að við sinnum þessu vel 80 prósent af dögunum.“



**VINSÆLL FERÐAMÁTI** Ferðalöngum á húsbílum fjölgar stöðugt.

Flestir húsbílagestanna eru útlendingar eða 80 til 90 prósent. „Íslendingar hafa farið á Vífilsstaðatúnið. Það er rólegra þar.“

Aðstöðunni til losunar úrgangs á tjaldstæðinu í Laugardal var lokað þegar borgin kom upp slíkri aðstöðu í Sundahöfn. „Það var orðið töluvert um að Íslendingar kæmu í helgarlok og vildu fá að losa sig við úrganginn hjá okkur áður en borgin kom upp aðstöðunni í Sundahöfn.“ - ibs

Gistinóttum fjölgar lítillega:

# Heldur færri erlendir gestir

**EFNAHAGSMÁL** Gistinóttum á hótelum í mars síðastliðnum fjölgaði um 1,5 prósent samanborið við mars í fyrra, samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands. Gistinóttum Íslendinga fjölgar milli ára en heldur færri erlendir ferðamenn gistu hér á landi í mars.

Alls voru gistinætur í mars 96.900 talsins, sem þýðir að hverja nótt mánaðarins gistu að meðaltali 3.126 á hótelum landsins. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum nema á Suðurlandi og Norðurlandi. - bj

Fjallar um tæki fyrir fatlaða:

# Tækninýjungar sem nýtast vel

**TÆKNI** Margar tækninýjungar síðustu ára og áratuga komu fyrst fram sem hugmyndir til að bæta líf fatlaðra. Þetta segir Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóri hjá Össuri hf, sem heldur fyrirlestur í Háskóla Íslands í dag.

Hilmar fjallar um rannsóknir Össurar á hreyfingu og hreyfihömlun og hvernig þær auka skilning á tilgangi og mikilvægi hreyfingar. Hann segir rannsóknir Össurar, sem er annar stærsti stoðtækjaframleiðandi í heimi, hafi sett fyrirtækið í fremstu röð.

„Á sjóndeildarhringnum í rannsóknum og þróun fyrir fatlaða eru tæki og tækni sem eiga eftir að nýtast við þróun á almennum tæknivörum.“

Fyrirlesturinn er hluti af röð hátíðarfyrirlestra háskólarektors í tilefni af aldarafmæli skólans. Hann hefst klukkan 14 í hátíðarsal Háskólans og er öllum opinn. - bj

## ÁRÉTTING

Vegna fréttar í blaðinu í gær um frestun framlaga Reykjavíkurborgar til íþróttamannvirkja vill Haukur Haraldsson, framkvæmdastjóri ÍR, undirstrika að ákveða á fyrir 1. febrúar 2014 hvað verður um áður ákveðið tveggja milljarða framlag til félagsins.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær birtist frétt um sýningu nemenda í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Fram kom að um útskriftarnema væri að ræða en það er rangt; nemendurnir hyggjast útskrifast á næsta ári.

Ranghermt var í Fréttablaðinu á fimmtudag að dr. Daniel Levin væri stjórnarformaður Íslandsbanka. Hið rétta er að hann er nýr stjórnarmaður. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Telja djarft teflt í nýjum samningum

**Launahækkanir sem ASÍ og SA sömdu um í fyrradag þykja háar. Líklegt þykir að þær fari út í verðlag og éti verðbólga upp þá kaupmáttaraukningu sem í þeim á að felast. „Þetta er miður,“ segir aðalhagfræðingur Seðlabankans.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif geta kjarasamningar ASÍ og Samtaka iðnaðarins haft á íslenskt efnahagslíf?

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambands Íslands (ASÍ), undirrituðu á fimmtudag kjarasamninga eftir eina hörðustu samningalotu seinni ára. Samningarnir hljóða upp á 11,0 prósenta launahækkun á þremur árum auk 75 þúsund króna sem verða greiddar út í þrennu lagi. Nokkrir fyrirvarar eru gerðir við samninginn sem þurfa að ganga eftir.

Álitsgjafar um íslenska efnahagsþróun segja samningana tefla endurreisn efnahagslífsins í tvísýnu. Í fyrsta lagi sé óvíst hvort hluti atvinnulífsins sem ekki hafi tekjur sínar af útflutningi geti borið þær byrðar sem kjarasamningarnir fela í sér næstu ár. Þá kunni væntanlegar launahækkanir að auka verðbólgu næstu misserin. Þessi þróun muni éta upp þá kaupmáttaraukningu sem kjarasamningarnir eigi að fela í sér.

„Mér finnst vel í lagt og óttast að afleiðingin geti orðið sú að innlendi geirinn velti áhrifunum út í verðlag, segi upp fólki, minnki vinnutíma starfsfólks eða hægi á ráðningum,“ segir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans. Hann bætir við að þetta sé að gerast fyrr en búist var við miðað við hvað vinnumarkaðurinn sé enn veikur.

Þórarinn segir að hlutverk seðlabanka við þessar aðstæður sé að koma í veg fyrir víxlverkun launa og verðlags. Þetta gæti því þýtt aðhaldssamari peningastefna og hærra vaxtastig en ella hefði verið. Miðað við núverandi atvinnuleysi væri æskilegra að geta lækkað stýrivexti meira. „Mér finnst þetta miður,“ bætir Þórarinn við.

Í svipaðan streng tekur Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður Greiningardeilar Arion banka.

„Ég held að samningarnir muni auka verðbólgu næstu misserin og halda atvinnuleysi hærra uppi en ella,“ segir hún og bætir við að djarft sé teflt; efnahagsbatinn sé veikur og þurfi lítið til að ýta honum út af sporinu.

jonab@frettabladid.is



### Kaupmáttur var allt of mikill fyrir hrun

Kaupmáttur launa jókst um 50 prósent á þeim tólf árum sem Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn, um 3,5 prósent á ári. Það hefði átt að vera sterk vísbending um að eitthvað yrði að gefa eftir þar sem kaupmáttaraukning umfram eitt til 1,5 prósent á ári er ekki raunhæf til lengdar. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði vikuritsins Vísbendingar. Þar segir að þrátt fyrir hrunið hafi árleg kaupmáttaraukning frá 1995 numið nærri 1,8 prósentum, sem sé enn of mikið.

Þá segir enn fremur að áætla megi að kjarasamningarnir og aðgerðir þeim tengdar muni kosta ríkissjóð um sextíu milljarða króna á samningstímanum. Það rími illa við áætlun um hallalaus fjárlög árið 2013. „Hér virðist farin gríska leiðin um að láta hverju ári nægja sína þjáningu,“ segir í Vísbendingu og er hnýtt við að lærdómurinn af hruninu sé ekki meiri en þetta.

ESB beitir sér gegn Sýrlandi:

# Þrjátíu myrtir í mótmælum

**BEIRÚT, AP** Öryggissveitir skutu til bana þrjátíu mótmælendur í nokkrum borgum og bæjum í Sýrlandi í gær. Fólkið krafðist afsagnar Bashars Assad forseta og víðtækra umbóta á stjórnarháttum landsins.



**BASHAR ASSAD**

Mótmæli gegn stjórnvöldum hafa staðið yfir víða um land frá lokum síðasta árs. Harka stjórnarhersins gegn þeim hefur færst mjög í aukana þrátt fyrir andstöðu alþjóðasamfélagsins.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) samþykkti í gær að beita þvingunum gegn Sýrlandi til að draga úr ofbeldinu. Aðgerðirnar fela í sér að þrettán ráðherrum er meinað að ferðast til ESB-ríkjanna. - jab

Ungir Danir skoða söguna:

# 600 prósentum fleiri lesendur

**DANMÖRK Dönsk ungmenni hafa fengið gríðarlegan áhuga á sagnfræði. Lesendum tímaritsins Historie og vefsíðu þess, www.historienet.dk, fjölgaði um 600 prósent í fyrra.**

**Í hverjum mánuði heimsækja 130 þúsund gestir síðuna og er fjórði hver þeirra á aldrinum 15 til 25 ára.**

**Svipuð þróun hefur átt sér stað hjá keppinautnum, tímaritinu Alt om Historie. Ritstjóri þess, Thomas Oldrup, telur helstu ástæðuna vera þá að ný kynslóð sagnfræðinga miðli fræðunum á hátt sem nær betur til unga fólksins.** - ibs




**Námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum**

**Allar nánari upplýsingar eru á ust.is og hreindyr.is**

**Umsóknafrestur er til og með 16. maí**

UMHVERFISSTOFNUN

**Umhverfisstofnun auglýsir fyrirhugað námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum.**

Námskeiðið verður haldið á Egilsstöðum 9-12. júní og námskeiðsgjaldið er 160.000 kr.

Eingöngu verður tekið við umsóknum í gegnum umsóknarkerfi á hreindyr.is en opnað verður fyrir skráningu kl.12 mánudaginn 9. maí. Umsóknir sem berast á annan máta verða ekki teknar gildar.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**VÆTA EYSTRA** Það þykknar heldur upp austan til á landinu í dag og má jafnvel búast við væta norðaustanlands í kvöld. Skýjað norðan og austan til og kólnar á morgun en horfur á bjartviðri um sunnan og suðvestanvert landið og allt að 17 stiga hita.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 22° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 22° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 17° |
| París | 25° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



# 15%

## afsláttur

ALLAR VÖRUR
Í BLÓMAVALI
**AÐEINS UM HELGINA**

Gildir ekki af
öðrum tilboðum

# MÆÐRADAGUR

er á morgun 8. maí



MUNIÐ
mæðradaginn
sunnudaginn
8.maí

Mæðradags-
vöndur
2.590 kr

Opið
í Blómavali
á morgun
mæðradag
um land allt!

Garðplöntusalan
er hafin!



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**KJÖRKASSINN**



*Líst þér vel á nýju kjarasamningana?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,2% |
| Nei | 57,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á LÍÚ að fá að koma að lagasetningu um framtíðarskipulag fiskveiðistjórnunarkerfisins?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Rannsóknarnefnd kirkjunnar hefur lokið skýrslutökum vegna biskupsmálsins og verður rannsókn brátt lokið:

# Meintir þöggunarmenn fengu send bréf

**ÞJÓÐKIRKJAN** Rannsóknarnefnd þjóðkirkjunnar hefur sent út andmælabréf til þeirra sem nefndin telur að hafi gerst sekir um þöggun, vanrækslu eða mistök í starfi þegar konur leituðu aðstoðar kirkjunnar vegna Ólafs Skúlasonar, fyrrverandi biskups. Bréfin voru send út laust fyrir síðustu mánaðamót og hafa þeir sem þau fengu um tvær vikur til þess að svara þeim.

Róbert R. Spanó, formaður nefndarinnar, segir fáein svör hafa borist nefndinni. Áfram verði unnið að skýrslugerð þegar öll svörin hafa borist og stefnir nefndin að því að ljúka störfum fyrir miðjan júní.

Róbert vill þó ekki gefa upp hverjir það voru sem fengu bréfin send, eða hversu mörg þau voru.

„Við höfum sent út andmælabréf í fleirtölu, en ég tel ekki ástæðu til þess að upplýsa hversu mörg þau voru,“ segir hann.

Hátt í fimmtíu manns hafa fengið boð í skýrslutöku á meðan nefndin hefur verið að störfum.

Fréttablaðið ræddi við Hjálmar Jónsson, sóknarprest í Dómkirkjunni, Flóka Kristinsson, sóknarprest á Hvanneyri, og Vigfús Þór Árnason, sóknarprest í Grafarvogskirkju, en þeir áttu allir samskipti við konurnar sem Ólafur braut gegn á sínum tíma.



**KIRKJUNNAR ÞJÓNAR** Þeir starfsmenn kirkjunnar sem taldir eru hafa gerst sekir um þöggun eða vanrækslu í starfi í máli Ólafs Skúlasonar hafa fengið send andmælabréf.

Allir höfðu þeir verið boðaðir í skýrslutöku til nefndarinnar vegna málsins. Flóki og Vigfús fullyrtu að þeir hefðu ekki fengið andmælabréf send, en Hjálmar vildi ekki tjá sig um málið.

„Ég hef hitt nefndina og farið yfir málið með henni, en vil ekki tjá mig frekar fyrr en hún hefur lokið sínum störfum,“ segir Hjálmar.

Hvorki náðist í Pálma Matthíasson, sóknarprest í Bústaðakirkju, né Karl Sigurbjörnsson biskup í gær. **- sv**

**Hef flutt læknastofu mína úr húsi Lífssteins yfir í Domus Medica.**



Tímapantanir í síma 563 1046 og 563 1060.

Ágúst Birgisson lýtalæknir.

www.ablaeknir.is

# Obama þakklátur sérsveitarmönnum

**Obama þakkaði í gær sérsveitarmönnum fyrir að hafa ráðið Osama bin Laden af dögum. Ein eiginkvenna bin Ladens segist ekki hafa komið niður á neðri hæð hússins í fimm ár. Spenna milli Pakistana og Bandaríkjamanna vex.**

**PAKISTAN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hitti í gær sérsveitarmennina sem tóku hryðjuverkaleiðtogann Osama bin Laden af lífi í Pakistan í byrjun vikunnar.

Obama þakkaði þeim vel unnið verk, en daginn áður hafði hann hitt aðstandendur margra þeirra sem létu lífið í árásum hryðjuverkamanna á New York 11. september 2001.

Í gær birtist á netinu staðfesting frá Al Kaída samtökunum á dauða bin Ladens. Í yfirlýsingu samtakanna hóta þau hefndum og segja að hamingja Bandaríkjamanna muni breytast í harm. Þetta er fyrsta yfirlýsing þeirra frá því Osama bin Laden var ráðinn af dögum. Ekki var þó hægt að staðfesta að yfirlýsingin kæmi í raun frá liðsmönnum Al Kaída.

Amal Ahmed Abdulfattah, ein þriggja eiginkvenna bin Ladens, segist hafa dvalist á efri hæðinni í þessu húsi samfleytt í fimm ár og aldrei farið niður á neðri hæðina allan þennan tíma, hvað þá út úr húsinu.

Þetta sagði hún við pakistanska leyniþjónustumenn, sem tóku hana í vörslu sína ásamt tveimur öðrum eiginkonum bin Ladens. Átta eða níu börn, sem fundust í húsinu eftir að Bandaríkjamenn höfðu lokið sér af, voru einnig tekin í vörslu pakistanskra yfirvalda ásamt fleira fólki sem Bandaríkjamenn létu eiga sig.

Vonast er til þess að frásagnir þeirra gefi skýra mynd af því, hvað bin Laden hefur haft fyrir stafni síðustu ár.

Gögn hafa fundist í húsinu, þar sem bin Laden leyndist í sex ár, sem sýna að hann hafði í undirbúningi enn frekari árásir á Bandaríkin.



**HEITTRÚAÐIR MÓTMÆLA** Liðsmenn Jamaat e Islami, rótgróins stjórnmálaflokks strangtrúaðra múslima í Pakistan, hafa ákaft mótmælt árás Bandaríkjamanna á Osama bin Laden. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríska leyniþjónustan hefur ekki fengið að ræða við fólkið. Spenna milli Bandaríkjanna og Pakistans hefur vaxið eftir árásina á bin Laden.

Bandarísk stjórnvöld telja ólíklegt að hann gæti hafa verið í felum í borginni Abottabad, skammt frá virtasta herskóla landsins, án vitundar afla innan pakistanska hersins. Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti Pakistans, viðurkenndi í gær að það væri mikið klúður af hálfu pakistanska hersins að hafa ekki þefað bin Laden uppi rétt við bæjardyrnar hjá sér.

Pakistönsk stjórnvöld hafa fyrir sitt leyti hótað því að draga mjög úr hernaðarsamstarfi við Bandaríkjamenn geri þeir fleiri árásir innan landamæra Pakistans.

Pakistanar þurftu þó ekki að bíða lengi, því í gær skutu Bandaríkjamenn flugskeytum úr ómannaðri árásarflaug á stað í Norður-Vasiristan, héraði í norðvestanverðum hluta landsins þar sem talibanar og aðrir herskáir múslimar eru á heimavelli. Árásin varð fimmtán manns að bana.

Árásir af þessu tagi voru algengar á síðasta ári, en hefur fækkað mjög á þessu ári vegna andstöðu pakistanskra hermálayfirvalda.

**gudsteinn@frettabladid.is**



# ÁRSFUNDUR 2011

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 19. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavik Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Fundarsetning
2. *Staða og framtíðarsýn í orkumálum,* erindi Harðar Arnarssonar, forstjóra Landsvirkjunar
3. Almenn ársfundarstörf
4. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 5. maí 2011
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **www.lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Norskur vítisengill dæmdur til fangavistar fyrir fíkniefnamisferli og rán:

# Dæmdur í Noregi, kærir á Íslandi

**NOREGUR** Leif Ivar Kristiansen, forsprakki Vítisengla í Noregi, var í gær dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli og rán. Hann stendur nú í skaðabótamáli við íslensk stjórnvöld vegna frávísunar úr landi í fyrra.

Á vef Verdens Gang kemur fram að Kristiansen var annars vegar sakfelldur fyrir aðild sína að stóru fíkniefnamáli þar sem tæp tíu kíló af hassi voru gerð upptæk og hins vegar rán. Sannað þótti að hann hefði með hótunum fengið háar fjárhæðir frá vitorðsmönnum sínum í fíkniefnamálinu. Hann sagðist myndu áfrýja dómnum.

Kristiansen rekur nú skaðabótamál gegn íslenska ríkinu eftir að hann var handtekinn við komuna til landsins í febrúar í fyrra og vísað úr landi eftir einnar nætur vist í fangaklefa.



**VÍTISENGILL DÆMDUR** Leif Ivar Kristiansen hefur verið dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi í heimalandi sínu en stendur í skaðabótamáli við íslenska ríkið.

Vinni hann það mál verður það ekki í fyrsta sinn sem ríkinu er gert að greiða vélhjólamönnum skaðabætur því að meðlimum MC Iceland vélhjólaklúbbsins voru dæmdar skaðabætur að upphæð 700.000 krónum vegna ólögmætrar handtöku.

MC Iceland fékk inngöngu í Hells Angels fyrr á þessu ári, en meðlimir klúbbsins segjast ekki tengjast glæpastarfsemi. **- þj**




„Að geta ferðast til framandi landa til að upplifa eitthvað alveg nýtt.“



## Ný íbúðalán

# Hvað **skiptir** þig máli?

Það skiptir máli að geta fengið íbúðalán á góðum kjörum. Þess vegna bjóðum við hjá Arion banka viðskiptavinum okkar ný íbúðalán.

Um er að ræða verðtryggð íbúðalán með föstum 4,3% vöxtum í 25 eða 40 ár.

**Komdu við í næsta útibúi eða reiknaðu þitt dæmi á arionbanki.is.**



„Að bankinn minn vinni með mér að markmiðum mínum.“



„Að heimilið mitt endurspegli það hver ég er.“

## „Það **skiptir** máli að hafa aðgang að íbúðalánum á **hagstæðum** kjörum.“

Sigríður Dögg Arnardóttir
28 ára








# 4,3%

„Að geta boðið vinum mínum í eftirminnileg matarboð.“



Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is**
eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 54327 05/11

## VEISTU SVARIÐ?



*1 Hvað áttu framkvæmdir að kosta sem borgin var búin að lofa íþróttafélögum en hefur nú verið frestað?*

*2 Hve mikið af drykkjarumbúðum skilar sér í endurvinnslu í hverjum mánuði?*

*3 Hvað knýr nýjan Volvostrætó sem Strætó bs. er með til prufu næstu vikur?*

**SVÖR**

*1. Níu þúsund þrjú hundruð og níutíu milljónir króna. 2. Tíu milljón flöskur og dósir. 3. Tvinnvél, dísil og rafmagn.*

Stjórnvöld í Norður-Kóreu óttast að almenningur reyni að koma þeim frá:

# Herða eftirlit með farsímum

**TÆKNI** Lögregla í Norður-Kóreu hefur upp á síðkastið gert upptæka farsíma af landsmönnum sem grunur leikur á að hafi verið smyglað inn í landið frá Kína.

Flóttamenn frá Norður-Kóreu segja yfirvöld óttast að fólk noti farsímana til að hópa fólki saman í þeim tilgangi að koma stjórnvöldum frá með svipuðum hætti og í Egyptalandi og Líbíu. Af sömu ástæðu eru farsíma teknir af erlendum ferðamönnum við komuna í landið.

Farsímanotkun í Norður-Kóreu hefur aukist mikið upp á síðkastið. Í fyrra voru skráðir farsímar 450 þúsund talsins, sem er tvöföldun á milli ára, samkvæmt upplýsingum netmiðilsins Mobiledia. Farsímakerfi landsins er sömuleiðis mjög hamlandi; stjórnvöld safna upplýsingum um notkunina og fylgjast grannt með millilandasímatölum.

Erlendir fjölmiðlar hafa um nokkurt skeið greint frá því að íbúar í Norður-Kóreu hafi brugðist við hindrunum stjórnvalda með því að fara til bæja sem liggja við landamæri Rússlands og Kína. Þaðan geti þeir tengst erlendum farsímakerfum og haft samband við ættingja og vini sem flúið hafi land. Mobiledia bendir á að þeir sem bregði á það ráð takmarki farsímanotkun sína við fimm mínútur í hvert sinn. Eftir það geti stjórnvöld rekið símtölin. **- jab**



**STÚLKUR SKOÐA SÍMANA** Farsímanotkun í Norður-Kóreu eru háð miklum takmörkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Deilt á lyfjagjöf Dana:

# Yngri en 4 ára fá þunglyndislyf

**DANMÖRK** Árið 2009 fengu 16 börn undir fjögurra ára aldri í Danmörku lyfseðla upp á þunglyndislyf. Fjöldinn var svipaður árin þar á undan. Þessar tölur koma frá Lyfjastofnun Danmerkur sem safnar upplýsingum um lyfsölu.

Í viðtali við danska blaðið BT kveðst Torsten Schumann, yfirlæknir á geðdeild fyrir börn og unglinga á Augustenborg-sjúkrahúsinu, ekki geta ímyndað sér að fólk með fullu viti meðhöndli börn undir sjö ára aldri með þunglyndislyfjum. **- ibs**








**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Ný stjórn Eirar kaus Vilhjálm einróma áfram sem stjórnarformann en hann stígur til hliðar úr því embætti á meðan hann gegnir starfi framkvæmdastjóra hjúkrunarheimilisins fram á haust. Hér ræðir Vilhjálmur við Emil Theodór Guðjónsson og Birnu Kristínu Svavarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðinn forstjóri Eirar fram á haust án auglýsingar:

# Hef aldrei fengið né sóst eftir ofurlaunum

**FÓLK** „Það var leitað til mín. Ég var ekki að sækjast eftir starfi nema síður sé,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, sem ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilanna Eirar og Skjóls fram á haust.

Eir og Skjól eru sjálfseignarstofnanir sem starfa samkvæmt lögum og þiggja daggjöld frá ríkinu. Stofnununum er stýrt af stjórnum sem kosnar eru af fulltrúaráðum, Í þau skipa ýmis bæjarfélög og félagasamtök. Vilhjálmur, sem verið hefur stjórnarformaður Eirar í áratug, segir að fyrrverandi forstjóri hafi verið að hætta en á sama tíma var nýtt fulltrúaráð skipað og ný stjórn kosin.

„Það var leitað til mín á þessum tímamótum og ég beðinn um að gera þetta tímabundið,“ segir Vilhjálmur sem hafnar því alfarið að nokkuð sé óeðlilegt við það að hann hafi verið ráðinn tímabundið án auglýsingar. Slíkt tíðkist víða, til dæmis hjá Reykjavíkurborg og ríkinu, og jafnvel til lengri tíma.

Fram kom í Fréttatímanum í gær að forveri Vilhjálms, Sigurður Helgi Guðmundsson, hafi haft samtals 1.440 þúsund krónur á mánuði að bílastyrk meðtöldum. Vilhjálmur segir að launakjör hans muni taka mið af efnahagsástandinu. Hann verði á eigin bíl og launin lækki um nokkur hundruð þúsund krónur – eins og hann sjálfur hafi lagt til fyrir allnokkru þegar nefnt var að hann myndi taka starfið að sér.

„Ég hef aldrei verið á ofurlaunum og aldrei sóst eftir því,“ segir Vilhjálmur, sem kveður framkvæmdastjórastarfið verða auglýst fljótlega og að hann muni ekki sækja um. „Það er ekki verið að búa í haginn fyrir mig með þessari tímabundnu ráðningu.“ **- gar**


Fíton/SÍA

Félagsfundur VR

um nýgerðan kjarasamning VR og SA verður haldinn mánudaginn 9. maí nk. kl. 19:30 á Hilton Nordica hótel.

Við hvetjum félagsmenn til að mæta.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR






MENNTAVÍSINDASVIÐ

Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun

Menntavísindasvið Háskóla Íslands auglýsir starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun sem hefst haustið 2011 og dreifist á tvö skólaár.

Markmið námsins er annars vegar að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku og hins vegar að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa á fjölbreyttum starfsvettvangi þroskaþjálfa, s.s. í skólum, leikskólum, félagsmiðstöðvum og á þeim vettvangi sem fatlað fólk sækir þjónustu.

Inntökuskilyrði eru fjögurra ára nám á starfsbrautum framhaldsskóla eða sambærileg menntun og starfsreynsla.

Umsóknareyðblöð og nánari upplýsingar á **www.mennta.hi.is**

Skrásetningargjald við Háskóla Íslands fyrir skólaárið 2011–2012 er 45.000 kr.

**Umsóknarfrestur er til 5. júní**

**Nánari upplýsingar veita:**
Ágústa Björnsdóttir agusbjo@hi.is, s: 525 5594 / 698 7901
og Kristín Björnsdóttir krb4@hi.is, s: 525 5463

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ
1911–2011

# RISA TAX FREE DAGAR

# ALVÖRU KJARABÓT!

Mesta vöruúrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag

## ALLT Í EINNI FERÐ...

SNYRTIVÖRUR...FATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
BÚSÁHÖLD...GARN...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
KERTI...SERVÍETTUR

## ...ÁN VIRÐISAUKASKATTS

DAGANA 5. - 9. MAÍ

*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*



*Búsáhöld fyrir heimilið!*

*Leikföng fyrir káta krakka!*

# TAX FREE DAGAR

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006

Tilboðin gilda út mánudaginn 9. maí 2011.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Smáskór.is bjóða í sumargleði
dagana 6-8. Maí!

Við verðum á Eiðistorgi í gömlu Blómastofunni aðeins þessa helgi og af því tilefni munum við einnig bjóða upp á fatnað, sængurföt og fleira tengdum Múmínálfum, Línu Langsokk, Mínu Mús og fleiri merkjum.
Komdu, skoðaðu og mátaðu okkar dásamlegu skó ,sokka, sundföt og allt hitt.

Opið: Föstudag 17-20, laugardag og sunnudag 10-18

www.smaskor.is
smá skór

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir



**DROPINN LÆKKAR** Eldsneytisverð hefur lækkað að undanförnu í samræmi við olíuverð á heimsmarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Almennar lækkanir eftir sviptingar á heimsmarkaði:

# Óvissa um frekari lækkun bensínverðs

**NEYTENDUR** Verð á eldsneyti lækkaði um þrjár krónur á flestum útsölustöðum í gær og fyrradag, en þessar lækkanir eru í samræmi við sviptingar á heimsmarkaðsverði síðustu daga.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkaði um tíu prósent á fimmtudag og verð á bensíni lækkaði um fjögur prósent. Lækkunin gekk lítillega til baka í gær, en óvissa er um framhaldið bæði hérlendis og erlendis.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir í samtali við Fréttablaðið að lækkunin á heimsmarkaði hafi verið nokkuð fyrirséð en þó kærkomin. „En ég reikna ekki með frekari lækkunum í byrjun næstu viku, nema ef vera skyldi af samkeppnisástæðum ef aðrir lækka sitt verð.“

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bíleigenda, tekur undir það að lækkunin hafi verið langþráð og þetta séu góðar fréttir fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

„Þetta eru ánægjulegri tíðindi en oft áður. Þetta voru hressileg viðbrögð og í anda þess sem að við höfum verið að sjá á heimsmarkaðsverði og vonandi heldur það áfram.“

Runólfur segir að erfitt sé að segja til um framhaldið, en þó séu þessar lækkanir úr takti við fyrri ár því að venjulega fari verð að hækka þegar líði að sumri og ferðalög aukist. - þj

MAÍ Eymundsson
BÓK MÁNAÐARINS

Sláttur í Eymundsson!

Bók mánaðarins er skáldsagan
Sláttur eftir Hildi Knútsdóttur

„Edda er tuttugu og fjögurra ára Reykvíkingur sem fór í hjartaskipti fyrir fimm árum. Hún er forvitin um fyrri eiganda hjartans og sannfærð um að ýmislegt hafi fylgt því.“




Mikael Lind, starfsmaður Eymundsson Austurstræti, mælir með bók mánaðarins.

ENNEMM / SÍA / NM46490

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

## Grillaðar SS pylsur í boði



Das Auto.

## Reynsluaktu Volkswagen í maí og þú gætir unnið flug til Evrópu fyrir tvo með Iceland Express





## Kynnum nýjan Volkswagen Passat EcoFuel

einn glæsilegasta metanbíl allra tíma.

Verð frá aðeins

**4.290.000 kr.**




## Blöðrur fyrir börnin. Veltibíllinn mætir kl. 14

## Skoðaðu Polo, Golf og alla fjölskylduna frá Volkswagen




# Fjölskyldudagur Volkswagen

Volkswagen Passat EcoFuel er kominn til landsins og við fögnum honum hjartanlega á Volkswagen fjölskyldudeginum í dag, laugardag. Komdu og taktu þátt í skemmtilegum viðburði og kynntu þér nýja metanbílinn, sem lækkar eldsneytiskostnaðinn um allt að helming, hagkvæman Polo, skemmtilegan Golf og fleiri frábæra bíla frá Volkswagen. **Sjáumst hress í Heklu í dag milli 12 og 16!**

Laugavegi 170–174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

Opið í dag frá kl. 12–16.

HEKLA

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Ýmis áhyggjuefni tengjast kjarasamningunum.

## Mörg spurningarmerki

Gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði er alla jafna fagnaðarefni. Nú hafa verið gerðir kjarasamningar til þriggja ára. Það eykur vissulega líkurnar á stöðugleika og friði á vinnumarkaðnum á þeim tíma og að íslenzkt atvinnulíf nái vopnum sínum og geti á nýjan leik farið að skapa atvinnu og hagvöxt.

Þó verður að setja býsna mörg spurningarmerki við ýmis atriði í kjarasamningunum og tengd þeim. Það fyrsta er launahækkanirnar sjálfar. Þær eru ríflegri en ráð var fyrir gert í upphafi. Fyrirtæki sem ekki njóta góðs af veiku gengi krónunnar í útflutningi geta mörg hver lent í vandræðum með að standa undir þessum hækkunum, til dæmis stór verzlunarfyrirtæki þar sem margir starfsmenn eru hlutfallslega lágt launaðir, en hinir tekjulægstu fá mestu hækkanirnar. Þessi fyrirtæki geta neyðzt til að hækka verð eða fækka fólki, nema hvort tveggja sé, og þá eru markmið samninganna um aukinn kaupmátt og atvinnusköpun farin fyrir lítið.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ýmsir fyrirvarar eru í samningunum, meðal annars um að ríkisstjórnin standi við þau fyrirheit sem hún hefur gefið í tengslum við samningana. Þar á meðal er að skapa sátt í sjávarútvegsmálum. Í því efni hræða sporin. Stjórnarflokkarnir ná ekki saman í málinu og sjávarútvegsráðherrann sýnist engan veginn valda því. Haldi vandræðagangurinn enn áfram næsta mánuðinn geta samningarnir verið í hættu.

Hin gríðarlegu ríkisútgjöld sem ríkisstjórnin hefur samþykkt til að greiða fyrir kjarasamningum eru sömuleiðis áhyggjuefni.

Hætta er á að dregið verði úr því stranga aðhaldi í ríkisfjármálunum sem er nauðsynlegt við núverandi aðstæður – og raunar um fyrirsjáanlega framtíð, ætli Ísland sér að komast út úr efnahagsþrengingunum.

Ríkisstjórnin getur ekki skattlagt sig frá þeim halla sem búinn er til með þessum nýju útgjöldum. Þótt klisjunum um að skattleggja hátekjufólkið yrði fylgt eftir myndi það aðeins skila broti af því sem á vantar í ríkissjóð. Skattahækkanir yrðu líka að ná til millitekjuhópa og myndu eyðileggja þar með kaupmáttaraukninguna, eða þá til atvinnulífsins og kippa undan því fótunum á ný. Þetta þýðir að ríkisstjórnin á í raun þann eina kost að ráðast í frekari niðurskurð á öðrum sviðum – og það hefur í för með sér erfiðar pólitískar ákvarðanir, sem ástæða er til að horfast í augu við fyrr en seinna.

Það er óskandi að hægt verði að komast framhjá hættunum við kjarasamningana og að þeir verði raunveruleg innspýting fyrir atvinnulífið. En til þess verða allir, ekki sízt stjórnmálamennirnir, að átta sig á ábyrgð sinni. Nú þarf harðan aga við hagstjórnina, þannig að hinn gamli vítahringur víxlhækkana launa og verðlags og dýrra félagsmálapakka endurtaki sig ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?**



Ebba Guðný Guðmundsóttir

Námskeið um hvernig á að útbúa einfaldan en næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Farið verður yfir hvaða fæðutegundum er gott að byrja á og hvenær. Einnig verður kennt að meðhöndla og búa til heilsusamlega rétti.

Námskeiðið nýtist einnig vel þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir og fróðleiksmolar fylgja með námskeiðinu og verða nokkrir réttir og "drykkir" útbúnir á staðnum.

**Námskeiðið kostar 4.200 kr.**

**Upplýsingar og skráning:** ebba@purebba.com eða í síma 775-4004

Yggdrasill

Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Sími: 562 4082

Yggdrasill verslun er staðsett við Hlemm
www.yggdrasill.is




### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Forystan í Evrópumálum



ÞORSTEINN PÁLSSON

Talsmenn Evrópuandstöðunnar endurtaka í sífellu þá ósannindi að aðildarumsóknin að ESB sé einkamál Samfylkingarinnar. Í síðustu þingkosningum voru þrír flokkar með aðild á stefnuskrá og þeir fengu meirihluta þingmanna. Minnihluti kjósenda Sjálfstæðisflokksins studdi einnig umsóknina. Að baki henni var því öflugur stuðningur meirihluta kjósenda.

Forysta Samfylkingarinnar vildi hins vegar ekki mynda ríkisstjórn með þeim sem höfðu aðild á dagskrá. Það bendir til að önnur mál hafi verið henni mikilvægari. Sú breyting hefur orðið síðan kosið var að Borgarahreyfingin gufaði upp og Framsóknarflokkurinn sneri við blaðinu.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að stuðningur er verulegur við aðildarumsóknina í kjósendahópi allra flokka. Sérstaða Samfylkingarinnar felst í því að þar virðist vera meiri samstaða um málið. Hún hefur fyrir þá sök náð forystu um framgang þess.

Kviklyndi Samfylkingarinnar hefur fram til þessa ekki náð til Evrópumálanna. Það gæti verið að breytast. Upplausnin í ríkisstjórninni og stefnubreyting Framsóknarflokksins hefur leitt til þess að talsmenn Evrópuandstöðunnar líta orðið svo á að þeir hafi nú þegar náð undirtökunum um framhald málsins.

Á miklu veltur hvernig stuðningsmenn aðildarumsóknar í öllum flokkum bregðast við nýjum aðstæðum. Án ábyrgrar leiðsagnar gæti andstæðingunum orðið að ósk sinni. Utanríkisráðherra hefur veitt aðildarviðræðunum örugga og ábyrga forystu og sýnt styrk í því hlutverki. Þær hafa gengið vel til þessa. Það breytir ekki hinu að ýmis veikleikamerki eru á forystuhlutverki Samfylkingarinnar.

## Veikleikamerkin

Fyrsta veikleikamerkið kom fram við stjórnarmyndunina. Þá taldi VG Samfylkingunni trú um að unnt væri að ljúka samningum án þess að báðir ríkisstjórnarflokkarnir tækju efnislega ábyrgð á niðurstöðunni. Þetta var blekking og því hefur alltaf legið fyrir að lokaskrefið yrði ekki stigið nema með nýjum þingmeirihluta.

Formaður Heimssýnar sagði sig úr þingflokki VG á dögunum. Hann fullyrti af því tilefni eins og oft áður að forsætisráðherra hafi haft í hótunum um slit á stjórnarsamstarfinu ef þingmenn stjórnarliðsins styddu ekki aðildarumsóknina. Þessu hefur forsætisráðherra afneitað jafn oft. Af því verður ekki dregin önnur ályktun en formaður Samfylkingarinnar sé tvísaga um hvort aðildarumsóknin er skilyrði fyrir aðild að ríkisstjórn.

Þingsályktunartillögur um að stöðva aðildarviðræðurnar hafa legið fyrir í heilt ár. Athyglisvert er að flutningsmennirnir hafa ekki knúið á um að málið gangi til atkvæða. Ástæðan er vitaskuld sú að þeir trúa ekki að meirihluti sé fyrir hendi. Á hinn bóginn blasir við að Samfylkingin þorir ekki að reyna frekar á þolrif VG og vill af þeim sökum ekki láta atkvæði ganga.

Það lýsir vanmætti Alþingis að geta ekki tekið af skarið í svo stóru máli. Tillitið til VG sýnist ganga fyrir Evrópumálstaðnum. Loks má nefna sameiginlegan fund þingmannanefndar Alþingis og Evrópuþingsins sem ekki gat ályktað um stöðu málsins fyrir nokkru vegna bresta í þingflokki VG.

## Haldið í gagnstæða átt

Málefnalega er ríkisstjórnin í ýmsum veigamiklum efnum á sviði efnahagsstjórnunar að færa Ísland inn á brautir sem liggja í gagnstæða átt við aðild að Evrópusambandinu.

Breytingar ríkisstjórnarinnar á fiskveiðistjórnarkerfinu felast í því að apa eftir flestu því versta í reglum einstakra Evrópusambandsríkja. Það veikir rökstuðning Íslands fyrir sérlausnum til að tryggja þá þjóðarhagsmuni sem eru í húfi. Á þessu sviði er því efnislega unnið gegn aðild.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt í stórum stíl útgjöld utan við bókhald ríkissjóðs. Í sumum tilvikum er fjármögnun tryggð en í öðrum ekki. Að því leyti er þetta gríska leiðin, sem sannarlega liggur ekki í átt að aðild. Þá hefur ríkisstjórnin ekki tekið mark á aðvörunum Seðlabankans varðandi þróun kjaramála og enga leiðsögn veitt á því sviði. Afleiðingar þess og vaxandi slaki í ríkisfjármálum geta orðið hindrun í aðildarferlinu.

Vegna ágreinings í ríkisstjórninni ræður stefna fjármálaráðherrans í raun og veru för í peningamálum. Meðan Samfylkingin sættir sig við forystu VG á því sviði eins og flestum öðrum er hún efnislega á leið í aðra átt en til aðildar.

Af öllu þessu má ráða að mikilvægt er fyrir stuðningsmenn aðildarumsóknar í öðrum flokkum að tryggja áhrif sín í næstu kosningum. Málið nær ekki fram að ganga nema með breiðari pólitískum stuðningi á þingi. Þeir sem hafa forystu á hendi um framgang málsins þurfa að sýna í verki á öllum sviðum að þeim er full alvara.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Nýtt happdrættisár byrjar í maí

HAPPDRÆTTI das

Vinningur í hverri viku

# Viltu einfaldan eða tvöfaldan?

dregið vikulega!
52 útdrættir á árinu!

## Þú getur unnið Toyota Avensis

6 Toyota Avensis á 5 milljónir króna hver á einfaldan miða

Miðaverð 1.100 kr. pr. mán




DRÖGUM NÆSTA ÞRIÐJUDAG

## Þú getur unnið Toyota Land Cruiser 150

6 Toyota Land Cruiser á 10 milljónir króna hver á tvöfaldan miða

Miðaverð 2.200 kr. pr. mán




# Eða allt í peningum

6 aðalvinningar á 10 milljónir hver,
10 aðalvinningar á 6 milljónir og
36 aðalvinningar á 4 milljónir hver.



845 milljónir dregnar út á árinu | Kauptu miða á www.das.is

VISA MasterCard Aðalumboð | Tjarnargata 10 | 561 7757

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 543803 04/11

# KJARA KLÚBBUR %

## FÁÐU AFSLÁTT AF 40.000 VÖRUM STRAX Í DAG

# ÚTGÁFUHÁTÍÐ




Tilboð 5 kg.

995,-
~~1.295,-~~

**Garðablámi**
**Alhliða garðáburður**
**N.P.K. 12+12+17**+2mgo
Klórsnauður, fjölkyrnisáburður fyrir alla garðrækt
5087622



499,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Greinaklippur Koopman**
5084650



5.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Hjólbörur**
80 ltr.
5080058

6.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**Rafmagns hekkklippur Ikra**
520W, 46 cm blað, 20 mm klippigeta.
5083755-56



3,66 m
með öryggisneti

39.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Trampólín með öryggisneti.**
12 ft/366 cm.
3900579



weber

46.900,-

**Gasgrill Weber Q120**
Létt og meðfærilegt gasgrill, frábært í ferðalagið eða heima við. Postulínglerungshúðuð grillgrind úr pottstáli. Grillflötur: 42x32 cm.
3000247



KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag 12:00-17:00
Gulrótarkaka og kaffi **290kr**

# SÆLUREITURINN ER KOMINN ÚT







**Sælureitur**
fullur af tilboðum
og fróðleik

# UM LAND ALLT



**149.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

**Stjörnuskel**
Blá 6-7 manna
Stærð 185 x 185 cm
1250 ltr.
Dýpt í miðju 84 cm
dýpt að setbekk 56 cm
8070606




**19.900,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

**Gasgrill**
**Sunset Tasman 200.**
Grillflötur 500x358mm
Hlíf yfir brennara.
3000391




**3.495,-**

**Pallaolía**
**Jotun Treolje**
3 ltr glær.
7049123



## SÉRFRÆÐINGAR Í PALLAEFNI

VIÐ KLÁRUM PALLINN MEÐ ÞÉR Á LÆGRA VERÐI.

**FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN HJÁ OKKUR!**



Tilboð
**12.990,-**
~~16.990,-~~

**Sandkassi með bekk og loki**
150x150x24 cm
600249

HÚSASMIÐJAN

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

**Ársfundur 2011**

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar verður haldinn mánudaginn 23. maí kl. 17.00 í Bæjarstjórnarsal Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 1. hæð.

**Dagskrá**
1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum
3. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta. Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins

*Kópavogi, 3. maí 2011.*
*Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar*




# Lífskjarasóknin er hafin

Efnahagsmál

**Jóhanna Sigurðardóttir**
forsætisráðherra



**Steingrímur J. Sigfússon**
fjármálaráðherra



Þáttaskil hafa nú orðið í endurreisnarferli íslensks efnahagslífs. Tveggja ára samdráttarskeiði, eftir eitt alvarlegasta efnahagshrun hagsögunnar, er lokið og hagur landsmanna vænkast nú á ný. Vextir og verðbólga hafa ekki verið lægri í áraraðir og gengi krónunnar er stöðugt. Með undirritun kjarasamninga til þriggja ára á almennum vinnumarkaði hafa skapast mikilvægar forsendur til verja þennan góða árangur og hefja kraftmikla lífskjarasókn fyrir landsmenn.

Með kjarasamningunum, og þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hét að beita sér fyrir á grundvelli þeirra, eru launafólki, lífeyrisþegum og atvinnulausum tryggðar verulegar kjarabætur og stigið er stórt skref í að bæta kaupmátt almennings eftir þá erfiðleika sem á dundu í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008.

Samhliða auknum kjarabótum fela samningarnir í sér skuldbindingu ríkissjóðs um að fara í verulegar aðgerðir til stóreflingar velferðarkerfisins og örvunar í hagkerfinu. Góður árangur ríkisstjórnarinnar við stjórn ríkisfjármála og árangursríkar aðgerðir síðastliðin tvö og hálft ár sem dregið hafa stórlega úr hallarekstri ríkissjóðs gerir það að verkum að hann er í stöðu til að standa að baki launamönnum og atvinnulífi með umfangsmiklum aðgerðum. Með því skapast góð hagvaxtarskilyrði, bætt lífskjör og betra samfélag.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna er viðamikil en helstu atriðin eru þessi:

**Betri kjör – aukin menntun – meiri velferð**

■ Bætur almannatrygginga verða hækkaðar til samræmis við launahækkanir.
■ Atvinnuleysisbætur verða hækkaðar til samræmis við launahækkanir.
■ Fjármögnun fæðingarorlofssjóðs verður tryggð og staða sjóðsins styrkt.
■ Persónuafsláttur verður hækkaður og verðbættur frá og með 2012.
■ Tekju- og eignatengingar barna- og vaxtabóta verða endurskoðaðar.
■ Árleg framlög til menntakerfisins alls verða aukin um tæpa tvo og hálfan milljarð króna.
■ Heildstætt nám í fjarkennslu verður í boði á framhaldsskólastigi.
■ Sköpuð verða námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu.
■ Starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur verður fjölgað um allt að 1.500 árið 2011 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem njóta slíkra úrræða tvöfaldist.
■ Lögum um vinnumarkaðsaðgerðir verður breytt á þann hátt að bótatímabil einstaklinga í starfstengdum úrræðum verður ekki skert.
■ Stofnaður verður þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir. Í hann verða lagðar 300 milljónir króna á ári næstu þrjú árin.
■ Gerðar verða breytingar á lögum til að tryggja réttindi launafólks við aðilaskipti á fyrirtækjum er varða launakjör, starfsskilyrði og vernd gegn uppsögnum.
■ Lögum um opinber innkaup verður breytt til þess að tryggja betur réttindi starfsmanna þeirra sem selja vöru og þjónustu til ríkissjóðs.
■ Starfsendurhæfingarsjóður verður efldur.
■ Nýtt húsnæðisbótakerfi útfært.
■ Til viðbótar þessum kjarabótum hefur þegar verið ákveðið að greiða 18 milljarða króna í vaxtabætur fyrir árin 2011 og 2012 sem gerir í heild 36 milljarða króna.
■ Aðgerðum vegna skuldavanda heimila og fyrirtækja verður fylgt eftir af festu.

**Örvun atvinnulífsins – sókn í atvinnumálum**

■ Stöðugleiki á vinnumarkaði og í efnahagslífi verður tryggður með kjarasamningum til þriggja ára.
■ Atvinnuleysi á að lækka í 4-5% á samningstímanum.
■ Útgjöld vegna opinberra framkvæmda verða aukin um 13 milljarða til ársloka 2012.
■ Á fjárlögum 2011 er gert ráð fyrir 21 milljarði króna í opinberar framkvæmdir.
■ Atvinnutryggingagjald fyrirtækja verður lækkað úr 3,81% niður í allt að 2,15% á samningstímabilinu í takt við þróun atvinnuleysis.
■ Fjármálaráðherra mun leggja fram tillögur til lagabreytingar á vorþingi sem miðar að einfaldara og bættu skattaumhverfi fyrirtækja og einstaklinga í rekstri.
■ Ný fjárfestingaráætlun miðar að því að auka fjárfestingar úr 13% af landsframleiðslu í 20% á tímabilinu.
■ 300 milljónum króna verður varið árlega næstu þrjú árin til markaðssetningar erlendis á Íslandi sem eftirsóknarverðum ferðamannastað .
■ Rammaáætlun og vatnalög verða afgreidd fyrir næsta vetur.
■ Stefnt að a.m.k tveimur umfangsmiklum fjárfestingaverkefnum í orkufrekum iðnaði.
■ Átakið allir vinna framlengt, a.m.k út árið 2012.
■ Efnt til klasasamstarfs og samkeppnissjóðir á sviði menntamála, heilbrigðis- og velferðarmála, orku- og umhverfismála efldir.
■ Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins efldur til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og Tækniþróunarsjóði gert kleift að aðstoða fyrirtæki í hugbúnaðar- og hátækni til að auka útflutning.

**Nýtum sóknarfærin**

Hér er aðeins drepið á helstu sóknarfærin sem nýgerðir kjarasamningar og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar fela í sér fyrir land og þjóð. Stóra tækifærið fyrir Ísland, bæði fyrirtækin, heimilin og okkur öll sem þjóð, liggur hins vegar í því að nýta þau þáttaskil sem nú eru orðin í þróun efnahagslífsins og í endurreisnarstarfinu frá hruni til að sækja sameiginlega fram. Segjum nú skilið við hugarfar kreppu og hruns, horfum bjartsýnum augum á þá óþrjótandi möguleika sem Ísland býður upp á og tökum til hendinni við uppbyggingarstarfið. Nú eru sóknarfærin svo sannarlega til staðar og okkar allra er að nýta þau.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



**Ritgerðasamkeppni**

**Kaupmannahafnarháskóli stendur fyrir ritgerðasamkeppni í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands. Háskólanemar og fræðimenn yngri en 30 ára geta sent inn ritgerð um *Fræðasamstarf Danmerkur og Íslands frá miðöldum til nútíma*.**

Ritgerðir má skrifa á dönsku eða íslensku og skulu þær vera lengst 10 blaðsíður eða 2400 slög. Ritgerðir ber að senda með rafrænum hætti fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn **15. júní** nk. til: Kristian Boje Petersen **kbp@adm.ku.dk**, og verða þær metnar af dómnefnd sem rektor hefur skipað.

Fyrir bestu ritgerðina verða veitt verðlaun að upphæð 5000 DKK og 2000 DKK fyrir þá næstbestu. Sigurvegaranum verður einnig boðið að kynna ritgerð sína á málþingi sem haldið verður í Kaupmannahafnarháskóla 22. september.

Nánari upplýsingar á vef Háskóla Íslands, www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

PIPAR\TBWA · SÍA · 111029

# Áframhaldandi leynd

Stjórnmál

**Guðmundur Hörður Guðmundsson**
Fyrrverandi upplýsingafulltrúi í stjórnarráðinu

Forsætisráðherra hefur lagt fram frumvarp að breytingum á upplýsingalögum. Af því tilefni rifjaðist upp fyrir mér að í mars 2007 óskuðu blaðamenn Fréttablaðsins eftir upplýsingum um notkun ráðherra á greiðslukortum ráðuneytanna árið 2006. Sjálfsagt mál hefði maður ætlað í opnu lýðræðisríki, enda um notkun á opinberu fé að ræða. Nei, öll ráðuneytin synjuðu þessari ósk Fréttablaðsins. Árni Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra, brást hinn versti við fyrirspurn blaðsins og lét hafa eftir sér á síðum þess: „Þetta er bara ómerkilegt, subbulegt mál þar sem verið er að reyna að gera heiðarlegt fólk að skúrkum algjörlega að ástæðulausu.“ Ósk um upplýsingar um notkun ráðherra á peningum skattgreiðenda var orðin ómerkilegur subbuskapur. Fréttablaðið sætti sig ekki við leyndarhyggju og leitaði á náðar úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Nefndin staðfesti ákvörðun ráðuneytanna á þeim grundvelli að yfirlit greiðslukorta væru bókhaldsgögn sem féllu ekki undir 2. mgr. 3. gr. upplýsingalaga um gögn sem almenningur ætti rétt til aðgangs að. Einnig var vísað til þess að beiðni Fréttablaðsins fæli í sér kröfu um að teknar yrðu saman upplýsingar eða útbúin ný gögn, en það samræmdist ekki 1. mgr. 3. gr. laga sem segði að stjórnvöldum væri skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum en ekki að útbúa ný skjöl. Þannig beittu ráðuneytin ákvæðum upplýsingalaganna til að sveigja hjá markmiði sömu laga um opna og lýðræðislega umræðu.

Núverandi ríkisstjórn var kosin til að breyta leikreglum, ekki síst ólögum sem koma í veg fyrir að almenningur fái upplýsingar um notkun almannafjár. Því veldur frumvarp forsætisráðherra til breytinga á upplýsingalögum mér vonbrigðum. Þar virðast fyrrnefnd ákvæði, sem ráðuneytin notuðu til að koma sér undan því að veita umræddar upplýsingar, standa óbreytt. Stjórnvöld geta þá synjað fjölmiðlum og almenningi um upplýsingar um notkun ráðherra á greiðslukortum hins opinbera. Fleira má tína til sem dæmi um íhaldssemi sem einkennir frumvarpið. Þannig virðist forsætisráðuneytið hafi orðið við óskum annarra ráðuneyta og orkufyrirtækja um aukna takmörkun á aðgangi almennings að upplýsingum en tekið athugasemdum Blaðamannafélagsins og skjalavarða um of miklar takmarkanir fálega.

Þetta íhaldssama og metnaðarlitla frumvarp er til umfjöllunar á Alþingi. Vonandi sjá þingmenn til þess að frumvarpinu verði breytt þannig að fjölmiðlar geti aflað mikilvægra upplýsinga, þar á meðal þeirra sem hér hefur verið fjallað um.

# Hugleiðingar að loknum Hönnunarmars 2011

Hönnun

Jón Ólafsson
húsgagna- og innanhússarkitekt



Ég naut þess á dögunum að vera viðstaddur opnun sýningar á íslenskri hönnun sem fram fór í gömlu netagerðarhúsnæði vestur á Granda á annarri hæð í lyftulausu húsi. Sýnt var á stórum fleti margskonar hlutir, húsgögn og ýmsir nytjahlutir. Ég fór fremur hratt yfir, enda ekki margir hlutir sem sérstaklega vöktu athygli mína fyrir góða og áhugaverða hönnun. Á meðan ég var staddur á sýningunni átti ég símtal við kollega minn og samstarfsmann Pétur B. Lúthersson húsgagna- og innanhússarkitekt sem spurði mig frétta af sýningunni. Ég svaraði honum á þann veg „að þetta minnti mig helst á vorsýningu frá hönnunarskóla okkar í Kaupmannahöfn á árunum 1963-64“.

Síðan ég gaf þetta svar hefur það sótt sífellt meira á mig hvort ég hafi svarað alveg út í bláinn, eða verið að gera lítið úr því mikla starfi sem þátttakendur sýningarinnar höfðu lagt á sig. Niðurstaða mín er að ekki hafi svo verið. Ég kemst hinsvegar að þeirri niðurstöðu að hér á landi hafi orðið gríðarleg stöðnun í mörgum greinum hönnunar og þá einkum húsgagna. Það eru þó sem betur fer undantekningar á þessu því hlutur eldri hönnuða hefur staðið sína vakt og nokkrir yngri hönnuðir, einkum konur, hafa staðið sig vel.

En hvað hefur þá brugðist. Ekki vantar það að stofnaður hafi verið Listaháskóli og einstaklingum með starfsheitið „listamaður“ fjölgað. Ég tel mig verða mjög varan við að ýmis atriði í námi yngri hönnuða virðast látin reka á reiðanum. Eitt þeirra mikilvægasta er handverkið og þekking á efninu sem ætlað er að vinna úr. Margt hefur breyst í þeim efnum á síðari árum bæði í námskrám og framkvæmd. Eitt af því sem ég saknaði mjög á umræddri sýningu var handverkið. Ég hef tekið eftir því að í greinum sem skrifaðar hafa verið um sýninguna er vitnað m.a. til dansks fyrirtækis sem nánast hafi viljað gera hér ein allsherjarinnkaup á góðum hugmyndum til framleiðslu erlendis. Í þessu samhengi vil ég benda á þá staðreynd að Danir hafa ávallt lagt áherslu á að góðri hönnun fylgi listahandverk. Nú er ekki svo að við Íslendingar ekki eigum góða handverksmenn þó ekki hafi verið hlúð að þeirri grein listiðna. Það er einnig svo að okkur hefur borið gæfa til að varðveita þennan þátt í afbragðsgóðum verkmenntaskólum svo sem Tækniskóla Íslands (áður Iðnskólanum í Reykjavík) og Iðnskóla Hafnarfjarðar. Mér er reyndar ekki kunnugt um hvort eitthvert samstarf sé milli skóla svo sem þessara tveggja og Listaháskóla Íslands. Ef svo er ekki, mætti leysa úr brýnni þörf. Þetta væri t.d. hægt að gera með aðstoð við gerð frumsmíða.

Það hafa dæmin sannað að ef þú þekkir takmörk þín og möguleika áttu auðveldara með að vinna hönnun þinni brautargengi. Ég tel t.d. að ein megin ástæða fyrir góðu gengi fata- og textilhönnunar sé sá arfur sem ungt fólk fær nánast með móðurmjólkinni þar sem listhneigð og listahandverk íslenskra kvenna fer saman. Að þessu ættu skólayfirvöld að huga, m.a. að stuðla að auknum tengslum milli skólastofnana þannig, að ef einn skólinn getur boðið upp á starf sem hinn getur ekki þá að virkja sameiginlegan styrk beggja.

Við opnun framangreindrar sýningar flutti Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra ræðu þar sem hún færði rök fyrir því að störf við hönnun skiptu þjóðarbúið verulegu máli. Þetta eru reyndar ekki ný sannindi en hafa ekki verið dregin fram í dagsljósið fyrr. Síðan Ísland gekk í EFTA hafa nánast öll fyrirtæki sem starfað hafa við smíði húsgagna lagst af. Land sem hefur efni á því að fara þannig með fjöreggið ætti að skoða hug sinn um að styrkja vel við smíði frumgerða og á þann hátt að snúa dæminu við, þannig að besta hönnunin sé framleidd hér heima og aflað markaða fyrir vöruna.

Andvaraleysi og skortur á rökstuddri gagnrýni er eitt þeirra atriða sem há okkur Íslendingum. Við göngum um með lokuð augun og látum bera á borð fyrir okkur nánast hvað sem er. Ég vil því gera kröfu til þess að menn gangi um sali hönnunar og skóla með opnum gagnrýnum augum svo gera megi góðar hugmyndir og hluti betri.

> Andvaraleysi og skortur á rökstuddri gagnrýni er eitt þeirra atriða sem há okkur Íslendingum.

**Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga**

**Ársfundur 2011**

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn fimmtudaginn 26. maí kl.16.00, í sal BHM að Borgartúni 6, Reykjavík.

**Dagskrá**
1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum
3. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

*Reykjavík, 5. maí 2011.*
*Stjórn Lífeyrissjóðs stafsmanna sveitarfélaga*

ÖSKJUHLÍÐARDAGURINN 2011
SKÓGUR Í BORG!
7. MAÍ

**Komdu í Háskólann í Reykjavík laugardaginn 7. maí!**

Taktu þátt í ratleik í Öskjuhlíðinni, farðu í siglingu í Nauthólsvík, kynnstu Öskjuhlíðinni í skemmtilegri gönguferð með leiðsögn, hlustaðu á Ragga Bjarna og Gleðisveit lýðveldisins, lærðu allt um vorverkin í garðinum, að búa til moltu og farðu í sjósund í Nauthólsvík. Sjáðu stóra skógarsög að verki, heimsæktu börnin í Barnaskóla Hjallastefnunnar og hlýddu á bestu ljóðskáld þjóðarinnar í skóginum í Öskjuhlíð.

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 11:00 | **Borgarstjóri setur Öskjuhlíðarhátíðina í Háskólanum í Reykjavík** |
| 11:00–11:30 | Kynning á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskólans í Reykjavík og Skógræktarfélags Íslands um útivistarperluna Öskjuhlíð |
| 11:30–12:30 | Moltugerð – Jón Gnarr borgarstjóri kennir gestum að búa til moltu |
| 11:30–13:00 | **Rathlaupsleikur** um Öskjuhlíðina fyrir alla aldurshópa |
| 12:00–13:30 | **Fjölskylduganga með leiðsögn um Öskjuhlíð** – Fuglarnir í skóginum Stefán Pálsson sagnfræðingur, Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt og Steinar Björgvinsson skógfræðingur |
| 13:30–13:45 | Ljóðin í skóginum – Þórarinn Eldjárn og Gerður Kristný* |
| 12:30–13:00 | **Ragnar Bjarnason** syngur fyrir gesti í aðalbyggingu HR |
| 13:00–14:00 | **Sjóbað** í Nauthólsvík |
| 13:00–14:00 | Fræsöfnun & sáning – Kristinn Þorsteinsson garðyrkjufræðingur |
| 13:00–15:00 | Hjálparsveit skáta í Kópavogi býður fólki í **siglingu um Fossvog** |
| 14:30–15:30 | **Fjölskylduganga með leiðsögn um Öskjuhlíð** – Fuglarnir í skóginum Stefán Pálsson, Yngvi Þór Loftsson og Steinar Björgvinsson |
| 15:30–15:45 | Ljóðin í skóginum – Vilborg Dagbjartsdóttir og Sigurður Pálsson* |
| 15:00–15:30 | Gleðisveit lýðveldisins leikur og syngur fyrir gesti í aðalbyggingu HR |
| 15:00–16:00 | **Vorverkin** – Kristinn Þorsteinsson leiðbeinir gestum um vorverk í görðum |

- **HR-bandið** hitar upp fyrir daginn frá kl. 10:30–11:00
- **Barnaskóli Hjallastefnunnar** verður með opið hús og kynnir starfsemi sína og verk nemenda
- **Skógarhögg og vinnsla.** Skógarsög sem breytir trjám í verðmæti verður á bílaplani HR frá kl. 10:00–11:00 og 16:00–17:00
- **List án landamæra.** Sýning á verkum starfsmanna Vinnustofa Skálatúns
- **Gagnvirk listaverk** nemenda úr tækni- og verkfræðideild HR og Listaháskóla Íslands verða til sýnis í Sólinni í HR

* Ljóðaflutningur er í lok gönguferðar




VEITINGAR
Te & kaffi í Háskólanum í Reykjavík
Nauthóll | Perlan | Barnaskóli Hjallastefnunnar

www.oskjuhlid.is

Háskólinn í Reykjavík – Reykjavik University
Skógræktarfélag Íslands

# Sáttin er sæt

Fiskveiðistjórn - grein V

Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður



Uppsveiflan sem endaði með hruni bankakerfisins er sú fyrsta frá stríðslokum sem ekki var knúin áfram af útflutningi sjávarafurða. Á síðasta áratug breiddist því sá misskilningur því út að sjávarútvegur skipti ekki lengur máli fyrir efnahagslíf landsins. Hátæknigreinar, fjármálageirinn og nýja hagkerfið væru að taka við því hlutverki sem sjávarútvegur hafði áður. Atburðir síðustu missera hafa hins vegar sýnt okkur að lítið hefur breyst í íslensku efnahagslífi. Landið er háð sjávarútvegi sem skapar bróðurpartinn af vöruútflutningi landsins með stóriðju. Hægt er að komast undan þessu tímabundið með erlendum lántökum, líkt og gert var síðustu árin fyrir bankahrun. Samhliða færðist efnahagslífið lengra í átt til verslunar og þjónustu en annars hefði verið mögulegt. Staðreyndin er þó sú að landsmenn verða enn að styðjast við sjávarútveg. Íslendingar hafa því ekki sama svigrúm og aðrar stærri þjóðir að hræra í sjávarútvegi á pólitískum forsendum því það kemur beint niður á lífskjörum þjóðarinnar. Þetta þýðir samt ekki að aldrei megi víkja frá ítrustu hagkvæmnisjónarmiðum, en ef það gerist verður það að vera að yfirlögðu ráði og þjóðin öll verður að gera sér grein fyrir afleiðingum þess. Norðmenn veiða t.d. svipaðan afla og Íslendingar, en þeir gera það með mun fleiri sjómönnum og skipum. Norðmenn nýta þannig auðlindarentuna meðvitað til að styðja við byggðirnar. Þeir hafa efni á því. Þá má einnig benda á að hagsmunir einstakra hópa innan sjávarútvegsins þurfa alls ekki að fara saman við hagsmuni heildarinnar.

Stöðugt rekstrarumhverfi skiptir miklu fyrir öll atvinnufyrirtæki. Sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að glíma við meiri óstöðugleika en þekkist í flestum öðrum greinum vegna náttúrulegra sveiflna í stofnstærðum. Ekki er heppilegt að bæta pólitískri óvissu þar á ofan. Sjávarútvegur er hins vegar ekki einkamál sjómanna, útgerðarmanna eða nokkurra annarra. Hann er ein meginstoð íslensks efnahagslífs og afkoma hans skiptir sköpum fyrir lífskjör almennings, hvar sem er á landinu. Í þessu ljósi er umræða um kvótakerfið oft óábyrg. Gagnrýnendur eru margir og stórorðir. Það er aðeins andstaðan við núverandi kerfi sem sameinar þá. Engin samstaða hefur náðst um nokkra aðra leið. Sumir vilja stjórna með handafli, aðrir með sóknarmarki og enn aðrir vilja frjálsar veiðar. Hægt er að sjá fyrir umbætur á núverandi kerfi en gagnger umbylting sem allir gætu sætt sig við er mjög ólíkleg. Því var það nánast kraftaverk að nær allir hagsmunaðilar og stjórnmálaöfl skildu geta komið sér saman um ramma fyrir nýtt kerfi líkt og nýlega gerðist með samningaleiðinni svokölluðu. En eins og ég hef áður bent á, innan þess ramma vill forsætisráðherra ekki staðsetja sig. Forsætisráðherra þarf jú sitt olíufélag.

> Engin samstaða hefur náðst um nokkra aðra leið. Sumir vilja stjórna með handafli, aðrir með sóknarmarki og enn aðrir vilja frjálsar veiðar.

Stór hluti þjóðarinnar virðist vera þeirrar skoðunar að leggja beri auðlindaskatta á útgerðina þar sem auðlindin sé lögfest eign þjóðarinnar allrar og því skuli hún öll njóta afrakstursins. Þeir hinir sömu verða að hafa í huga að ef skattleggja á auðlindahagnaðinn þá þarf hann að vera til staðar og eina þekkta raunhæfa kerfið sem tryggir hann er aflamarkskerfi líkt og hið íslenska, allt annað eru töfluæfingar. Jafnframt virðist það gleymast í umræðunni að útvegurinn borgar nú þegar um 3 milljarða á ári í auðlindagjald. En til að varðveita auðlindaarðinn þarf að tryggja að fiskveiðistjórnunarkerfið búi yfir tilteknum eiginleikum:

- Aðgangur að auðlindinni þarf að vera takmarkaður. Með aðgangstakmörkunum er komið í veg fyrir sorgarsögu almenninganna. Eins og ég hef áður rakið leiða frjálsar veiðar til þess að of margir fiskimenn fjárfesta í of miklum búnaði sem leiðir til sóunar fiskveiðiarðsins og rányrkju á fiskistofnum.
- Rétturinn til að nýta auðlindina þarf að vera því sem næst varanlegur. Með því að aðgangsrétturinn sé til langs tíma myndar hann verðmæti og langtímahugsun við nýtingu auðlindarinnar er tryggð. Það er ekki rétt sem oft er haldið fram að með varanlegum nýtingarrétti sé verið að færa útgerðum auðlindana. Alþingi getur á hverjum tíma afturkallað heimildir með lagasetningu. Íslenska ríkið á auðlindina.
- Aðgangsrétturinn þarf að vera framseljanlegur. Til að auðlindarentan myndist að fullu öllum Íslendingum til hagsbótar þarf að ná fram hagkvæmni. Það er gert með því að hagkvæmar útgerðir geti keypt út þær óhagkvæmu. Þannig minnkar sóknargeta og offjárfesting – auðlindaarðurinn verður til. Því þarf að vera hægt að kaupa og selja nýtingarréttinn.

Íslenska aflamarkskerfið hefur alla þessa eiginleika. Eins og ég hef sýnt fram á hér í blaðinu undanfarna daga byggist gagnrýni á kerfið að mestu á staðleysum. Kerfið er hins vegar ekki gallalaust. En að það þurfi að umturna öllu kerfinu til að lagfæra þá og setja um leið útveginn í algjört uppnám er einfaldlega rangt. Vel er hægt að sníða af ágalla með tiltölulega einföldum hætti eins og samningaleið sáttanefndarinnar sýnir.

Það er von mín að greinarnar fimm sem birtar hafa verið hér í blaðinu undanfarna daga leiði til aukins skilnings á fiskveiðistjórnunarkerfinu íslenska. Til mikils væri að vinna ef stjórnmálamenn bæru gæfu til að ná sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið til framtíðar. Ekki eingöngu vegna þess að þannig væri hægt að tryggja að auðlindarðurinn yrði varðveittur heldur vegna þess að sáttin er einfaldlega sæt og við þurfum svo sárlega á henni að halda.

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Landgræðsla

Góðir Íslendingar.

Eins og alþjóð veit er áætlað að um það bil 15.000 manns séu atvinnulausir núna. Allt þetta harðduglega fólk gæti hugsanlega fengið vinnu við landgræðslustörf, það er klæða landið skógi milli fjalls og fjöru og breyta eyðisöndum í frjósamt akurlendi.

Þetta mál þarf þjóðfélagslega umræðu, ekki seinna en strax. Fyrstan skal nefna Svein Runólfsson, landgræðslustjóra, Alþingi og ríkisstjórn.

Þessu máli þarf að hrinda af stað nú þegar og þolir ekki bið.

Vilji er allt sem þarf.

**Ólafur Magnússon**

**AF NETINU**

## Vel stæðir sóa gjaldeyrinum

Vöruskiptajöfnuður landsins í marz var ekki eins góður og hann hafði verið mánuðina og misserin þar á undan. Var raunar bara rúmlega helmingurinn af því, sem verið hafði, 6,3 milljarðar í stað 10 milljarða. Þetta er ekki nógu gott, því að vöruskiptajöfnuðurinn þarf að vera 10 milljarðar á mánuði. Það væri rétta leiðin úr skuldasúpunni. Að baki vandans liggur of mikil neyzla þjóðarinnar, of mikil ferðalög til útlanda og of mikil benzínnotkun. Hvort tveggja kostar gjaldeyri. Þessu þarf að mæta með hærri skatti á banzíni og farseðla. Hálf þjóðin hefur það gott, en hún má ekki sóa gjaldeyri allra.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**





BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI
collezione
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
lokað á
sunnudögum í sumar
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
40%-
70%
afsláttur
af öllum vörum
mikið úrval af
gallabuxum frá
FINUCCI
collezione
VERÐ ÁÐUR KR. 19.980
VERÐ NÚ
KR. 11.988
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )




islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Íslandsbanki



**SÁLUFÉLAGI** Bubbi í Stúdíói Sýrlandi, þar sem upptökur fóru fram á hinni væntanlegu plötu Ég trúi á þig. „Það eru lög á þessari plötu sem gefa mér tækifæri til að skína skærar en áður. Líklega hefur það líka nokkuð með það að gera að ég hætti að reykja fyrir sex árum," segir Bubbi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bubbi velur erfiðu leiðina

Á væntanlegri plötu, Ég trúi á þig, tæklar **Bubbi Morthens** hreinræktaða sálartónlist með jákvæðum textum. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við manninn sem segist aldrei hafa sungið betur um bin Laden, Amy Winehouse og viðskotaillan Þjóðverja á Kanarí.

Það var tónlistarsagnfræðingurinn og poppnördinn Óttar Felix Hauksson sem uppgötvaði að þetta er fyrsta alvöru íslenska soul-platan með frumsömdu efni. Hann færði fyrir því sterk rök að svo væri, en ég var efins og minnti hann á Sálina hans Jóns míns. Þá sagði Óttar Felix að Sálin væri poppband en ekki hreinræktað soul-band. Hann hélt því líka fram að enn og aftur væri ég að brjóta blað í íslenskri tónlistarsögu," segir Bubbi Morthens um nýju plötuna sína, Ég trúi á þig, sem kemur út á afmælisdegi tónlistarmannsins, hinn 6. júní næstkomandi.

Nú þegar hefur almenningur fengið smjörþef af plötunni með lögunum Sól, Ísabellu, sem hefur verið eitt vinsælasta lag landsins síðustu vikur og mánuði, og Blik þinna augna sem fór í spilun rétt fyrir helgi.

### Tvo áratugi á leiðinni

Kolbikasvört sálartónlist er dagsskipunin á Ég trúi á þig, sem söngvarinn segir hafa verið lengi í vinnslu og í raun tvo áratugi á leiðinni. Hann hafi alist upp við tilfinningaríkar raddir söngvara á borð Otis Redding, James Brown, Tinu Turner, Curtis Mayfield og Sam Cooke (sá síðastnefndi er sá besti að mati Bubba) og alla tíð haft á þeim dálæti, en einhverra hluta vegna hafi ekki verið til staðar mannskapur á Íslandi til að spila þessa tegund tónlistar á sínum tíma.

„Ég hef gert nokkrar tilraunir í þessa veru, til dæmis í lögunum Sumar konur og Fjórir naglar, sem er hreinræktað „soul"," segir Bubbi. „Þegar ég var að taka upp plötuna Fjórir naglar heyrði ég svo af einhverri svakalegri stelpu í Bretlandi sem væri að syngja gamla sálartónlist í nýjum og djassskotnum búningi, Amy Winehouse. Ég hreifst mjög af Back to Black plötunni hennar og fór strax á stúfana og spurði umboðsmanninn minn um það hverjir á Íslandi gætu eiginlega gert þetta almennilega."

Umbinn benti á tvo af stofnendum fönksveitarinnar Jagúars, bræðurna Börk og Daða Birgissyni, sem Bubbi hitti og lýsti fyrir þeim áformum sínum. „Þá kom í ljós að þeir vita þetta allt og kunna þetta allt. Þetta eru strákar, tuttugu árum yngri en ég, sem eru alveg á bólakafi í þessari soul-, blús- og brassveröld. Og ég sagði bara „bring it on!"," rifjar Bubbi upp og fer fögrum orðum um Sólskugg-ana, stórskotaliðið sem leikur með honum á plötunni, sem telur þá Ara Braga Kárason á trompet, Jóel Pálsson og Ragnar Árna Ágústsson á saxófón, Kristin Snæ Agnarsson á trommur, Inga Björn Ingasson á bassa og Kristjönu Stefánsdóttur í bakröddum, auk þeirra Barkar og Daða sem spila á gítar og hljómborð, og fleiri tónlistarmenn. Þá syngur Gréta, dóttir Bubba, með honum í laginu Háskaleikur á plötunni.

### Birtu stafar af textunum

Eftir rúmlega þrjátíu ára feril segist Bubbi hafa greint tækifæri í sálartónlistinni til að syngja á þann hátt sem hann hefur alltaf dreymt um. „Það eru lög á þessari plötu sem gefa mér tækifæri til að skína skærar en áður. Líklega hefur það líka nokkuð með það að gera að ég hætti að reykja fyrir sex árum," segir hann og hlær. „Það hafði í för með sér að röddin hefur styrkst, hækkað og batnað. Orðið fyllri. Þessi tónlist á mjög vel við röddina eins og hún er núna, með alla þessa reynslu og þroska."

Um textana á plötunni segir Bubbi eitt orð einkenna þá öðrum fremur: jákvæðni. „Það eru til aðrar upptökur af þessum lögum með allt öðrum textum, sem fjalla um hrunið og fleira," segir hann. „Tökum sem dæmi skalagið Það rignir á hús þeirra ríku [eina lagið á plötunni sem víkur frá sálartónlistinni og Bubbi lýsir sem ekta hjólhýsareggíi]. Það hófst upphaflega svona: „Rauð málning á hús þeirra ríku. Í röngum líkama fékk sér píku," og fjallaði um það hvernig dagblöðin eru til í að birta hvað sem er, svo lengi sem það selur. Núna byrjar lagið svona: „Það rignir á hús þeirra ríku, ég er að grilla í góðri klíku". Miklu jákvæðara. Titillagið, Ég trúi á þig, hefst á orðunum „Lítil börn að leika sér". Það stafar birtu af flestum textunum. Mig langaði til að syngja um það sem skiptir máli í raun og veru. Og hvað er það sem allir tónlistarmenn, frá Bob Dylan til Nick Cave til Johnny Cash, syngja um? Það er ástin. All you need is love," segir Bubbi ákveðinn og bætir við að þessi frægu orð fjórmenninganna frá Liverpool hafi aldrei átt eins vel við og nú.

„Ef við gætum öll lifað samkvæmt þessu þá værum við ekki að glíma við allan þennan viðbjóð. Sjáðu bara Bandaríkin. Hvers konar þjóðfélag er það þar sem tugþúsundir fagna því á götum úti að einhver hafi verið drepinn? Burtséð frá því hvort hann hafi verið hryðjuverkamaður eða ekki. Það má þakka fyrir að hann hafi verið tekinn úr umferð en ég á erfitt með að skilja þessa gleði þegar tólf ára stúlka horfir á pabba sinn skotinn í höfuðið. Auðvitað þarf að tala um hlutina og gagnrýna, en það skiptir máli hvernig það er gert. Kannski er ég að velja erfiðu leiðina með því að syngja um ást og kærleika."

### Erfið reynsla

Sem kunnugt er áttu Bubbi og Hrafnhildur eiginkona hans von á barni, en eins og Bubbi greindi frá á bloggsíðu sinni á dögunum gripu örlögin í taumana. Hann vill síður tjá sig um það mál umfram það sem hann hefur þegar sagt. „Það er svo stutt um liðið og auk þess væri það óvirðing við konuna mína að tala um þetta án þess að hún viti af því. En þetta er reynsla sem ég óska engum að ganga í gegnum," segir hann.

### Ekkert internet þegar ég byrjaði

Ljóst er að vinsældir Bubba hafa verið miklar og stöðugar í yfir þrjá áratugi, en hann hefur líka alltaf verið umdeildur. Hefur Bubbi orðið umdeildari hin síðari ár en áður var?

„Nei, ég held ekki," svarar söngvarinn. „Það má ekki gleyma því að þegar ég kom inn á sjónarsviðið var ekkert internet. Það er hægt að ímynda sér hvernig umræðan um Bubba Morthens væri ef ég kæmi inn í dag. Hassreykjandi, kóksniffandi kjaftaskur, svívirðandi menn og málefni. Eflaust er ég umdeildur, en það verður að hafa í huga að bloggheimar hafa sitt að segja. Þetta er tvö- eða þrjúhundruð manna hópur fólks sem hefur skapað sér nýtt sjálf í gegnum bloggið, lifir í gegnum tölvuna og ímyndar sér jafnvel að það sé orðið frægt. Þegar ég lendi í umræðunni er orðfærið yfirleitt á þá leið að ég sé fífl, viðbjóður, ómerkingur sem sé búinn að dópa af sér hausinn og mella sem seldi sig útrásarvíkingum. Þetta eru fáar raddir en háværar," segir Bubbi og tekur sem dæmi að öll umræða um að hann hafi á sínum tíma selt höfundarréttinn að lögunum sínum sé á algjörum villigötum.

„Það virðist vera hópur af fíflum þarna úti sem skilur ekki málið. Ég framseldi í raun höfundartekjur mínar og fékk þær greiddar fyrirfram, en höfundarréttinn á ég alltaf. Þetta gera allir tónlistarmenn úti í heimi og þetta gerðu um fimmtán íslenskir tónlistarmenn. Ég var tekinn út úr þessum hópi og nokkrir blaðamenn byrjuðu að negla þetta inn. Það var alveg sama hvað ég reyndi að leiðrétta, þetta var alveg geirneglt, og að lokum gafst ég hreinlega upp á því. Þetta er mjög lýsandi fyrir umræðuna um mig. En að því sögðu vil ég frekar vera umdeildur en að öllum sé sama."

> Hvers konar þjóðfélag er það þar sem tugþúsundir fagna því á götum úti að einhver hafi verið drepinn?

### Lem Steinda þegar ég sé hann

Nýlegt atriði úr þætti grínistans Steinda Jr. á Stöð 2 hefur vakið mikla athygli, en í því nappar Bubbi (í meðförum Ara Eldjárn) innbrotsþjóf á heimili sínu og lætur hann finna fyrir því. Bubbi segist enn ekki hafa séð atriðið en heyrt mikið og vel talað um það. „Ég er mest fúll yfir því að Steindi hafi ekki bara drullast til að tala við mig og biðja mig um að leika í atriðinu. Ég lem Steinda næst þegar ég sé hann," segir Bubbi og glottir, en hann hefur stundað box og aðrar bardagaíþróttir af kappi í áratugi. En hvenær lenti hann síðast í handalögmálum utan hringsins?

„Það var á Kanarí. Ég var að koma af ströndinni með frumburðinn í kerru og stóð í biðröð eftir leigubíl. Þá réðst á mig Þjóðverji sem vildi bílinn sem við ætluðum inn í, hrinti mér og kerran með drengnum fór á hliðina. Sem betur fer meiddi barnið sig ekkert en ég fór bara í Þjóðverjann. Sló hann í nýrað svo stóð út úr honum spýjan þar sem hann lá á fjórum fótum. Svo fórum við inn í leigubílinn og þá sagði leigubílstjórinn: „Þetta var fallegt. Mér líkar illa við Þjóðverja," segir Bubbi og skellir upp úr.

Hann rifjar upp önnur slagsmál úr fortíðinni sem hefðu hæglega getað endað með skelfingu. „Það var á afmælisdeginum mínum, 6. júní 1981 í Alþýðukjallaranum. Ég lenti í slagsmálum við mann og það var krítískt, hefði getað farið illa. Það má segja að hann hafi verið hætt kominn, þurfti að fara á spítala í aðgerð. Ég sat inni þá nótt. Í dag myndi ég sennilega setja hendurnar í rassvasann. Eða hlaupa. Eða taka skrokkinn. Það er ekkert mál að fella fólk með skrokkhöggum og það veldur litlum sem engum skaða. En púðinn nægir mér í dag og ég er duglegur á honum."



**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

# FERÐATÆKJASÝNING Í ELLINGSEN

**70% FJÁRMÖGNUNAR-MÖGULEIKI**

Komdu í Ellingsen og skoðaðu það nýjasta sem er í boði í ferðatækjum fyrir sumarið 2011. Ferðatækin frá Ellingsen eru þaulreynd við íslenskar aðstæður og ánægðir viðskiptavinir okkar eru til vitnis um ágæti þeirra. Ferðalög sumarsins hefjast á ferðatækjasýningu Ellingsen.



**500 LÍTRAR** AF ELDSNEYTI FYLGJA MEÐ FELLIHÝSUM FRÁ ELLINGSEN.**

Coleman

## SEDONA-FELLIHÝSI

VERÐ **2.190.000** KR.

FJÁRMÖGNUN
30% útborgun **660.000 kr.** | Meðalgreiðsla á mánuði* **24.242 kr.**

| Tæknilýsing | |
|---|---|
| Lengd kassa | 8 fet |
| Breidd kassa | 248 cm |
| Heildarþyngd | 1090 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 713 kg |




**500 LÍTRAR** AF ELDSNEYTI FYLGJA MEÐ FELLIHÝSUM FRÁ ELLINGSEN.**



**500 LÍTRAR** AF ELDSNEYTI FYLGJA MEÐ A-HÝSUM FRÁ ELLINGSEN.**



**250 LÍTRAR** AF ELDSNEYTI FYLGJA MEÐ TJALDVÖGNUM FRÁ ELLINGSEN.**



Coleman

## CHEYENNE-FELLIHÝSI

VERÐ **2.690.000** KR.

FJÁRMÖGNUN
30% útborgun **810.000 kr.** | Meðalgreiðsla á mánuði* **30.905 kr.**

| Tæknilýsing | |
|---|---|
| Lengd kassa | 10 fet |
| Breidd kassa | 310 cm |
| Heildarþyngd | 1360 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 922 kg |




ALINER

## ALINER EXPEDITION

VERÐ **3.290.000** KR.

FJÁRMÖGNUN
30% útborgun **987.000 kr.** | Meðalgreiðsla á mánuði* **37.751 kr.**

| Tæknilýsing | |
|---|---|
| Heildarlengd | 5,49 m |
| Heildarbreidd (lokaður) | 2,13 m |
| Heildarþyngd | 1588 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 952 kg |




Camp-let

## CONCORDE-TJALDVAGN

VERÐ **1.330.000** KR.

FJÁRMÖGNUN
30% útborgun **399.000 kr.** | Meðalgreiðsla á mánuði* **15.548 kr.**

| Tæknilýsing | |
|---|---|
| Heildarlengd | 3,2 m |
| Heildarbreidd | 1,6 m |
| Heildarþyngd | 500 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 250 kg |



PIPAR\TBWA • SÍA • 111259

*Áætlun um verðtryggt lán til 84 mánaða með 8,05% vöxtum. ** Inneign í krónum miðast við verð á eldsneyti við dagsetningu kaupa.

**Komdu og skoðaðu úrvalið af ferðatækjum.**

ADRIA HYMER Carado Coleman Camp-let ALINER

# Niðurnídd miðborg Reykjavíkur

Fjölmörg **niðurnídd hús í miðborginni** standa auð. Byggingarfulltrúi segir erfitt að beita eigendur dagsektum sökum árferðis, en formaður íbúasamtaka krefst aðgerða strax. *Sunna Valgerðardóttir* skoðaði þennan vanrækta hluta höfuðborgarinnar.

Borgaryfirvöld hafa ekki gert neina úttekt á ónýtum og niðurníddum húsum í miðborg Reykjavíkur á síðustu árum. Á árunum 2008 og 2009 var tekin staða á ástandinu og hundruð bréfa send út til eigenda þeirra húsa í miðbænum þar sem endurbóta var þörf. Eigendunum var gert að bæta ástand húsa sinna, ellegar yrði dagsektum beitt. Eftirfylgni málanna hefur þó ekki verið nein af hálfu borgarinnar.

Enginn hefur enn verið beittur sektum, nú þremur árum seinna, að undanskildu fyrirtækinu Baldursgötu ehf., eiganda húss við Baldursgötu 32 sem hefur staðið autt í um

FRAMHALD Á SÍÐU 26

## AUÐ HÚS Í 101 Á LISTA SLÖKKVILIÐSINS OG EIGENDUR ÞEIRRA




| | Hús | Stærð | Byggingarár | Eigandi | Kaupdagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hverfisgata 28 | 223,0 fm | 1905 | Festar ehf. | 6. október 2005 |
| 2 | Veghúsastígur 1 | 232,2 fm | 1935 | Sigrún G. Fjeldsted | 1. september 1977 |
| 3 | Barónsstígur 28 | 131,1 fm | 1905 | B28 ehf. | 27. janúar 2006 |
| 4 | Laugavegur 33b | 47,4 fm | 1916 | S33 ehf. | 31. janúar 2005 |
| 5 | Baldursgata 32 | 201,0 fm | 1928 | Baldursgata ehf. | 11. október 2005 |
| 6 | Skólavörðustígur 40 | 118,7 fm | 1925 | Samtímalist ehf. | 20. nóvember 2007 |
| 7 | Hverfisgata 34 | 309,1 fm | 1910 | Festar ehf. | 15. mars 2007 |
| 8 | Frakkastígur 16 | 109 fm | 1923 | F-16 ehf. | 24. febrúar 2010 |
| 9 | Vatnsstígur 4 | 355,8 fm | 1906 | S33 ehf. | 17. desember 2004 |
| 10 | Freyjugata 16 | 137,2 fm | 1924 | Vilborg Víðisdóttir | 2. febrúar 2010 |

*Heimild: Fasteignaskrá Íslands*































FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Handa henni
## á morgun



## Hvítur iPhone 4
**Verð: 129.990.- kr.**

Fyrir ömmu
### MacBook Air 11,6”



1,4GHz Core 2 Duo
64GB flash
2GB vinnsluminni
Aðeins 1kg

**Verð: 169.990.-**

Fyrir stelpurnar
### MacBook 13,3”



2,4GHz Intel Core 2 Duo
2GB DDR3 vinnsluminni
250GB harður diskur
Aðeins 2,13kg

**Verð: 169.990.-**

Fyrir mömmu
### MacBook Pro 13,3”



2,3GHz tveggja-kjarna Intel i5 örgjörvi
4GB innra minni
320GB harður diskur
Aðeins 2,04kg

**Verð: 219.990.-**

Fyrir Gunnu frænku



Incase fartölvu slíður
**Verð: 6.990.-**



Walk On Water fartölvu slíður
**Verð: 7.990.-**

epli.is

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

**Epli.is,** Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

FRAMHALD AF SÍÐU 24

sex ár. Húsið brann árið 2008 og hafa eigendur ekkert gert til þess að bæta ástand þess. Ekki hefur þó tekist að innheimta nokkuð frá fyrirtækinu og eru skuldirnar, sem nú skipta milljónum, komnar í lögfræðiinnheimtu.

Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar, segir að verið sé að ræða þessi mál í kerfinu. Úttektin frá árunum 2008 og 2009 sé enn í fullu gildi, en eftirfylgnina vanti. Árferðið sé slíkt að yfirvöld vilji beita öllum ráðum til þess að sleppa við að beita fólk dagsektum, en ástæða þess að verið sé að rukka Baldursgötu ehf. sé sú að fyrirtækið hafi sótt um leyfi til þess að rífa húsið, en svo gefist upp.

**Erfitt að skilgreina eignahluta**

„Það eru sérstakar skýringar við hvert eitt og einasta mál," segir Magnús. Eftir efnahagshrunið séu flest þessara húsa sem standa auð og niðurnídd komin í eigu gjaldþrota fyrirtækja og þar með bankanna. Erfitt sé í raun að skilgreina hver eigi hvað. Magnús nefnir húsið við Frakkastíg 16 sem dæmi.

„Því húsi er öllu búið að rústa að innan. Það var einstaklingur sem keypti það á sínum tíma og ætlaði gera það upp. Húsið komst svo í eigu banka sem síðan varð gjaldþrota og nú er búið að selja það úr því gjaldþrotabúi. Nýi eigandinn kom og ræddi við mig fyrir nokkrum mánuðum og sagðist ætla að gera það upp, sem var hið besta mál. En svo hefur ekkert heyrst meira frá honum," segir Magnús. „Þetta eru afleiðingarnar af hruninu þegar eignir skipta um eigendur og svo hafa hugsanlega skiptastjórar eitthvað með sumar eignirnar að gera. Það er erfitt að átta sig á því hver á hvað í þessu samhengi."

Samkvæmt Magnúsi hefur borgin tvö úrræði til þess að leysa úr þessum vandamálum. Eitt sé að beita eigendur dagsektum og hitt sé að fara í framkvæmdir á kostnað eigenda, með því að rífa húsin eða gera við þau.

„Þetta er bölvuð hringavitleysa í kringum þessi hús, það eru gríðarlega mörg ljón í veginum," segir Magnús. „Og hvaða möguleika eigum við að velja til þess að láta okkar skattgreiðendur borga fyrir?"



**MAGNÚS SKÚLASON ARKITEKT OG FORMAÐUR ÍBÚASAMTAKA MIÐBORGAR** Magnús segir borgaryfirvöld helst svara íbúasamtökunum á svæðinu í gegnum fjölmiðla og telur það undarlega stjórnsýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fá engin svör frá borginni**

Magnús Skúlason, arkitekt og formaður Íbúasamtaka miðborgar, segir borgina hafa verið afar trega til þess að svara fyrirspurnum samtakanna, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Svörin berist einna helst í gegnum fjölmiðla.

„Það þykir mér undarleg stjórnsýsla," segir Magnús. „Við höfum sent bréf út og suður til borgarinnar, til skipulagsráðs, borgarráðs og borgarstjóra, en það fást aldrei nein svör, nema í gegnum fjölmiðla, sem hafa hjálpað okkur mikið í þessum málum."

Magnús tekur undir með nafna sínum Sædal og segir að þrátt fyrir úttekt borgarinnar á niðurníddum húsum fyrir fjórum árum, vanti algjörlega eftirfylgni. En það ferli sem yfirvöld þurfi nú að grípa til standi einfaldlega í byggingarreglugerð og henni þurfi að fylgja.

„Rót vandans er skipulagið. Þegar það gerir ráð fyrir niðurrifi og einhverjum risastórum byggingum, þá hika yfirvöld við að ráðast í framkvæmdir eða beita dagsektum. Þetta bítur í skottið á hvert öðru," segir Magnús.

Formaðurinn er þó skilningsríkur varðandi vanda yfirvalda, þar sem skipulagsmálin virðast vefjast fyrir mönnum og hindri þar af leiðandi framkvæmdir. Hann bendir þó á að flest húsanna séu komin í eigu bankanna og því sé ekki forsvaranlegt að skýla sér á bak við árferðið í samfélaginu þegar hikað er við að beita menn dagsektum.

„Það er ekki lengur hægt að skýla sér á bak við þetta væl um að þetta séu vondir tímar og því sé ekki hægt að beita dagsektum. Það eru svo sannarlega ekki erfiðir tímar hjá bönkunum, nema síður sé," segir Magnús.

**Húsin lækki fasteignaverð**

Að mati Magnúsar er ekki hægt að bjóða borgarbúum upp á að hafa þessi niðurníddu hús í nágrenni sínu, þar sem þau meðal annars lækki fasteignaverð nærliggjandi eigna. Ekki sé hægt að líða að ástandið sé slíkt, þrátt fyrir skipulag. „Við erum enn að bíða eftir heildarverndunarskipulagi. En þá segir borgin að hugsanleg skaðamótamál geti orðið, en það verður bara svo að vera. Það er dýrt að gera mistök."

Magnús segir að ein lausnin gæti legið í því að borgin myndi eignast ákveðin hús og endurúthluti þeim til þeirra sem sjá sér fært að gera við þau og koma þeim í stand. En fyrst og fremst verði að hætta að hika við að beita dagsektunum og koma reglu á skipulagsmálin í miðborginni.

„Einn húseigandi eða lóðarhafi hefur ekki rétt á því að troða á lóðum annarra," segir Magnús. „Og með því að taka ekki á því að þessi hús drabbist niður, er nákvæmlega það sem er að gerast. Það er verið að troða á rétti annarra. Það er eins og það sé engin stjórn á þessari borg."

## EIGENDUR BERI KOSTNAÐ FRAMKVÆMDA

Ef byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi telja að útlit húss eða annars mannvirkis sé mjög ósnyrtilegt eða óviðunandi á annan hátt, eða að óþrifnaður eða óþægindi stafi af og eigandi (umráðamaður) sinnir ekki áskorun nefndarinnar/byggingarfulltrúa um úrbætur getur hún látið framkvæma á hans kostnað þær endurbætur er hún telur nauðsynlegar," segir í 61. grein byggingarreglugerðar.

Enn fremur segir í reglugerðinni að sé ásigkomulagi húss eða lóðar þannig háttað að það sé óhæft til íbúðar og eigandi sinni ekki áskorun yfirvalda um úrbætur, geti sveitarstjórn ákveðið dagsektir þar til úr hefur verið bætt.

„Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur byggingarnefnd látið lagfæra, fjarlægja eða rífa mannvirki eða gera nauðsynlegar úrbætur á lóð, sbr. mgr. 210.2, allt á kostnað eiganda (lóðarhafa, umráðamanns), en gera skal honum viðvart áður…"

## EFTIRLIT MEÐ HÚSUNUM TVISVAR Í MÁNUÐI



**BALDURSGATA BRENNUR** Eldur kom upp á Baldursgötu 32 árið 2008, en húsið hafði þá staðið autt í um þrjú ár. Engar úrbætur hafa verið gerðar á húsinu síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu er yfirleitt með reglulegt eftirlit með húsunum tvisvar í mánuði. Þá eru húsin skoðuð og teknar ljósmyndir ef þörf þykir á því. Ef einhverjir ágallar finnast er haft samband við húseiganda og segir Ólafur R. Magnússon, deildarstjóri forvarnasviðs slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, slíkt yfirleitt takast vel. Byggingarfulltrúi sé þá einnig upplýstur um stöðu mála.

„Öryggismálum á þessum svæðum hafa verið fylgt fast eftir," segir Ólafur. „Flest þessi hús eru sæmilega byggð, en þetta er mjög viðkvæmt svæði þarna í 101." Hann bendir þar á að mikilvægt sé að húseigendur gangi þannig frá eignum sínum að börn og unglingar nái ekki að komast inn. Ábendingar berist reglulega þar sem búið sé að rífa frá hurðum eða gluggum í þeim húsum sem slökkviliðið hefur eftirlit með.

„Auðvitað getur hver sem er, ef hann tekur sig til, komist inn í þessi hús. En það má ekki gleyma því að þótt þau standi auð eru þetta samt eigur fólks og alfarið ólöglegt að brjótast inn í þau," segir Ólafur. „Ef það gengur illa fyrir húseiganda að loka sínu húsnæði, hefur byggingarfulltrúi rétt á því að gera það á kostnað þeirra."

Lagður er til þó nokkur mannskapur til þess að sjá um eftirlit með húsunum og telur Ólafur að það sé í eins góðu fari og hægt er.


NÝTT OG GAMALT

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn 11. maí nk. á Hótel Sögu, Harvard-salnum, kl. 8.15–10. Á fundinum fer fram sá merki viðburður að þjóðminjavörður afhendir stofnuninni til varðveislu handrit úr Þjóðminjasafni og eru þar á meðal skinnbrot frá miðöldum. Einnig ber til tíðinda að lesið verður upp nýfundið kvæði Hallgríms Péturssonar í handriti í Uppsölum. Sagt verður frá nýjum örnefnum á Fimmvörðuhálsi, rætt um mikilvægi viðurkenningar UNESCO á íslenskum handritaarfi og flett í nýútgefinni Handbók um íslensku. Einnig verður litið yfir starfsemi stofnunarinnar og til framtíðar.



**Lára Magnúsardóttir formaður stjórnar**
*Ávarp*

**Guðrún Nordal, prófessor og forstöðumaður**
*Starfsemi stofnunarinnar árið 2010*

**Hallgrímur J. Ámundason verkefnisstjóri**
*Örnefni á Fimmvörðuhálsi*

**Þórunn Sigurðardóttir verkefnisstjóri**
*Nýfundið kvæði eftir Hallgrím Pétursson*

**Jóhannes Bjarni Sigtryggsson verkefnisstjóri**
*Handbók um íslensku: leiðarvísir um íslenskt mál*

**Svanhildur Óskarsdóttir rannsóknardósent**
*UNESCO og handritin*

**Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður**
*Afhending handrita úr Þjóðminjasafni*

**Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra**
*Ávarp*

**Skráning á: www.árnastofnun.is fyrir 10. maí 2011**

# GLEÐILEGT ÚTIVISTAR-SUMAR!




Takmarkað úrval í Smáralind



3.690

**MCKINLEY ARIZONA W TOP**
Útivistarbolur úr teygjanlegu efni. 81% polyester, 15% bómull og 4% elastan. Dömustærðir.



3.990

**MCKINLEY NEVADA T-SHIRT**
Útivistarbolur úr teygjanlegu efni. 81% polyester, 15% bómull og 4% elastan. Herrastærðir.



7.990

**MCKINLEY MISSOURI W FUNC SWEATER**
Rennd útivistarpeysa með þunnu flísfóðri.
Litir: Hvít, bleik og svört. Dömustærðir.



9.990

**MCKINLEY OMEGA PANT**
Útivistarbuxur úr léttu efni með góðri öndun.
Hægt að breyta í stuttbuxur. Dömu- og herrastærðir.
Litir: Svartar, brúnar, dökkgrænar.



6.990

**MCKINLEY GABRIEL FUMC SWEATER**
Rennd útivistarpeysa með þunnu flísfóðri.
Herrastærðir.



16.990
(fullt verð 19.990)

**SALOMON VEGA GORE-TEX**
Gönguskór með vatnsheldri GORE-TEX öndunarfilmu. Dömu- og herrastærðir.



1.990

**SILVA METRO**
Lítill áttaviti.



3.690

**SILVA EX DISTANCE**
Skrefamælir. Sýnir skrefafjölda og vegalengd.

**PRO TOUCH IMPACT 77 LIGHT**
Stillanlegir léttir göngustafir.

7.990
(fullt verð 9.990)



10.990

**MCKINLEY CRXSS 28**
Lítill bakpoki fyrir dagsferðir. ERGOFLOW-kerfi tryggir loftflæði um bakið. Regnheld hlíf fylgir.
Stærð: 28 lítrar.



2.490

**PRO TOUCH MAGIC**
Gönguhanskar úr léttu DRY PLUS-efni með góðri öndun.

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is



Hefurðu setið í bíl sem notar 3,7 lítra á hundraðið til Blönduóss?
Sniðug tækni. Nýr Focus opnar til dæmis og lokar grillinu til að minnka eyðsluna. Alveg satt!
Hefurðu setið í bíl sem bakkar sjálfur í þröngt bílastæði?
Sniðug tækni. Nýr Focus hjálpar þér núna að nýta laust, þröngt stæði á Skólavörðustíg. Sparar tíma.
Komdu í Brimborg í dag!
Focus
Ætli nýr Ford Focus
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is


Ford Focus
frumsýning
í dag 12-16
Bíldshöfða 6
komdu í
kaffi &
kleinur
Græn skref í Reykjavík
P
90 mín.
Visthæfur bíll
Ford
Nýtt tákn um gæði
Stýrðu útvarpinu með röddinni
Tengdu gemsann í gegnum bluetooth,
blátannartækni Focus
spari meira en'ann eyðir?
Kostar aðeins frá 3.350 þús. kr!
Saga fjölskyldufyrirtækisins
Brimborgar spannar 47 ár.
Góð þjónusta við bíla og
atvinnutæki hefur verið kjarn-
inn í starfsemi fyrirtækisins
frá upphafi. Örugg þjónustan
byggir á metnaði starfsfólks-
ins, vottuðu gæðastjórnunar-
kerfi og háþróuðu upplýsinga-
kerfi ásamt fyrsta flokks
vörumerkjum.
Brimborg er öruggur staður.
Verið velkomin í Brimborg.
brimborg
Öruggur staður til að vera á









**HART TEKIST Á** Glímuæfingarnar taka verulega á eins og sjá má á meðfylgjandi myndum sem teknar voru á fimmtudaginn var. Þá voru um tuttugu manns á æfingu, þar af ein stelpa. Fjórir glímukappar úr Mjölni eru á leið í undankeppni fyrir Abu Dhabi Combat Club sem fram fer í Finnlandi í lok mánaðarins. ADCC er stærsta og sterkasta glímumót í heimi. Keppnisliðið æfir sex sinnum í viku en Mjölnir stykir keppnisliðið fjárhagslega fyrir ferðina. MYNDIR/STEFÁN

# Æfði fangbrögðin á litlu systur

Upphaf bardagaíþróttafélagsins Mjölnis má meðal annars rekja til þess að verðandi formaður klúbbsins var að æfa fangbrögð á litlu systur sinni. Nú stendur félagið á tímamótum því Mjölniskastalinn verður brátt tekinn í notkun. *Kristján Hjálmarsson* ræddi við **Jón Viðar Arnþórsson**, formann Mjölnis, um félagið, uppganginn, hætturnar við íþróttina og framtíðina.

Ég byrjaði að æfa karate árið 1996 en árið 2003 sá ég kennslumyndbönd í blönduðum bardagalistum á netinu sem mér þótti voða kúl. Ég fór að prófa brögðin á litlu systur minni í eldhúsinu heima, var að pína hana og vin minn sem var að æfa ballett," segir Jón Viðar Arnþórsson bardagaíþróttamaður.

Jón Viðar vissi það ekki þá að níðingsskapurinn yrði kveikjan að stofnun bardagaíþróttafélagsins Mjölnis, þar sem hátt í fimm hundruð manns leita sér nú leiðsagnar.

Eftir að hafa fikrað sig áfram með brögðin auglýsti Jón Viðar æfingu í blönduðum bardagalistum (MMA) hjá karatefélaginu Þórshamri, þar sem hann var sjálfur að æfa. Í kjölfarið hófust þar reglulegar æfingar sem kallaður voru Mjölnisæfingar.

Í líkamsræktarstöðinni World Class var annar hópur einnig byrjaður að þreifa fyrir sér í slíkum fangbrögðum. Árið 2005 sameinuðust svo níu strákar úr þessum tveimur hópum undir merkjum Mjölnis. Þeir skuldbundu sig til að borga ákveðna upphæð á mánuði til að tryggja rekstur félagsins og leigðu húsnæði af Júdófélagi Reykjavíkur. „Ári seinna voru félagarnir orðnir það margir að við treystum okkur til að fara að leigja eigið húsnæði á Mýrargötunni," segir Jón Viðar.

## Vinsælli en boxið

Vinsældir blandaðra bardagalista hafa aukist gríðarlega á síðustu árum. Á Íslandi eru nú fimm bardagaíþróttafélög, tvö í Reykjavík, eitt í Hafnarfirði, eitt á Suðurnesjum og eitt á Akureyri. Hjá Mjölni hefur iðkendum fjölgað um 25-30 prósent árlega frá því að félagið var stofnað og nú æfa rúmlega 500 manns í húsnæði félagsins.

„Þessi íþrótt hefur farið um heiminn eins og eldur í sinu og er að taka yfir aðrar hefðbundnar bardagalistir, karate, kung-fu, aikido, jiu-jitsu og svo framvegis. Blandaðar bardagalistir eru líka orðnar það vinsælar að það er meira horft á þær í bandarísku sjónvarpi en boxið," segir Jón Viðar.

Brasilískt jiu-jitsu og glíma (grappling) eru þær greinar sem er lögð hvað mest áhersla á hjá Mjölni. Íþróttunum er best lýst sem gólfglímu þar sem markmiðið er að ná yfirburðastöðu gagnvart andstæðingnum og fá hann til að gefast upp með lás, svæfingu eða annars konar taki. Bæði er glímt án galla, svokallað nogi, og í galla, gi.

Fyrir mörgum virkar nogi sem afar sérstök íþrótt – tveir léttklæddir einstaklingar liggja í hálfgerðum faðmlögum rennsveittir. Jón Viðar jánkar því að þetta geti komið mörgum spánskt fyrir sjónir. „En þetta er ein hreinasta íþrótt sem hægt er að stunda. Þarna eru tveir að kljást, enginn bolti nálægt, stangir eða hopp. Þetta snýst bara um að takast á, reyna hvor er sterkari og yfirbuga andstæðinginn," útskýrir hann. „Það sem heillar svo við íþróttina er að þetta eru



**JÓN VIÐAR ARNÞÓRSSON** Hann er formaður bardagaíþróttafélagsins Mjölnis.

## ÝMSAR GREINAR MJÖLNIS

**Brasilískt jiu-jitsu:** Tveir einstaklingar glíma í galla sem svipar til júdógalla, sem er yfirleitt kallaður „gi". Keppendur takast á þangað til annar nær að yfirbuga andstæðinginn með lás eða hengingartaki og þvingar hann þar með til uppgjafar. Andstæðingurinn gefur uppgjöf til kynna með því að slá út eins og það er kallað þegar keppandi slær nokkrum sinnum létt á andstæðing sinn eða í gólfið.

**Nogi-glíma:** Sama íþrótt og BJJ nema gallanum er sleppt og iðkendur eru aðeins í stuttbuxum og stundum bol. Þetta gerir glímuna hraðari því auðveldara er að renna úr greipum andstæðingsins en um leið erfiðara að ná góðu taki eins og þegar tekist er á í galla.

**Ólympískir hnefaleikar:** Í ólympískum hnefaleikum er kennd listin að beita fyrir sig höndunum. Í tímum er fyllsta öryggis gætt, þar er æft og keppt með hanska og höfuðhlífar og farið eftir öllum ströngum reglum. Mjölnir er í samstarfi við Hnefaleikafélag Reykjavíkur, sem sér mestmegnis um kennsluna.

**Sparkbox:** Sparkboxtímum svipar til hnefaleika nema ýmsu er bætt við eins og til dæmis spörkum, olnbogum, einföldum fellingum og tökum í návígi.

**Blandaðar bardagaíþróttir (Mixed Martial Arts):** Til að mæta í MMA þarf að hafa grunn í BJJ og hnefaleikum/sparkboxi. Þar er ofantöldum íþróttum fléttað saman. MMA er jafnframt mjög vinsæl atvinnumannaíþrótt um allan heim.

**Víkingaþrek:** Víkingaþrek er heitið á þrekæfingum Mjölnis. Eins og víkingarnir forðum er farið um víðan völl styrktaræfinga og öllu stolið sem best þykir hverju sinni. Á æfingum geturðu til dæmis átt von á því að æfa með ólympískum lóðum, ketilbjöllum, eigin líkamsþyngd, boxpúða, sleggjum, svo eitthvað sé talið.

ALIVENESS
MJÖLNIR MMA



svokallaðar lifandi æfingar. Þú ert alltaf að æfa með mótherja, það eru fáar reglur og það eru ekki fyrir fram ákveðnar æfingar eins og tíðkast í hefðbundnum bardagaíþróttum. Þetta reynir á alla vöðva líkamans og það komast allir í gott form sem stunda þetta.“

**Opna Mjölniskastalann**

Mörgum þykja blandaðar bardagalistir heldur ruddaleg íþrótt enda nánast allt leyfilegt í þeim. Eini hlífðarfatnaðurinn er örþunnir boxhanskar. „Ég skil alveg að fólki finnist íþróttin gróf. En um leið og fólk kynnir sér íþróttina, undirbúninginn að baki henni, reglurnar og allar staðreyndirnar fær það aðra sýn á íþróttina. Fólk meiðist ekki meira í þessu sporti en öðru. Fólk fær kannski fleiri marbletti og fleiri litlar skrámur en alvarleg meiðsli eru ekki algeng,“ segir Jón Viðar.

Jón Viðar hefur starfað sem lögreglumaður undanfarin ár en ætlar að sækja um ársleyfi til að geta helgað sig starfinu í Mjölni. Um mánaðamótin flytur félagið svo í nýtt húsnæði, gamla Loftkastalann við Seljaveg.

„Nú stækkum við húsnæðið verulega og munum kalla þetta Mjölniskastalann. Ég held að þetta sé flottasta aðstaða bardagaíþróttafélags á Norðurlöndunum, ef ekki bara með þeim flottari í Evrópu,“ segir Jón Viðar en í húsinu verður meðal annars aðstaða fyrir áhorfendur og tveir stórir salir með mikilli lofthæð til að æfa í.

Síðasta vetur hófst einnig barna- og unglingastarf hjá Mjölni sem stjórn félagsins bindur miklar vonir við. „Það varð strax fullt hjá okkur í þá tíma og við ætlum að reyna að byggja svolítið á því eins og önnur íþróttafélög gera. Það getur styrkt félagið ansi mikið,“ segir Jón Viðar.

## BOÐIÐ Á STÆRSTA GLÍMUMÓT HEIMS

Gunnar Nelson er skærasta stjarna Mjölnismanna enda talinn einn efnilegasti bardagaíþróttamaður heims. Hann er ósigraður í keppni í MMA (blönduðum bardagalistum) og hefur unnið frækna sigra á jiu-jitsu eða grappling-mótum víða um heim. Frægt er þegar Gunnar lagði Jeff Monson á heimsmeistaramótinu í glímu, ADCC, í Abu Dhabi árið 2009. Monson þessi hefur tvisvar sinnum unnið mótið, er tröllslega vaxinn, 120 kíló að þyngd og frekar óárennilegur að sjá. Það skipti þó engu því Gunnar vann hann á stigum.

Árangur Gunnars varð til þess að honum var boðið að taka þátt í mótinu í ár en aðeins örfáum íþróttamönnum er boðið á þetta stærsta glímumót heims.



**GUNNAR GEGN MONSON** Gunnar Nelson lagði Jeff Monson að velli á glímumóti í Abu Dhabi.









**Ungbörn sofa** að meðaltali sextán til átján tíma og er helmingur svefntíma þeirra svokallaður draumsvefn. Að sögn Ernu Sifjar Arnardóttur virðast draumar vera afar mikilvægir fyrir þroska heilans fyrstu mánuðina. Börn hafa mun meiri svefnþörf en fullorðnir og stærra hlutfall af svefni þeirra er svonefndur djúpsvefn sem er mjög endurnærandi. Eftir því sem fólk eldist missir það hæfileikann til þess að sofa jafn vel og hinir yngri.

# Svefn er mannsins megin

Svefn er hluti lífsins hjá öllum. Margir hunsa þó þennan mikilvæga þátt í lífinu og leyfa sér ekki að sofa eins lengi og nauðsynlegt er. Afleiðingar svefnleysis geta verið alvarlegar, bæði andlegar og líkamlegar. *Sigríður Björg Tómasdóttir* kynnti sér málið.

Svefnþörf flestra fullorðinna eru sjö til átta tímar á sólarhring. Flestir vita að ef þeir sofa of lítið verða þeir þreyttir og einbeiting versnar en það sem mun færri vita er að of litlum svefni fylgja alvarlegar afleiðingar fyrir líkamlega heilsu,“ segir Erna Sif Arnardóttir líffræðingur og doktorsnemi í svefnrannsóknum. Erna Sif hefur beint sjónum sínum að þessum líkamlegu afleiðingum svefnleysis, sem hún segir býsna alvarlegar. „Afleiðingarnar eru til dæmis aukin hætta á hjarta- og æðasjúkdómum, auknar líkur á áunninni sykursýki og offita. Rannsóknir sýna enn fremur að ótímabær dauðsföll eru algengari hjá þeim sem sofa of lítið.“


ERNA SIF ARNARDÓTTIR


ALLAN PACK

### Sofum minna en áður

Erna Sif segir nútímamanninn hafa gengið á sinn eðlilega svefntíma, rannsóknir sýni að fólk sofi að meðaltali um klukkustund minna nú en það gerði fyrir hálfri öld. „Fólk er alltaf að skerða svefntíma sinn, horfa á sjónvarpið eða hanga í tölvunni. Svo ætlum við kannski að vera mjög dugleg og mæta í ræktina klukkan sex en gleymum því að það þýðir að þá þurfum við að vera farin að sofa klukkan tíu.“

Allan Pack, prófessor við Pennsylvaníuháskóla og annar leiðbeinandi í doktorsverkefni Ernu Sifjar, hefur sérhæft sig í svefnrannsóknum um árabil. Hann bendir á að nútímaþjóðfélag geti verið fjandsamlegt þeim sem vildu glaðir sofa sjö til átta tíma en eru svokallaðar b-manneskjur, fara seint að sofa en fá ekki að sofa eins lengi og þeir vildu. „Þeir sem ekki sofa nóg eru að svipta líkamann svefni og það getur haft alvarlegar afleiðingar,“ segir Pack.

„Fyrir þá sem eru mjög öfgafullar a- eða b-manneskjur getur verið mjög erfitt að vera til í nútímaþjóðfélagi,“ segir Pack, sem segir erfitt ef ekki ómögulegt að breyta þessum takti, við séum „forrituð“ til þess að fylgja líkamsklukkunni.

„Svefn er algjörlega nauðsynlegur fyrir líkamann og því er það afar hættulegt heilsunni ef fólk gengur á svefntíma sinn. Þegar við sofum þá erum við ekki bara að hvíla okkur, þegar við sofum er líkaminn líka að endurnýja efni í frumum líkamans sem við göngum á yfir daginn, heilinn er líka mjög virkur þegar við sofum,“ segir Pack sem bendir á að auk þess sem svefnleysi geti skert lífsgæði fólks mikið þá geti það einnig beinlínis verið hættulegt.

### Hættulegt að sofa of lítið

„Yfir 50 prósent alvarlegra bílslysa í Bandaríkjunum eiga sér stað þannig að bílstjóri ekur út af, sem oft er afleiðingin þegar bílstjórar sofna undir stýri.“ Vöruflutningabílstjórar tilheyra hópi fólks sem vinnur á óvenjulegum tímum og langar vaktir. Pack segir þá sem vinna vaktavinnu leggja mikið á líkamann. „Þeir sem vinna vaktir ná sjaldnast sömu rútínu og aðrir. Það hefur áhrif á líkamsklukkuna okkar, öll líffæri okkar hafa innbyggða sólarhringsklukku og þeir sem ekki fylgja neinni rútínu rugla henni,“ segir Pack.

Erna Sif segir eina svefnlausa nótt nægja til þess að breytingar verði á líkamsstarfsemi. „Mælingar í blóði sýna fram á að það verða strax breytingar eftir eina svefnlausa nótt. Það verður mælanleg aukning á svokölluðum bólgumarkerum, sem finnast í auknum mæli í fólki með hjarta- og æðasjúkdóma. Annað sem gerist er að það verður brenglun á sykurbúskap líkamans, sykurþol skerðist og það eykur líkur á sykursýki. Sömuleiðis verður brenglun á hormónum sem valda hungri. Ef maður hefur ekki sofið vel þá verður maður svengri. Líkaminn kallar á mat og raunar kallar hann á óhollan mat, einföld kolvetni og sykur.“

### Þriðjungur glímir við svefnvanda

Eins og áður sagði er svefnþörf flestra fullorðinna um sjö til átta tímar. Börn þurfa meiri svefn en eftir að fólk er fullvaxið minnkar svefnþörfin. En það er ekki bara að svefnþörfin minnki, samsetning á svefni breytist. Börn fá meiri djúpsvefn en fullorðnir og eftir því sem fólk eldist fjölgar svefnvandamálum af ýmsum toga.

Raunar eru vandamál tengd svefni svo algeng að talið er að þriðjungur fullorðinna eigi við svefnvandamál að stríða á einhvern tíma á lífsleiðinni. Vandamálin eru af ýmsum toga. Kæfisvefn er vandamál sem talið er að hrjái um fjögur til fimm prósent fullorðinna. Kæfisvefn lýsir sér þannig að einstaklingar fá öndunartruflanir í svefni sem kemur vitaskuld niður á gæðum svefnsins. Verkir vegna veikinda geta haft áhrif á svefn, tanngnístur og fótaóeirð svo dæmi séu tekin. Kvíði og streita geta líka valdið svefnleysi.

Þrátt fyrir mikilvægi svefns hefur verið frekar lítil áhersla á rannsóknir á svefni, þó það sé að breytast. Pack bendir á að það sé merkilega lítil vitund um mikilvægi svefns. Skýringuna sé meðal annars að finna í því hversu stutt sé síðan farið var að kenna um svefnvandamál í læknisfræði. „Margir læknar eru fákunnandi um svefnvandamál og vita ekki hvernig á að taka á þeim. Við sem vinnum við svefnrannsóknir verðum að gera betur í að bæta þekkingu fólks á svefni. Við höfum til dæmis beitt okkur í því að gera svefni skil í líffræðikennslu framhaldsskólanema,“ segir Pack.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársfundur 2011

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 16.00, að Borgartúni 29, 4. hæð.

Dagskrá

1. Flutt skýrsla stjórnar
2. Gerð grein fyrir ársreikningi
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
5. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19. 04. 2011

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

## MIKILVÆGT AÐ RJÚFA VÍTAHRING SVEFNLEYSIS


Erla Björnsdóttir

Erla Björnsdóttir er sálfræðingur og doktorsnemi sem vinnur að rannsókn á tengslum svefnleysis og andlegrar líðanar hjá kæfisvefnssjúklingum. Hún vinnur einnig hjá Heilsustöðinni við það að meðhöndla fólk við svefnleysi.

„Svefnleysi á sér nokkrar ólíkar birtingarmyndir. Fólk sem þjáist af svefnleysi getur í fyrsta lagi átt erfitt með að sofna á kvöldin, í öðru lagi þá vaknar það á nóttinni og á erfitt með að sofna aftur, í þriðja lagi þá vakna sumir of snemma og í fjórða lagi þá hvílist fólk ekki, fær sem sagt ekki þennan endurnærandi svefn sem er svo mikilvægur.“

Erla segir streituvaldandi þætti í umhverfi oft valda svefnleysi í byrjun, til dæmis erfiður skilnaður, erfið börn, brjóstagjöf eða mikið stress í vinnu. „Stundum kemur fólk til mín í meðferð við svefnleysi sem ekki veit hver var kveikjan að svefnleysinu. Hún er kannski löngu horfin en eftir situr svefnleysið og fólk kannski komið í mjög slæman vítahring sem erfitt er að komast út úr.“

Langvarandi svefnleysi getur haft mikil áhrif á daglegt líf. „Það veldur orkuleysi og hefur neikvæð áhrif á lunderni, fólk sem þjáist af svefnleysi verður oft afar upptekið af svefninum. Það hefur áhyggjur allan daginn af því hvernig það muni sofa næstu nótt. Þegar fólk svo festist í vítahring svefnleysis getur verið afar erfitt að rjúfa hann,“ segir Erla sem segir langvarandi svefnleysi hljóta að hafa áhrif á geðheilsu fólks og fyrstu niðurstöður rannsókna hennar bendi einmitt til þess.

Erla hefur lagt stund á hugræna atferlismeðferð við svefnleysi sem hún segir að rannsóknir sýni að gagnist best við langvarandi svefnleysi, svefnlyf geti verið góð til að rjúfa vanda tímabundið en þau séu gagnslaus er til lengri tíma er litið. Erla segir að oft geti þeir sem þjást af svefnleysi þurft að breyta mörgum litlum atriðum, nokkur eru nefnd í dálknum hér til hliðar.

Þeir sem haldnir eru svefnleysi kannast margir við það að sitja yfir sjónvarpinu og vera alveg að sofna, glaðvakna svo þegar stigið er yfir þröskuld svefnherbergisins. „Það er vegna þess að fólk er vant að bylta sér í rúminu og er farið að tengja það við vökuástand.“ Erla segir mikilvægt að svefnherbergið sé griðastaður fyrir nætursvefn, ekki sé gott að vera þar mikið á daginn. „Fólki sem er í meðferð við svefnleysi ráðleggjum við oft að minnka tímann sem það er í rúminu en markmiðið er að auka gæði svefnsins. Það er ekki gott að liggja of lengi í rúminu án þess að vera sofandi.“

## Rútína og ró

- **Svefnherbergið** Mikilvægt er að svefnherbergið sé griðastaður og rúmið ekki notað fyrir annað en svefn og kynlíf.
- **Truflun** Tölvur, sjónvarp, jafnvel bækur geta truflað svefn hjá fólki. „Allt of margir fara með tölvuna í rúmið og horfa á sjónvarpið. Mörg hjón gera upp daginn uppi í rúmi. Allt þetta vinnur gegn góðum svefni, því þú ferð að tengja rúmið við annað en svefn,“ segir Erla.
- **Vani** Rútína er mikilvæg fyrir góðan nætursvefn; að fara að sofa á sama tíma og vakna á sama tíma.
- **Næring** Þeir sem eiga erfitt með svefn ættu að forðast koffín eftir hádegi, mataræði hefur einnig áhrif á svefn.
- **Tími** Ekki er ráðlegt að liggja of lengi í rúminu ef fólk glímir við svefnleysi. „Það er ekki gott að liggja of lengi í rúminu án þess að vera sofandi,“ segir Erla.





Smáralind
Krakka dagar
5.-8. maí
Smáralind iðar af lífi
á Krakkadögum
Dagskrá í Vetrargarðinum
– Kl. 13 lau. Íþróttaskóli Latabæjar
með Sollu stirðu í fararbroddi
– Kl. 14 lau. & sun. Dansflokkur frá
DanceCenter Reykjavík
– Kl. 15 lau & sun. Parkour-sýning
DANCE CENTER
PARKOUR A.T.S FREERUN
Göngugatan
Hoppukastali, Latabæjarleikmunir,
tröllvaxinn Playmobil-hestur,
risastór Cheerios-pakki og margt
fleira í boði fyrir börnin.
playmobil
Cheerios
20% afsláttur
af öllum barnafatnaði
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
50% afsláttur
af völdum barnaskóm
INTERSPORT
30% afsláttur
af öllum vörum
adams kids
30% afsláttur
af öllum vörum
Zink
Hopp og Rio
Venjuleg sýning 750 kr.
3D sýning 1.050 kr.
SMÁRABÍÓ
30% afsláttur
af öllum barnakjólum og
strákapeysum
UNITED COLORS OF BENETTON
Bata barnaskór
frá 2.390 kr.
Bata
30% afsláttur
af CeLaVi fatnaði
BabySam
20% afsláttur
af kjólum, leikföngum
og sundfötum
DEBENHAMS
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000

# GERÐU G



1 PAR **4.995,-**

NÝTT

**Sandalar**
Flottir, svartir sandalar á dömur og herra. Einstaklega léttir og þægilegir. Dömustærðir: 36-41. Herrastærðir: 40-46.



BORÐ OG 2 STÓLAR **29.990,-**

SPARIÐ 9.900

**ALGHERO borð og 2 GENOVA armstólar**
Vandað borð með sterkum granítfæti og klætt með sterku polyrattan efni. Stólar í stíl með örmum, klæddir með sterku polyrattan efni. Stærð á borði: B70 x L70. Borð **19.900,-** Stóll **9.995,-**



VERÐ PR. MTR. FRÁ: **995,-**

**Fataefni**
Eigum jogging-, stroff-, viscose- og rayonefni í miklu úrvali. Komdu og skoðaðu úrvalið. Frábært verð!



KRÍTAR 15 STK. **299,-**

**Krítar 15 stk.**
Full fata af stórum og góðum krítum í allskonar litum!



**TOP ROLLER plastkassi**
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum. Langt og gott handfang. Stærð: 59,3 x 39,3 x 34,2 sm.

SPARIÐ 500

FULLT VERÐ: 2.495,- **1.995,-**



LÁGIR CANVAS SKÓR **2.495,-**

NÝTT

**CANVAS CASUAL skór**
Mjög flottir strigaskór, hægt að fá lága eða uppháa. Nokkrir litir. Stærðir: 36-42. Lágir **2.495,-** Háir **2.995,-**



FERÐARÚM **8.995,-**

**SAMSON barnaferðarúm**
Létt og handhægt barnaferðarúm, kemur í góðri tösku. Stærð: 60 x 120 sm.

# ÓÐ KAUP!

TILBOÐIN GILDA 07.05 - 08.05



ALLT SETTIÐ
1.995,-

**Krokketsett fyrir 4**
Frábært krokketsett fyrir 4. Með kylfum, boltum, staurum og bogahliðum. Skemmtilegur leikur fyrir alla fjölskylduna!



SUMARSÆNG
2.995,-
NÝTT
BEDDING

**BAHAMAS sumarsængur**
Mjúkar og léttar sumarsængur fylltar með sílikonhúðuðum holtrefjum. Áklæði úr 100% bómull. Fást í nokkrum fallegum munstrum og litum.



**BRESCIA sólstóll**
Flottur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Stóllinn er með góðum hauspúða og hægt er að halla baki. Litur: Svartur.

SÓLSTÓLL
7.495,-

SINGER



FULLT VERÐ: 29.950,-
24.950,-
SPARIÐ 5.000

**SINGER TALENT 3321 saumavél**
Frábær SINGER saumavél sem gerir öll helstu sporin, zikkzakk, hnappagöt o.fl. Er með nálarþræðara.



FULLT VERÐ: 69.950,-
49.950,-
NÝTT
SPARIÐ 20.000

**FALSTER tungusófi**
Flottur og stílhreinn tungusófi með PU áklæði. Litur: Svartur. Hægt að fá með tungunni hægra eða vinstra megin. Stærð: B196 x L140 x D92 sm. Frábært verð!



VERÐ ÁÐUR: 1.995,-
1.795,-
SPARIÐ 200

**Barnastóll**
Flottur samleggjanlegur stóll fyrir yngstu kynslóðina. Fást í 4 mismunandi litum og gerðum.

WellPur



HEILSUKODDI
1.995,-

**MOUNT RUSHMORE WELLPUR heilsukoddi**
Góður alhliða heilsukoddi með brýstijafnandi eiginleika. Mjúkt og gott áklæði. Poki fylgir. Tilvalinn ferðakoddi! Stærð: 24 x 42 x 13 sm.



NÝTT
1 PAR
1.495,-

**Netaskór með blómum**
Sætir og nettir sumarskór, fáanlegir í nokkrum litum. Stærðir: 36-41.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**LISTIN ER LÖNG** Fjölmenni var á fyrstu þrennum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu sem fram fóru í vikunni. Salurinn Eldborg er glæsilegur á að líta og tekur alls 1.800 manns í sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Langri bið loksins lokið

Fyrstu þrennir tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru haldnir í **Hörpu** í vikunni, en sjálf opnunarhátíðin fer fram um þessa helgi. ***Valgarður Gíslason*** ljósmyndari skellti sér á aðra tónleikana og barði augum húsið sem margir hafa beðið lengi eftir.



**HÁTT TIL LOFTS OG VÍTT TIL VEGGJA** Gestir virða fyrir sér húsakynnin í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**MARGNOTA HÚS** Margs konar starfsemi fer fram í Hörpu. Fyrir utan að hýsa allar tegundir tónlistar munu þar fara fram ráðstefnur og í húsinu eru líka veitingastaðir og verslanir, meðal annars.

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]

maí 2011

## Sameinar heima

**Bergþóra Magnúsdóttir hefur hannað stafakubba sem sameina heima sjáandi og heyrandi, blindra og heyrnarlausra.**

SÍÐA 2






## Sækjast eftir umgengni

**Afleiðingar hjónaskilnaða eru stundum þær að tengsl við afa og ömmur minnka.** SÍÐA 6





Er þitt barn okkar barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin" í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu **okkar.is** og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

zebra

okkar




# Barnabörn eru gjafir Guðs

Afar eru einstakir dýrgripir sem spila verðmætt hlutverk í lífi barna. Fjölskyldan hitti fyrir þrjá frábæra afa af þremur kynslóðum.

„Vá, hvað það eru margir afar hér!" hrópuðu börnin á leikskólanum Undralandi þegar þeim var fyrst boðið í heimsókn á hjúkrunarheimilið Bæjarás í Hveragerði á haustdögum, en þar hafa þau nú myndað kærleiksrík afa- og ömmutengsl við elstu kynslóðina, en ekki síst við listamanninn Þórarin Samúelsson sem kemur þangað í dagdvöl alla virka morgna.

„Þegar Bæjarás opnaði 2009 hafði ég samband við skólana í Hveragerðisbæ með ósk um samstarf og úr varð að tveir litlir hópar fimm ára barna koma hingað í heimsókn tvisvar í viku," segir Steinunn Gísladóttir, heimilisstýra á Bæjarási, en Undraland er einmitt í túnfæti hans.

Bæjarás vinnur eftir Eden-hugmyndafræði, þar sem dregið er úr einmanaleika og vanmáttarkennd aldraðra með heimsóknum dýra og barna, en þá skapast tækifæri fyrir þá eldri að gefa þeim yngri af sjálfum sér.

„Þórarinn er mikill barnavinur og tekur á móti börnunum sem kalla hann aldrei annað en afa og heilsa honum með hlýju og virktum. Stundum er hann kominn á fjóra fætur í leik við þau en mest er hann natinn að kenna þeim sitthvað í myndlist. Andrúmsloftið er heimilislegt og börnin sísvöng, eins og gjarnan í heimsóknum hjá afa og ömmu, og Þórarinn gefur þeim kex og djús á milli þess sem hann spjallar við þau og hlustar á það sem þau hafa fram að færa."- þlg

FRAMHALD Á SÍÐU 4




**HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI**

*Vönduð vara, gott úrval, áratuga reynsla.*

MAÍ TILBOÐ





OSO HOTWATER

*Norskir ryðfríir hitakútar*

Stærðir: 5-300 lítrar

WÖSAB

*Olíufylltir rafmagnsofnar*

Stærðir: 250W-2000W

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is







**Sjónleikur** „Þetta verkefni virðist standa nærri hjarta fólks," segir Bergþóra Magnúsdóttir um útskriftarverkefni sitt frá Listaháskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kubbarnir Sjónleikur sameina heima

**Útskriftarverkefni Bergþóru Magnúsdóttur úr grafískri hönnun við LHÍ er stafakubbasett. Hún segir kubbana sameina í leik heima sjáandi og heyrandi, blindra og heyrnarlausra.**

Sjónleikur er stafakubbasett sem ætlað er börnum á aldrinum fjögurra til sjö ára," segir Bergþóra Magnúsdóttir um útskriftarverkefni sitt úr grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. „Sjónleikur sameinar í leik heima sjáandi og heyrandi, blindra og heyrnarlausra. Hver kubbur er helgaður einum bókstaf stafrófsins þar sem hann er sýndur á ritmáli, með blindraletri og táknmálsmynd stafsins og mynd. Kubbarnir veita börnunum innsýn í fleiri heima tungumálsins en þeim er tamt og birtir þeim ólík tjáningarform." Hvert stafasett inniheldur 32 kubba sem eru stafir íslenska stafrófsins og eru sérhljóðar einkenndir með bleikum lit, samhljóðar með bláum. En hvernig kviknaði hugmyndin? „Síðasta sumar fékk ég styrk frá nýsköpunarsjóði námsmanna og hannaði íslenska stafaöskju þar sem ég var bara að vinna með bókstafina án myndar. Það verkefni var tilnefnt til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Þessi heimur hefur lengi verið mér mjög hugleikinn, mamma er kennari og ég er alin upp við það að velta þessum málum fyrir mér."



**Stafakubbar** Útskriftarverkefni Bergþóru.

Átt þú börn? „Ég á tveggja ára stelpu sem er bara nákvæmlega eins og börn eiga að vera, en algengasta spurningin sem ég fæ í sambandi við þetta verkefni er hvort ég eigi blint eða heyrnarlaust barn. Kveikjan að verkinu var að mig langaði að gera eitthvað fyrir börn sem hefði dýpri merkingu og kenndi börnum að þekkja fleiri heima og verða meðvituð um það að þessi tungumál, blindraletrið og táknmálið, eru alveg jafn gild og tungumálið sem við tölum."

Verkefni Bergþóru er unnið í samstarfi við þrjú fyrirtæki, Lógóflex, Artis og Fókus, og segist hún mjög þakklát fyrir hvað fólk hafi verið áhugasamt og hjálpfúst. „Þetta verkefni virðist standa nærri hjarta fólks og það hefur verið mjög gaman að fylgjast með viðbrögðum fólksins á sýningunni," segir Bergþóra sem vinnur nú að því að koma kubbunum í framleiðslu. *- fsb*

## BARNVÆNT



**Fagna útgáfu púsluspils** Puzzled by Iceland býður í fjölskylduvænt kaffi í Toppstöðinni í Elliðaárdal á mæðradag í tilefni af nýtilkomnu samstarfi við UNICEF og útgáfu púsluspilsins Móðurást. Af hverju seldu púsli munu 500 krónur renna til UNICEF en fyrir þá upphæð geta samtökin meðal annars keypt 60 skammta af saltupplausn sem hjálpar til við að vinna bug á ofþornun og niðurgangi hjá börnum eða 427 skammta af A-vítamíni fyrir börn sem er nauðsynlegt fyrir sjón, ónæmiskerfi, vöxt og þroska.

Puzzled by Iceland, sem er í eigu Guðrúnar Heimisdóttur og Þóru Eggertsdóttur, var stofnað í ágúst í fyrra. Hugmyndin kom upp þegar þær voru í fæðingarorlofi en báðar eru tveggja barna mæður. Það lá því beint við að halda útgáfuhófið á mæðradaginn. Puzzled by Iceland framleiðir púsl með íslenskum myndum og lenti viðskiptahugmyndin í öðru sæti í Gullegginu, frumkvöðlakeppni Innovit, fyrir skemmstu. Þá fengu eigendurnir veglegan styrk frá Atvinnumálum kvenna til að fara með vörumerkið Puzzled by í útrás í lok apríl. Útgáfuhófið hefst klukkan 15 á sunnudag og mun frú Vigdís Finnbogadóttir taka við fyrstu Móðurástinni en hún er verndari heimsforeldra UNICEF á Íslandi.






**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Gunnar V. Andrésson Pennar: Júlía Margrét Alexandersdóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir 512-5462 sigridurdagny@365.is*


ego dekor
Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-
ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-
BORÐSTOFUBORÐ
200X100
TILBOÐSVERÐ: 87.920,-
HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-
Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-
TV Skenkur
Breidd: 200m
Verð: 98.000,-
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
KINGSTON Leðurtungusófi
Stærð: 250X165
Verð: 278.000,-
ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-
PINK DREAM tungusófi
Stærð: 292X160
Verð: 194.650,-
NORGE tungusófi
Stærð: 302X215
Verð: 246.600,-
CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-
PRIMA stóll
Verð: 13.800,-
VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-
NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-
Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is





# Besta útgáfa afa í afab

Barnabörn eru Guðs gjafir og afar verðmætar. Það er óskaplega góð tilfinning að verða afi og skemmtilegt að upplifa hvernig maður hugsar öðruvísi um afabörnin með aukinni lífsreynslu og þroska. Þá áttar maður sig betur á smámunum í fari lítilla barna, og þótt ég vanmeti ekki ábyrgð og uppeldisskyldur ömmu og afa eru þær öðruvísi og auðveldara að dekra við börnin, þótt stundum sé í trássi við foreldrana," segir alþingismaðurinn Árni Johnsen, sem á fimm barnabörn sem hann heldur góðu sambandi við og ræktar hvenær sem færi gefst.

„Ég fylgist vel með hverju og einu þeirra en vildi geta átt með þeim miklu fleiri samverustundir. Þau eru kraftmikil og eru til í hlutina og auðvelt að ná tengslum við þau, því þau eru öll opin og skemmtileg. Við erum sannir vinir og þau geta leitað til mín hvenær sem er og með hvað sem er, þótt ekki þurfi að orðlengja það við þau; þau einfaldlega vita hvar þau eiga mig," segir Árni, sem lítur á afahlutverkið sem ríkuleg hlunnindi.

„Það er hlý og sterk tilfinning að fá að verða samferða barnabörnum sínum og njóta lífsins með þeim, hvetja þau og fagna. Mikilvægast er þó veganestið sem maður gefur þeim af sjálfum sér og það besta sem ég get kennt þeim er að gera gott úr öllu, eiga sér markmið og vera vinnusöm í margri mynd," segir Árni, sem



**Árni með afastelpunum sínum** Það eru ávallt fagnaðarfundir þegar Árni hittir barnabörnin en á myndina vantar sonarsoninn Eldar Brekason 8 ára. Stelpurnar eru frá vinstri talið Telma Ösp 8 ára, Margrét Lára 6 ára, Una Brá 17 ára og Andrea Rós 13 ára, allar Jónsdætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTO




## Vindáshlíð

**Sumarbúðir fyrir stúlkur á aldrinum 9-17 ára.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. flokkur | 9.-15. júní | 9-11 ára | **Fullbókað** |
| 2. flokkur | 16.-22 júní | 10-12 ára | **Örfá pláss laus** |
| 3. flokkur | 23.-29. júní | 11-13 ára | **Fullbókað** |
| 4. flokkur | 30.-06. júlí | 12-14 ára | **Örfá pláss laus** |
| 5. flokkur | 07.-13. júlí | 10-12 ára | **Laust pláss** |
| 6. flokkur | 14.-20. júlí | 11-13 ára | **Fullbókað** |
| 7. flokkur | 21.-27. júlí | 9-11 ára | **Laust pláss** |
| 8. flokkur | 02.-08. ágúst | 11-13 ára | **Laust pláss** |
| 9. flokkur | 09.-15. ágúst | 10-12 ára | **Laust pláss** |
| 10. flokkur | 16.-19. ágúst | 14-17 ára | **Laust pláss** |

**Verð kr. 43.500 fyrir 1.-9. Flokk.**
**Verð kr. 25.000 fyrir 10. Flokk.**
**Innifalið er rútur, gisting, dagskrá og fullt fæði.**

**Netskráning á www.kfum.is**

Vinsamlega hafið samband við Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK í síma 588 8899 ef óskað er eftir að skipta greiðslu.

KFUM KFUK


# Afi er sannur og ævilang

Afi og amma eru lykilpersónur í lífi barna því öllum börnum er mikilvægt að kynnast öðrum en foreldrum sínum; einhverjum sem lifa annars konar lífi og hafa annað fram að færa, en láta sér líka heils hugar annt um þau," segir Garðar Guðnason, 46 ára arkitekt og nýorðinn afi í fyrsta sinn.

„Ég gladdist mjög þegar fréttist að barnabarn væri á leiðinni og fannst það alveg tímabært, þótt enginn í mínum vinahópi sé orðinn afi og einn af mínum bestu vinum nýbakaður faðir á ný," segir Garðar.

Hann segir dásamlega upplifun að verða afi. „Ég reyni að hitta barnabarnið sem oftast og vera í góðu sambandi, ásamt því að styðja við bakið á fjölskyldunni eftir þörfum. Nú þegar er ég búinn að passa afastrák og víla það ekkert fyrir mér, en það gekk mjög vel framan af. Ég var með pela til að gefa honum að drekka og svo átti snáðinn að sofna en hann vildi miklu frekar vera í selskap afa síns. Þegar leið á fjörið varð hann sársvangur og ég þeirri stundu fegnastur þegar mamma hans kom aftur," segir Garðar sæll.

„Afar hafa öðru að miðla til barnabarna en foreldrarnir og það vil ég einnig gera; miðla af lífi mínu og gildum, rétt eins og afar mínir gerðu með sínum mörgu og ljúfu samverustundum þegar ég sleit barnsskónum," segir Garðar og útskýrir hvað honum þykir mikilvægasta veganestið til Birkis Arnar.

„Ég kenni honum að leggja sig fram við allt sem hann gerir, vanda sig í lífinu og kunna að meta verðmætin í fólkinu í kringum sig. Þá hlakka ég til að tala við Birki þegar hann kemst til vits og ára um lífið og tilveruna, og vil vera honum sami kletturinn og ömmur mínar og afar voru mér, en í þeim átti ég ævilanga vini og velgjörðarmenn," segir Garðar. - þlg







Ítarlegur bæklingur
á heimasíðu okkar.
www.sumarbudir.is






**"Spennandi útilífsævintýri - fjör og hópefli"**

Kassaklifur-GPS ratleikir-Bátasiglingar-Vatnaleikir-Frumbyggjastörf

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri
Upplýsingar og skráning á netinu - www.ulfljotsvatn.is

**INNRITUN ER HAFIN - Opið virka daga kl 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotsvatn.is**



Glóðaðar krásingar
**Uppskriftir að girnilegum réttum.**
BLS 2



Góð ráð
**Nokkur góð grillráð.**
BLS 3



Ellingsen er einn stærsti söluaðili gasgrilla á Íslandi að sögn Bjarna Guðjónssonar verslunarstjóra. MYND/GVA

# Alhliða útivistarverslun

**Í Ellingsen að Fiskislóð 1 er valinn maður í hverju rúmi og því fá viðskiptavinir bestu mögulegu þjónustu.**

„Ellingsen er rótgróið fyrirtæki, stofnað árið 1916. Upphaflega var það í þjónustu við útgerð en þegar við fluttum í Fiskislóð árið 2006 urðu nokkrar breytingar á fyrirtækinu. Ellingsen fór úr því að þjónusta útgerðina yfir í að vera alhliða útivistarverslun,“ segir Bjarni Guðjónsson, verslunarstjóri Ellingsen, og telur að breytingarnar hafi lagst vel í flesta. „Sumir sakna tjörulyktarinnar sem var í gömlu búðinni en almennt er fólk að verða betur meðvitað um fyrir hvað við stöndum,“ segir hann glettinn.

Ellingsen rekur tvær verslanir, aðra að Fiskislóð en hina við Tryggvabraut á Akureyri. Í þessum verslunum er að finna öflugar veiðideildir sem sinna bæði stangveiði og skotveiði og bjóða vörur í merkjum á borð við Hardy, Loop og Abu í stangveiði og Browning, Winshester og Sako í skotveiðinni.

Í Ellingsen er einnig ört stækkandi deild með útivistarfatnað. „Sala á barnafötum hefur verið mjög góð og einnig er vaxandi sala í fötum á fullorðna,“ segir Bjarni og bætir við að aðalmerkin séu Devold undirfatnaður, Columbia fatnaður og skór, Didriksson og von er á fleiri merkjum á borð við Nike.

Ellingsen er einn stærsti söluaðili gasgrilla á Íslandi. „Við erum með þessi týpísku gasgrill á svalir og palla sem við látum framleiða fyrir okkur og heita einfaldlega Ellingsen-grillin. Þau hafa staðið sig mjög vel. Þá erum við einnig með ódýrari grill af gerðinni Campingaz og svo ferðagasgrill frá Coleman sem eru mjög vinsæl enda fer lítið fyrir þeim og þau hita feikivel,“ segir Bjarni.

Fjölbreytileikinn er mikill í Ellingsen. Til dæmis er þar boðið upp á Can-am fjórhjól og Ski-doo og Lynx vélsleða. Til að þjónusta þessi tæki opnaði fyrirtækið þjónustuverkstæði við Vatnagarða 12. Þá er í Ellingsen einnig hægt að kaupa fellihýsi, tjaldvagna og hjólhýsi.

„Það sem við höfum hins vegar fram yfir aðrar verslanir er sú þekking sem starfsfólkið býr yfir,“ segir Bjarni en í Ellingsen er sérfræðingur í hverri deild. „Við erum með byssusmið í skotveiðinni, hjálparsveitarfólk í fatadeildinni og sérfræðinga í grillum og stangveiði,“ segir Bjarni og lítur björtum augum til framtíðarinnar.



**● FERÐATÆKJASÝNING Í ELLINGSEN** Nú um helgina er ferðatækjasýning í Ellingsen. Ellingsen býður mikið úrval af tjaldvögnum, fellihýsum, A-húsum og húsbílum. Vagnarnir eru þrautreyndir við íslenskar aðstæður og hafa notið mikilla vinsælda.

Ellingsen býður viðskiptavinum upp á allt að 70% fjármögnun með greiðsludreifingu. Sífellt fleiri velja nú ferðavagna fram yfir hefðbundin tjöld í útilegu.



**● HANDHÆG FERÐAGRILL** Í augum margra er sumarið tíminn til að grilla. Mikil þróun hefur átt sér stað í framleiðslu gasgrilla undanfarin ár og gæðin verða sífellt meiri. Ellingsen býður allar tegundir hágæðagrilla í öllum stærðum. Og það er alveg óþarfi að slá af grillkröfum þótt haldið sé í ferðalag.

Ferðagrillið er lítið, handhægt og nett og þægilegt að taka með sér í ferðalagið eða útileguna. Það pakkast vel og tekur lítið pláss en býr yfir sömu gæðum og stærri gasgrillin sem fást í Ellingsen.

GRILLUM Í SUMAR






BJÓÐUM EINNIG FRÁBÆRT ÚRVAL AF GRILLFYLGIHLUTUM Í VERSLUN OKKAR

GASGRILL ELLINGSEN
Grillflötur 450x700 mm
4 brennarar, ryðfrítt stál
15.750 kr.
léttgreiðsla í 6 mán.
FULLT VERÐ 94.500 KR.

GASGRILL ELLINGSEN
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar
11.650 kr.
léttgreiðsla í 6 mán.
FULLT VERÐ 69.900 KR.

CAMPINGAZ EL PRADO GASGRILL
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar
6.650 kr.
léttgreiðsla í 6 mán.
FULLT VERÐ 39.900 KR.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 111248

N1

ELDHEITT EINTAK

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖNDUÐUM GRILLUM SEM HENTA VEL ÍSLENSKUM AÐSTÆÐUM. KOMDU VIÐ Í VERSLUNUM EÐA ÞJÓNUSTUSTÖÐVUM N1 OG FINNDU RÉTTA GRILLIÐ FYRIR ÞIG.



076 53603IS
**BROIL KING – GEM**
- 8,8kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

**44.980 kr.**



076 54723IS
**BROIL KING – MONARCH 20**
- 12kW / 40,000 BTU Super 8™ brennari úr riðfríu stáli
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

**66.979 kr.**



076 986553IS
**BROIL KING – SIGNET 20**
- 13.2kW / 44,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 3 Dual-Tube™ ryðfríir línubrennarar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Skápur með hurðum úr stáli

**99.980 kr.**



076 986583IS
**BROIL KING – SIGNET 90**
- 13.2kW / 44,000 BTU Dual-Tube™ brennarar
- 2.7kW / 10,000 BTU hliðarhella úr riðfríu stáli
- 5.25kW / 15,000 BTU bakbrennari fyrir grilltein
- 3 Dual-Tube™ ryðfríir línubrennarar
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Rotaisserie grillteinn
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Skápur með hurðum úr stáli

**124.980 kr.**



076 900653
**BROIL KING PORTA-CHEF PRO FERÐAGRILL**
- 5kW / 14,000 BTU brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðuð járngrind til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi

**29.900 kr.**

N1 VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni









# Ljúffengar kræsingar

**Kjöt og kjúklingur er ekki það eina sem bragðast vel af grillinu. Hægt er að kokka upp hina ýmsu rétti á grillinu og hér eru dæmi um nokkra þeirra en á netinu má finna úrval góðra grilluppskrifta.**

### Grillaðir tómatar

**3-4 tómatar**
**Ólífuolía**
**Salt'n' Spice seasoning**
**Rifinn ostur**

*Tómatar eru skornir í báta og settir í eldfast mót. Ólífuolíu hellt yfir og kryddað vel. Rifnum osti er dreift yfir og hitað í ofni þar til hann er bráðinn.*

### Grillaðir humarhalar

**Humar**
**Hvítlaukur**
**Smjör**

*Humarhalarnir eru hreinsaðir og klippt- ir þannig að humarinn liggi í skelinni en auðvelt er að nota gaffal til að ná kjötinu upp úr. Nokkur hvítlauksrif eru pressuð ofan í brætt smjör. Humrinum er raðað á álbakka, smjöri og hvítlauk smurt yfir og grillað.*

### Sósa

**Hrein jógúrt**
**Gúrka**
**Hvítlauksrif**

*Hvítlauksrif eru pressuð og gúrka rifin ofan í hreina jógúrt.*

*Gott er að borða humarinn með hrísgrjónum og fersku salati.*

Kennt er skv. námskrá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

**Klarinettkennari**
**80% starf**
Kennt er skv. námskrá tónlistarskóla útg. af menntamálaráðuneytinu.

**Rafbassakennari**
**20-40% starf**
Kennt er skv. námskrá tónlistarskóla útg. af menntamálaráðuneytinu.

Umsóknum skal skilað til starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær, eða á mittreykjanes.is

**Umsóknarfrestur er til 20. maí n.k.**

**Nánari upplýsingar veitir Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri í síma 421-1153 eða 863-7071 eða Karen Janine Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri, í síma 421-1153 eða 867-9738.**

***Starfsþróunarstjóri***

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

**Vantar suðumenn í smiðju á höfuðborgarsvæðinu.**

**Upplýsingar í síma 891 8380 og 893 5990**

# Lærður þjónn

með meistarabréf óskar eftir framtíðarstarfi/sumarstarfi.

Upplýsingar í sím 841 8209

BORGARBYGGÐ

## FÉLAGSRÁÐGJAFI

Félagsráðgjafi óskast til starfa við félagsþjónustu Borgarbyggðar.

**Helstu verkefni:** félagsleg ráðgjöf, barnavernd, þjónusta við fatlaða, fyrirbyggjandi starf.

**Við leitum að einstaklingi**
- með starfsréttindi í félagsráðgjöf
- sem er tilbúinn til að taka frumkvæði
- sem getur sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum
- sem býr yfir lipurð í mannlegum samskiptum

**Borgarbyggð býður upp á**
- fjölbreytt verkefni á sviði velferðarmála
- svigrúm til nýrra verkefna og vinnubragða
- fjölskylduvænan vinnustað

Launakjör eru skv. kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og launanefndar sveitarfélaga.
Umsóknarfrestur er til 21. maí nk.
Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri í s: 4337100, netfang: hjordis@borgarbyggd.is.



# Er kraftur í þér?

Við leitum að söluráðgjöfum í söluver Vodafone í hlutastarf eða fullt starf við sölu á fjarskiptaþjónustu til heimila. Í boði eru góð laun fyrir duglega einstaklinga.

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi á tækni og nýjungum
- Rík þjónustulund
- Metnaður og frumkvæði
- Reynsla af sölustörfum er kostur
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er æskileg
- Góð ensku- og tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson, deildarstjóri söluvers, bjorng@vodafone.is. Áhugasamir eru hvattir til að leggja inn umsókn á vefinn sem fyrst!**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you

vodafone

# Við leitum að hressum dýralækni

## Viljum ráða dýralækni í fjölbreytt og áhugavert starf markaðsstjóra dýraheilbrigðisdeildar

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á markaðssetningu og sölu á dýralyfjum og fóðri fyrir gæludýr
- Samskipti við birgja og viðskiptavini
- Daglegur rekstur og áætlanagerð
- Greining á markaði og sölutækifærum
- Eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í dýralækningum
- Menntun og/eða reynsla á sviði viðskipta
- Reynsla af samninga- og áætlanagerð
- Góð samskiptahæfni
- Góð tungumálakunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

*Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum, heilsuvörum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi. Við erum samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitum þeim þjónustu við skráningar og sölu- og markaðsmál, auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi. Gildi Vistor eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni!*

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Gestur Júlíusson, markaðsstjóri gestur@vistor.is s. 824 7058 og Vilborg Gunnarsdóttir, starfsmannastjóri vilborg@vistor.is s. 824 7136. Umsóknarfrestur er til 16. maí næstkomandi. Umsóknir og ferilskrár sendist á netfangið starf@vistor.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.**

vistor

Bakhjarl fyrir betri líðan

Nordic eMarketing

# Project Manager

**Nordic eMarketing** is searching for a highly motivated, multilingual individual in the online marketing field. The position includes managing foreign multinational clients, communications with clients and multinational vendors, as well as managing complex projects with a dedicated team.

**Nordic eMarketing** is an online marketing agency working with clients in Iceland, USA, UK, Norway and other countries. The company has worked with Fujitsu, The National Football League (NFL), Tesco Pharmaceuticals and many others, as part of their search marketing and brand awareness efforts.

**Requirements:**

- Multilingual (English and Scandinavian language required)
- Knowledge/experience in online marketing/project management recommended
- Education in marketing recommended
- Communication skills highly valued
- Able to work well in a group and be organised

*For further enquiries, please contact Hreggvidur Magnusson on 860-9501/540-950 or by email: hsm@nem.is*

# Fimleikaþjálfari óskast

**Fimleikadeild Gróttu óskar eftir að ráða þjálfara til starfa.**

**Hæfniskröfur:**
Menntun eða reynsla á sviði fimleikaþjálfunar er skilyrði.

Reynsla og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frumkvæðishugsun, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á fimleikar@grottasport.is fyrir 20. maí nk.

GRÓTTA

NORÐURORKA

# Yfirmaður þjónustuvers

Norðurorka hf. óskar eftir að ráða þjónustustjóra til að veita þjónustuveri fyrirtækisins forstöðu. Þjónustuver er ný þjónustueining sem sinnir almennri viðskiptaþjónustu og tæknilegri ráðgjöf.

**Starfið felur í sér:**
- skipulag þjónustunnar
- vinnuskipulag starfsmanna þjónustuvers
- sölu og kynningarmál í samráði við stjórnendur
- ábyrgð á reikningagerð og innheimtum
- samskipti við viðskiptavini, verktaka og hönnuði

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- rekstarfræði eða sambærilega framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- gerð er krafa um leiðtogahæfni og ríka þjónustulund
- skipulögð og öguð vinnubrögð
- stjórnunarreynsla æskileg

Starfið heyrir undir sviðsstjóra fjármálasviðs.

Umsóknir skulu sendar til starfsmannastjóra, Guðrúnar Harðardóttur gbh@no.is sem veitir einnig nánari upplýsingar um starfið.
**Umsóknarfrestur er til 15. maí nk.**

**Norðurorka hf. - www.no.is - Sími 460-1300**



# Icepharma leitar eftir sölufulltrúum á Neytendavörusvið

Neytendavörusvið Icepharma leitar eftir tveimur duglegum, drífandi og reglusömum einstaklingum í störf sölufulltrúa. Tvö stöðugildi eru í boði, annars vegar sölufulltrúi fyrir apótek og hins vegar sölufulltrúi fyrir matvöruverslanir. Um er að ræða 100% störf.

**HELSTU VERKEFNI:**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Utanumhald pantana
- Áfylling vara í hillur
- Kynningar á vöruvali og virkni til viðskiptavina.

**KRÖFUR UM HÆFNI:**
- Metnaður og frumkvæði í starfi
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Leikni í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð
- 2-5 ára reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Þekking á vörum sviðsins kostur
- Æskilegur aldur á bilinu 25-35 ára

**STARFSUMHVERFI**
Starf sölufulltrúa á Neytendavörusviði er í senn spennandi og fjölbreytt. Á sviðinu starfar átta manna samstilltur hópur með mikinn metnað til að ná árangri og vilja til að leggja sig fram við að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu. Meðal stærstu vörumerkja innan Neytendavörusviðs eru HiPP, SMA, Natracare, Hawaiian Tropic, Neostrata, BioMega, Tony&Guy, Vivag, Hafkalk, Purity Herbs og Imedeen ásamt fjölda annarra áhugaverðra merkja. Lögð er áhersla á að bjóða heilsutengdar vörur, sem margar eru unnar úr lífrænum efnum.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 13 MAÍ 2011**
Við hvetjum bæði konur og karla að leggja inn starfsumsókn. Nánari upplýsingar gefur Þuríður Hrund Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendavörusviðs Umsóknir og fyrirspurnir skal senda á netfangið thuridur@icepharma.is

**Icepharma** er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður sem leggur áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.

VR 2010 2009 2008 2007

icepharma

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • Fax 540 8001

HAMAR

# Starfsmaður á vélaverkstæði

**Við leitum eftir starfsmönnum á starfsstöðvar okkar í Kópavogi og á Grundartanga.**

Hamar ehf er framsækið málmiðnaðarfyrirtæki með aðsetur á Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn. Eitt af okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan starfsanda á vinnustað og skila faglegum vinnubrögðum.
Starfið felst annarsvegar í verkstæðisvinnu þar sem fram fara viðgerðir og/eða framleiðsla og hinsvegar þjónusta á athafnarsvæði viðskiptavina fyrirtækisins þar sem starfsmaðurinn er í beinum samskiptum við viðskiptavini.

**Menntun og Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í vélvirkjun/stálsmíði eða sambærilega menntun.
- Heiðarleiki og metnaður.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi.
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Samkeppnishæf laun í boði.
Fullum trúnaði heitið.
Frábær vinnustaður skemmtilegt fólk

Upplýsingar í síma 660-3613
Umsóknir sendiist á siggil@hamar.is

## Aðstoðarkona óskast sumarvinna og hlutastarf næsta vetur

Óskað er eftir aðstoðarkonu í sumar og næsta vetur í teymi til að starfa með 17 ára duglegri og skemmtilegri, fatlaðri stúlku sem býr í eigin íbúð á heimili foreldra sinna. Vinnutími er sveigjanlegur en um er að ræða vinnu seinnipart dags, kvöld-, nætur- og helgarvinnu og einhverja dagvinnu, Starfshlutfall getur verið 50-100%.

**Leitað er að** stúlku sem er sjálfstæð, jákvæð, ábyrg, sveigjanleg og hefur frumkvæði. Reynsla er æskileg en ekki skilyrði. Starfið byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf sjá, **www.npa.is**.

Nánari upplýsingar veitir Heiða Björk Ingvarsdóttir, sími 772 6552 og netfang hbi4@hi.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti skólameistara við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Laust er til umsóknar embætti skólameistara við Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Í skólanum eru í boði margar námsleiðir í bóknámi og starfsnámi.

**Starfssvið**
Skólameistari veitir framhaldsskólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Samkvæmt 14. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, skal skólameistari hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

Leitað er eftir einstaklingi með stjórnunarreynslu, leiðtoga- og samskiptahæfni, reynslu af stefnumótunarvinnu og hæfileika til nýsköpunar. Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 fela framhaldsskólum aukna ábyrgð á skilgreiningu námsbrauta, þróun námsframboðs á mörkum skólastiga og fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli nýrra laga.

**Ráðning og kjör**
Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. ágúst 2011 en æskilegt er að viðkomandi geti komið að undirbúningi skólastarfs fyrir skólaárið 2011 - 2012.

Um laun skólameistara fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

**Umsóknir**
Umsóknir með upplýsingum um starfsheiti ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 16:00, mánudaginn 30. maí 2011. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jens Pétur Hjaltested rekstrarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 7. maí 2011.
menntamalaraduneyti.is

*Á starfssvæði félagsþjónustunnar búa tæplega 8000 manns. Umhverfi er sérlega fjölskylduvænt. Atvinnulíf, þjónusta og menningarlíf er öflugt og fjölbreytt. Aðstæður til útivistar og íþróttaiðkunar eru með því besta og fjölbreytilegasta sem gerist hér á landi. Samgöngur eru góðar og öll nauðsynleg þjónusta er á svæðinu. Sveitarfélögin leggja metnað sinn í góða grunnþjónustu við íbúa sína og eru grunnskólar og leikskólar framsæknir og vel búnir.*

# Félagsmálastjóri

Sveitarfélögin, Hveragerði, Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur hafa stofnað með sér nýtt þjónustusvæði fyrir félagsþjónustu í sveitarfélögunum og óska eftir að ráða félagsmálastjóra.

**Leitað er eftir** einstaklingi sem hefur áræðni og dug til að vera leiðandi í uppbyggingu og þróun á félagsþjónustu á svæðinu. Félagsmálastjóri á að vinna náið með nýrri sameiginlegri velferðarnefnd sveitarfélaganna og mun starfið krefjast ferðalaga um svæðið. Staðsetning meginsstarfsstöðvar félagsþjónustunnar verður ákveðin í samráði við nýjan félagsmálastjóra og getur verið í Þorlákshöfn, Hveragerði eða Laugarási.

**Megin viðfangsefni félagsmálastjóra:**
Fylgist með því að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir og að regluverk sveitarfélaganna sé ávallt í samræmi við þær.

- Hefur yfirumsjón með starfi félagsráðgjafa, deildarstjóra í heimaþjónustu og forstöðumanna þjónustueininga á starfssvæðinu.
- Sér um stærri og þyngri mál sem félagsráðgjafar vísa til hans.
- Yfirumsjón með málefnum fatlaðra.
- Er tengiliður við aðra aðila og stofnanir sem fjalla um og sinna velferðarmálum á svæðinu og hefur faglegt frumkvæði að stefnumörkun og áætlunargerð sem til hagsbóta er fyrir íbúa svæðisins.
- Sér um gerð fjárhagsáætlana og hefur eftirlit með útgjöldum.
- Forvarnir, fræðsla og samskipti við íbúa í sveitarfélögunum.
- Önnur málefni félagsþjónustu sem upp koma á svæðinu

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í félagsráðgjöf, eða sambærileg menntun.
- Reynsla af sambærilegum verkefnum og/eða framhalds menntun í stjórnun æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, forystu- og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknum skal skila til Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, merkt félagsmálastjóri 2011, **fyrir föstudaginn 20. maí nk.**
Nánari upplýsingar veitir Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri í síma 480 3800.

# *Sérfræðingur í tæknimálum ökutækja*

### *Starfið*

***Starfið felst einkum í mótun laga og reglna um tæknileg málefni, innleiðingu EES gerða, eftirliti með skoðun og skráningu ökutækja, umsjón með skoðunarhandbók og tæknilegum samskiptum við skoðunarstofur. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og hentar einstaklingi sem hefur áhuga og þekkingu á bíltæknimálum.***

### *Menntunar- og hæfniskröfur:*

- *Háskólapróf á sviði verkfræði, tæknifræði eða sambærilegu.*
- *Hefur gott vald á ensku og norðurlandamáli.*
- *Starfsreynsla á sviði bíltæknifræða góður kostur.*
- *Hæfileiki til að skrifa íslenskan texta og þróa hentugt verklag.*
- *Leitað er að einstaklingi sem er úrræðagóður, skipulagður og ábyrgur.*

***Umsóknarfrestur er til 23. maí 2011.***

***Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:***

- *Á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni www.us.is/page/atvinnuumsokn*
- *Með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á framkvæmdastjóra mannauðs- og gæðasviðs, olof@us.is*
- *Senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:*
  *Umferðarstofa*
  *Bt. Ólafar Friðriksdóttur*
  *Borgartúni 30*
  *105 Reykjavík*

*Nánari upplýsingar veitir Dagný Jónsdóttir, forstjóri Umferðarstofu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.us.is.*

Umferðarstofa var bæði árið 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR –stéttarfélag í almannaþjónustu. Hjá stofnuninni starfa um 50 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, árangur, áreiðanleika og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.us.is.

Umferðarstofa
www.us.is
Borgartúni 30 – 105 Reykjavík
Sími: 580-2000 – Fax: 580-2001

UMFERÐARSTOFA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Viðskiptafræðingur

Isavia óskar eftir að ráða viðskiptafræðing í uppgjör og skýrslugerðir á sviði reikningshalds. Leitað er að starfsmanni sem hefur framúrskarandi samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera töluglöggur og eiga auðvelt með að vinna undir álagi. Hann þarf einnig að vera skipulagður í verkum sínum og vera áhugasamur um störf sín.

**Starfssvið**

- Uppgjör og reikningsskil
- Rekstrar- og fjárhagsupplýsingar bókhalds
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi Sérhæfing á sviði reikningshalds- og endurskoðunar er kostur, ásamt þekkingu á IFRS reikningsskilastöðlum
- Reynsla af uppgjörsvinnu
- Mjög góð tölvukunnátta
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Skipulagshæfileikar
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót
- Mjög góð tök á íslenskri og enskri tungu

**Umsóknir**

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.** Upplýsingar um starfið veitir Stefanía Harðardóttir, starfsmannaþjónustu í síma 424 4242. Umsóknarfrestur er til 16. maí. Umsóknareyðublöð má finna á: www.isavia.is.

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

isavia

Hjá Isavia ohf. starfa um 550 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsögðuþjónustu fyrir innanlands og millilandaflug auk yfirflugþjónustu yfir Norður-Atlantshafið. Isavia ohf. leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

---

## Spennandi framtíðarstarf í boði

Prentun&Pökkun auglýsir eftir reyndum starfsmanni í prent og merkingardeild fyrirtækisins.
Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa skipulagshæfileika, frumkvæði, ríka þjónustulund, auk þess að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.
Reynsla af sambærilegu starfi telst kostur.
Vinsamlegast sendið umsókn, ásamt mynd á asgeir@prentunogpokkun.is
Öllum umsóknum verður svarað.

**PRENTUN & PÖKKUN**

Nýbýlavegi 26-28 | 200 Kópavogi | Sími 568 8838 | www.prentunogpokkun.is

---

# Sérfræðingur
## óskast til starfa
## á sviði félags- og hugvísinda

Starfið, sem er fullt starf, felst í umsjón með umsóknum og úthlutunum úr sjóðum í umsýslu Rannís. Umsjón með framkvæmd og þátttöku í erlendum verkefnum á vegum Rannís. Dagleg samskipti við viðskiptavini stofnunarinnar. Skipulagning funda og ráðstefna sem og þátttaka í öðru kynningarstarfi og tilfallandi verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- *Gerð er krafa um meistarapróf í félags- eða hugvísindum en doktorspróf er æskilegt*
- *Reynsla af rannsóknum er æskileg*
- *Reynsla af alþjóðasamstarfi er kostur*
- *Metnaður til að ná árangri í starfi með því að veita góða þjónustu, sýna vönduð vinnubrögð og frumkvæði*
- *Góð íslenskukunnátta, færni í ensku og að minnsta kosti einu Norðurlandamáli*

Upplýsingar um starfið veitir Magnús Lyngdal Magnússon, sviðsstjóri rannsókna- og vísinda.
Sími 515 5800 eða magnus@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2011.**
Sjá nánari upplýsingar á www.rannis.is.

**rannís**
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
**www.rannis.is**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

---

Skógræktarfélag Eyfirðinga
STOFNAÐ 11. MAÍ 1930

## Framkvæmdastjóri óskast

Skógræktarfélag Eyfirðinga er áhugamannafélag skógræktarmanna við Eyjafjörð. Félagið er elsta skógræktarfélag landsins, stofnað 1930.

Félagið hefur ávallt stuðlað að framgangi skógræktar í héraðinu og á þess vegum er fjöldi merkilegra skóga og skógarreita. Stjórn félagsins er skipuð sjö mönnum ásamt þremur varamönnum sem eru virkir í stjórnarstarfinu. Félagsmenn eru um 400.

**Skógræktarfélag Eyfirðinga auglýsir nú eftir framkvæmdastjóra.**

**Starfssvið:**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri.
- Fjármálastjórn og áætlanagerð.
- Skipulag, vinna og verkstjórn í skógarreitum og útivistarsvæðum félagsins.
- Umsjón með Kjarnaskógi samkvæmt gildandi þjónustusamningi við Akureyrarbæ.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Menntun í skógfræði, garðyrkju eða skyldum greinum ásamt reynslu af skógrækt og rekstri er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður og frumkvæði í starfi.

Umsóknum skal skilað til félagsins fyrir 18. maí næstkomandi. Æskilegt er að nýr framkvæmdastjóri geti hafið störf sem fyrst.

**Heimilisfang:**
Skógræktarfélag Eyfirðinga
Kjarnaskógi
600 Akureyri.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Johan V. Holst framkvæmdastjóri í síma 893 4047

---

**Vakta**
FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

VAKTA er þjónustufyrirtæki á sviði fjármála og innheimtumála. VAKTA sérhæfir sig í úthýsingu þess hluta fyrirtækjarekstrar sem jafnan kallar á hvað mest umstang, s.s. færslu bókhalds, uppgjör virðisaukaskatts, launaútreikninga, skil á staðgreiðslu skatta og launatengdum gjöldum. VAKTA býður einnig alhliða innheimtuþjónustu sem spannar allan innheimtuferilinn allt frá útgáfu reikninga til lögfræðiinnheimtu. **www.vakta.is**

# Forstöðumaður

VAKTA óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að stýra uppbyggingu þessa nýja og framsækna félags og veita því forstöðu.

**Starfssvið:**
- Umsjón með daglegum rekstri og samskipti við viðskiptavini
- Stefnumótun, markmiðasetning og gerð verkferla
- Verkefnaöflun, samningagerð og markaðssetning
- Umsjón með bókhaldi og innheimtu

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- Reynsla í bókhaldi og uppgjörum kostur
- Góð bókhaldsþekking
- Góð tölvukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar
- Skipulagshæfileikar, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Upplýsingar veitir:**
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

**HAGVANGUR**
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Framúrskarandi kennarar

óskast vegna mikillar aðsóknar í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins

## Skipstjórnarskólinn

**Ein staða í faggreinum skipstjórnar**
Skipstjórnarmenntun og reynsla nauðsynleg ásamt kennsluréttindum.

Nánari upplýsingar veitir Vilbergur Magni Óskarsson, skólastjóri Skipstjórnarskólans, í síma 514 9551 og í tölvupósti, vmo@tskoli.is

## Hönnunar- og handverksskólinn

**Staða í faggreinum fataiðna**
Meistararéttindi í kjólasaumi og/eða klæðskurði ásamt kennsluréttindum eru skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ágústsdóttir, skólastjóri Hönnunar- og handverksskólans, í síma 514 9201 og í tölvupósti, sa@tskoli.is

## Véltækniskólinn

**Tvær – þrjár stöður í faggreinum vélstjórnar**
Óskað er eftir vélfræðingi með starfsreynslu sem vélstjóri til sjós og með kennsluréttindi

Óskað er eftir véltæknifræðingi/vélaverkfræðingi með kennsluréttindi.

Óskað er eftir skipatæknifræðingi með kennsluréttindi í 50% starf.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson, skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og í tölvupósti, egud@tskoli.is

## Raftækniskólinn

**Ein staða í faggreinum rafiðna**
Við leitum að tækni- eða verkfræðingi í rafiðngreinum með meistara- og kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Valdemar G. Valdemarsson, skólastjóri Raftækniskólans, í síma 514 9251 og í tölvupósti, vgv@tskoli.is

## Upplýsingatækniskólinn

**Tvær – þrjár stöður fagkennara á tölvubraut**
Þekking og reynsla í forritun, vélbúnaði, stýri- og netkerfum ásamt kennsluréttindum og kennslureynslu.

**Ein staða í grafískri miðlun**
Krafa um meistararéttindi, kennslureynslu og kennsluréttindi.

**Hálf staða í ljósmyndun**
Krafa um meistararéttindi reynslu og kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Bjargey Gígja Gísladóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans, í síma 514 9351 og í tölvupósti, bgg@tskoli.is

Launakjör eru samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
**Umsóknarfrestur er til 13. maí. Umsóknir sendist á bg@tskoli.is.** (ath. þessi auglýsing gildir í 6 mánuði)

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Reykjavíkurborg
*Leikskólasvið*



# Leikskólastjórar óskast

**Lausar eru stöður leikskólastjóra við eftirtalda leikskóla Reykjavíkurborgar**

## Klambrar Háteigsvegi 33

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna að þróun og nýjungum í leikskólastarfi og er tilbúinn að taka þátt í samstarfi við aðra leikskóla sem starfa eftir sömu hugmyndafræði.

**Umsókn fylgi** greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn á starf í leikskólanum og hugmyndir um frekari samvinnu við samstarfsleikskólana.

## Hólaborg Suðurhólum 21 og Ösp Iðufelli 16

Leitað er að einstaklingum sem hafa áhuga á að vinna að þróun og nýjungum í leikskólastarfi og eru tilbúnir að taka þátt í þverfaglegu samstarfi um bætt lærdómsumhverfi barna í Efra-Breiðholti.

**Umsókn fylgi** greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn á starfið í leikskólanum og leiðir til að auka samstarf milli leikskóla og grunnskóla í hverfinu.

## Kvistaborg Kvistalandi 26

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna að þróun og nýjungum í skólastarfi og er tilbúinn að taka þátt í stefnumótun og samþættingu skóla- og frístundastarfs en gert er ráð fyrir að leikskólinn Kvistaborg sameinist Fossvogsskóla og frístundaheimilinu Neðstalandi á árinu 2013. Staðan er laus til tveggja ára.

**Umsókn fylgi** greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn á þróun og samþættingu starfs í leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskóla og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Stýra rekstri leikskóla á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf sem leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri.
- Góð tölvukunnátta.
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum

Umsóknum um allar stöður fylgi upplýsingar um hvernig umsækjandi uppfyllir menntunar- og hæfniskröfur, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf leikskólakennara og annað er málið varðar. Stöðurnar eru lausar frá 1. júlí 2011.
**Umsóknarfrestur er til og með 22. maí nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ vegna FL. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf, þar sem eru nánari upplýsingar. Einnig veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, frekari upplýsingar, sími 411 1111, netfang: stjornendastodur.leikskolar@reykjavik.is

www.poulsen.is

# Sölumaður

*Starfslýsing*
-sala og þjónusta við viðskiptavini
-tilboðsgerð og ráðgjöf

*Hæfniskröfur*
-þekking á bílamálun æskileg
-frumkvæði
-öguð vinnubrögð
-jákvæðni, metnaður
-lipurð í mannlegum samskiptum

*Upplýsingar*
um starfið veitir Gunnar Einarsson
í síma 530 5900 gunnar@poulsen.is
umsóknir sendist á
gunnar@poulsen.is magnus@poulsen.is

Umsóknir þurfa að berast fyrir 16 maí 2011

DuPont Refinish 3M SPIES HECKER DEVILBISS EVERCOAT

Poulsen er söluaðili á vörum fyrir málningar- og réttingarverkstæði. Bjóðum upp á heimsþekkt vörumerki á því sviði eins og bílalökk frá Dupont, Spies Hecker, House of Kolor og öðrum tengdum vörum frá Farécla, 3M, DeVillbiss, Evercoat, Pilkington og AGC svo fátt eitt sé nefnt.

Poulsen hefur þjónustað viðskiptavini sína í yfir 100 ár.

**Poulsen - Skeifan 2 - 108 Reykjavík**
**Sími: 530 5900 - poulsen@poulsen.is**

Poulsen partur af lífinu

# Starfsmaður óskast

**Nýtt hótel í Reykjavík vantar starfsfólk í eftirfarandi stöður.**

## Gestamóttaka (Vaktavinna)
Vinnutíminn er frá 19:30 – 07:30

**Hæfniskröfur**
- Almenn tölvukunnátta
- Íslenska, enska og helst eitt norðurlandamál
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

## Starfskraftur við morgunverð
Vinnutíminn er frá 07:00 – 12:00

**Hæfniskröfur**
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagður og stundvís

## Starfskraftur við þrif
Um er að ræða vaktavinnu

**Hæfniskröfur**
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagður og stundvís

Umsóknir skulu sendast Sigurði á netfangið sigurdur@hotelklettur.is og veitir hann nánari upplýsingar í síma 864 3122.



# Sölustjóri afþreyingarefnis

Vodafone óskar eftir að ráða drífandi, framsækinn og hugmyndaríkan einstakling í starf sölustjóra afþreyingarefnis. Í boði er nýtt, krefjandi og ábyrgðarmikið starf hjá öflugu fyrirtæki. Starfið krefst leiðtogahæfileika, frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.

**Ábyrgðarsvið:**
- Yfirumsjón með Leigunni (VOD)
- Sala, framsetning og val á vöruframboði
- Samningagerð við innlendar og erlendar efnisveitur
- Viðhald viðskiptatengsla

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun í viðskiptafræðum eða sambærilegt nám
- Reynsla af samningagerð og/eða verkefnastjórnun
- Tæknileg þekking og áhugi á tækniþróun
- Mjög góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
- Reynsla af sölu á efni á vef er mikill kostur

**Nánari upplýsingar veitir Sonja M. Scott, starfsmannastjóri, sonjas@vodafone.is. Áhugasamir eru hvattir til að leggja inn umsókn á vodafone.is fyrir 18. maí 2011.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

TOLLSTJÓRI

## Laust er til umsóknar starf sérfræðings á mannauðssviði Tollstjóra.

Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.

**Starfssvið:**
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsmanna varðandi starfsmannamál.
- Umsjón með ráðningarferli, auglýsingum, umsóknum og svarbréfum.
- Umsjón og gerð ráðningarsamninga, setningar- og skipunarbréfa.
- Umsjón og utanumhald starfsmannasamtala.
- Umsjón með gerð og samhæfðu útliti starfslýsinga.
- Umsjón með uppfærslu á starfsmannaskrám starfsmanna.
- Umsjón með varðveislu gagna í starfsmannamöppum starfsmanna.
- Þátttaka og stjórnun vinnuhópa, þróunar- og átaksverkefnum.
- Umsjón með einkennisfatnaði embættisins.
- Söfnun og viðhald tölfræðilegra upplýsinga.
- Leysir launafulltrúa af í fjarveru hans.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistaragráða í mannauðsstjórnun eða sambærileg menntun.
- Reynsla af mannauðsstjórnun æskileg.
- Mjög góð íslenskukunnátta.
- Góð vélritunar- og tölvukunnátta (windows umhverfi: word, excel, power point, access).
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni, þ.m.t. færni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Kurteisi, þjónustulund, nákvæmni, talnaglöggur og samviskusamur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 560 0300.

**Umsóknarfrestur er til 22. maí nk.**
Umsókn merkt **„Sérfræðingur mannauðssviðs“** ásamt ferilskrá skal senda í gegnum tölvupóst: unnur.kristjansdottir@tollur.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

HEILSUGÆSLAN SALAHVERFI

# Heilsugæslulæknir

**Heilsugæslan í Salahverfi auglýsir eftir sérfræðingi í heimilislækningum í fullt starf frá 1. september nk.**

Heilsugæslustöðin er rekin af Salus ehf. samkvæmt samningi við Velferðarráðuneytið. Sjö heimilislæknar starfa á stöðinni og sinna hefðbundnum heimilislækningum, mæðra- og ungbarnavernd, en einnig skólaheilsugæslu. Læknar stöðvarinnar geta starfað á Læknavaktinni utan dagvinnutíma. Sveigjanlegt starfs- og launafyrirkomulag eftir samkomulagi. **Umsóknarfrestur til 25. maí nk.**

Upplýsingar um starfið veita læknarnir Böðvar Örn Sigurjónsson og Haukur Valdimarsson í síma 590 3900 eða á netfangið salus@salus.is

**Umsóknir sendist**
Böðvari Erni Sigurjónssyni, yfirlækni
Heilsugæslunni Salahverfi,
Salavegi 2,
201 Kópavogi

Auglýsingasími
512 50 50


Allt sem þú þarft...

RAFHOLT

Smiðjuvegur 8 Kópavogur / Njarðarbraut 3 Reykjanesbær.

## Óskum eftir vönum rafvirkjum á Höfuðborgarsvæðinu

**Næg spennandi verkefni framundan**

**Umsóknir ásamt helstu upplýsingum sendist á helgi@rafholt.is**

Rafholt ehf. er framsækið fyrirtæki sem starfar á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir.
Boðið er upp á mjög góða aðstöðu fyrir starfsmenn.
Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá fyrirtækinu.
www.rafholt.is
517 7600

**Laust starf hjá Lyfjastofnun**

## Staða eftirlitsmanns

Lyfjastofnun

**Helstu verkefni eru:**
- Eftirlit með markaðsleyfishöfum
- Eftirlit með lyfjaframleiðendum og lyfjaheildsölum (GMP/GDP)
- Eftirlit með lyfsölum dýralækna
- Þátttaka í erlendu starfi
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf (M.Sc.) í lyfjafræði eða sambærileg menntun
- Þekking eða reynsla í gæðamálum og GMP æskileg
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvufærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli æskileg

**Upplýsingar um starfið veitir Haraldur Sigurjónsson, sviðsstjóri eftirlitssviðs, í síma 520 2100**
**Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.**
**Umsóknir um starfið óskast sendar, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum, til Lyfjastofnunar merkt:**
**Starfsumsókn - staða eftirlitsmanns.**
**Umsóknarfrestur er til og með 21. maí.**
**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**
**Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is**

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

# Atvinnutækifæri hjá Lyfju



ÍSLENSKA SIA.IS LYF 54890 11.2011

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

## Ísafjörður – Lyfjatæknir

**Lyfjatæknir -** Starfið felst m.a. í lyfjapökkun, aðstoða lyfjafræðing í receptur, m.a. við frágang og afgreiðslu lyfja, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk sölu og ráðgjafar til viðskiptavina við val á öðrum vörum í verslun. Um hlutastarf er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Þ. Birgisson lyfsali í síma 456-3009 eða jonas@lyfja.is

## Smáratorg – Sjúkraliði

**Sjúkraliði -** Í starfinu felst m.a. heilsufarsmælingar og ráðgjöf, umsjón með lager hjúkrunarvara og fleiri verkefni.

Vinnutíminn er frá 08:00 til 13:00 fjóra daga í viku og 13:00-18:00 einn dag í viku.

Nánari upplýsingar veitir Svavar Jóhannesson lyfsali í síma 564-5600 eða svavar@lyfja.is

## Garðatorg– Lyfjatæknir og sölu- og afgreiðslufólk

**Lyfjatæknir -** Starfið felst m.a. í lyfjapökkun, aðstoða lyfjafræðing í receptur, m.a. við frágang og afgreiðslu lyfja, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk sölu og ráðgjafar til viðskiptavina við val á öðrum vörum í verslun. Um hlutastarf er að ræða.

**Sala- og afgreiðsla -** Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum starfsmanni með ríka þjónustulund í hlutastarf við sölu og afgreiðslu. Starfið felst í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Nánari upplýsingar veitir Elín Kristjánsdóttir lyfsali í síma 565-1321 eða elin@lyfja.is

## Egilsstaðir – Lyfjafræðingur

**Starfs- og ábyrgðarsvið:** Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.

**Hæfniskröfur:** Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.

Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson starfsmannastjóri í síma 530-3800 eða hallur@lyfja.is

*Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.*

LEIKSKÓLI VIÐ LÍNAKUR Í GARÐABÆ

# LEIKSKÓLASTJÓRI

Staða leikskólastjóra við leikskóla v/ Línakur í Garðabæ er laus til umsóknar. Leikskólinn er fjögurra deilda leikskóli í byggingu. Áætlað er að hann taki til starfa um áramótin 2011-2012. Leitað er að leikskólastjóra til að leiða uppbyggingu skólastarfsins í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn. Leikskólastjóri tekur einnig virkan þátt í að móta skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar, grunnskóla, tónlistarskóla, aðra leikskóla í Garðabæ sem og íþrótta- og æskulýðsfélög.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi
- Hæfni til að veita faglega forystu og frumkvæði
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og áhugi á nýjungum í leikskólastarfi

**Staðan er laus frá 1. september 2011.**

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag stjórnenda í leikskólum.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Garðabæjar eru karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um stöðu leikskólastjóra.

**Umsóknafrestur er til og með 23. maí 2011.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Margrét Björk Svavarsdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, netfang margretsv@gardabaer.is og Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi, netfang annah@gardabaer.is eða í síma 525 8500.

Vinsamlegast sækið um með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is undir Minn Garðabær. Umsókn þarf að fylgja yfirlit yfir nám og störf og upplýsingar um reynslu af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi. Jafnframt er óskað eftir því að gerð verði grein fyrir hugmyndum að áherslum í uppbyggingu skólastarfs í leikskólanum Ökrum.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

---

Aðalskoðun

## Bifvélavirkjar
## Skoðunarmaður ökutækja

Aðalskoðun hf. óskar eftir að ráða bifvélavirkja til starfa sem fyrst við skoðun ökutækja á höfuðborgarsvæðinu.

Til greina kemur sumarstarf og/eða framtíðarstarf með fastráðningu eftir 3 mánaða reynslutíma.

**Umsóknarfrestur er til 20. maí.** Umsóknir berist til Árna Stefánssonar þjónustustjóra. arni@adalskodun.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað að loknum umsóknarfresti.

Nánari upplýsingar veita: Árni Stefánsson þjónustustjóri S 6963355 og Hörður Harðarson fagstjóri S. 6963369.

Aðalskoðun hf. er faggild óháð skoðunarstofa á ökutækjasviði og starfrækir í dag þrjár skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

---

SECORA

**Secora AS er byggingafyrirtæki sem sérhæfir sig í byggingu öruggra og skilvirkra hafna og siglingaleiða. Secora er með 120 starfsmenn og er með verkefni á öllum Norðurlöndunum. Stjórn fyrirtækisins er í Svolvær í Lofoten í Noregur, og Secora er einnig með dótturfyrirtæki í Svíþjóð. Fyrirtækið velti 230 milljónum norskra króna árið 2010.**

## Secora leitar eftir verkefnisstjórum og byggingarstjórum

**Verkefnisstjóri** hefur heildar ábyrgð á framkvæmd, fjármálum, þróun og gæðum verkefnisins.
**Byggingarstjóri** skipuleggur og stjórnar verkefnum á markaðssvæðinu ásamt verkefnisstjóra.

***Verkefni:***

- Stjórnun og skipulagning á úthlutuðum samningum
- Sjá um að mannvirkin verði byggð samkvæmt gæðum og kostnaði sem tilgreint er í tilboðunum og í samræmi við kröfu HMS/KS
- Færa sönnur á að framkvæmt verk og gæði séu í samræmi við gæðakröfur
- Kostnaðaráætlun
- Rekstrarskipulagning
- Fjárhagsleg eftirfylgni
- Eftirfylgni við viðskiptavin

***Hæfni verkefnisstjóra:***

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur. Einstaklingar með sérmenntun í byggingarverkfræði eða byggingar tæknifræði ganga fyrir en önnur menntun er einnig metin
- Viðbótarmenntun í fjármálum og reynsla er kostur

***Hæfni byggingarstjóra:***

- Iðnskóli eða frekari menntun. Nýútskrifaðir geta einnig sótt um stöðuna
- Góð fjárhagsleg þekking

***Hæfileikar:***

- Þú verður að hafa mikla framkvæmdargetu
- Vera snjall í að finna lausnir
- Þola streitu og tímapressu
- Vera áhugasamur og gefa þig allan fram
- Ábyrgðarfullur og einbeittur
- Vera skipulagður og nákvæmur
- Vera sveigjanlegur
- Og hafa góða samstarfshæfileika

***Við bjóðum upp á:***

- Samkeppnishæf vinnu- og launakjör
- Eftirlauna- og tryggingarfyrirkomulag.
- Mikla og sjálfstæða ábyrgð, og möguleika á persónulegri þróun í góðu fagumhverfi

Spurningar varðandi stöðurnar er hægt að beina til verkefnisframkvæmdarstjórans Reidar Samuelsen, sími: +47 915 52 474. Aðeins verður tekið á móti umsóknum í rafrænu formi. Umsóknina skal senda til post@secora.no
Umsóknarfrestur: **Eins fljótt og hægt er** **Sjá heimasíðu okkar: www.secora.no**

---

# Evrópuvefurinn

**Tvö störf við Evrópuvefinn – upplýsingaveitu um ESB og Evrópumál.**

**Vísindavefurinn og Alþingi** hafa gert með sér samning um svonefndan Evrópuvef sem er ætlað að veita málefnalegar og óhlutdrægar upplýsingar um Evrópusambandið og Evrópumál. Miðað er við að vefurinn verði opnaður 23. júní og samningurinn nær að svo stöddu til næstu áramóta.

Auglýst er eftir tveimur starfsmönnum við Evrópuvefinn. Hlutverk þeirra verður að semja svör við aðsendum spurningum, afla svara frá öðrum höfundum, lesa yfir svör annarra fyrir birtingu og sjá um ýmiss konar frágang við birtingu með hjálp hugbúnaðar Vísindavefsins.

Starfsmennirnir þurfa að hafa staðgóða fræðilega menntun, sem svarar að minnsta kosti grunnnámi í háskóla, helst á fræðasviðum sem nýtast í starfinu, svo sem stjórnmálafræði, hagfræði, lögfræði eða sagnfræði. Þeir þurfa að hafa góð tök á íslensku, geta tjáð sig skýrt í rituðu máli um tiltölulega flókin mál og eiga gott með samstarf og samskipti við aðra, svo sem annað starfsfólk vefsins og höfunda. Fjölbreytt reynsla af tölvunotkun er einnig æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 23. maí nk.**

Upplýsingar um starfið veitir Jón Gunnar Þorsteinsson, ritstjóri Vísindavefsins, sími 525 4765, **jongth@hi.is.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Rafmiðlun

## Rafvirkjar

Rafmiðlun hf óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfulla rafvirkja með reynslu til starfa.

Um er að ræða vinnu við verkefni á vegum fyrirtækisins hérlendis sem erlendis.

Viðkomandi verða að geta hafið störf fljótlega.

Hægt er að fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar **www.rafmidlun.is**

MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

## Kennarar óskast til starfa haustið 2011

**// Íslenska** 50% starf
**// Upplýsingatækni og umsjón með tölvukerfi skólans** 100% starf

Skólinn er búinn Apple tölvum og leggur áherslu á notkun upplýsingatækni í skólastarfinu og opinn hugbúnað. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Lilju S. Ólafsdóttur, skólameistara, Borgarbraut 54, 310 Borgarnes, eða á netfangið: lilja@menntaborg.is fyrir laugardaginn 21. maí 2011. Laun skv. kjarasamningi KÍ og Menntaskóla Borgarfjarðar.

**Ráðið verður í stöðurnar frá og með 1. ágúst 2011.**

Nánari upplýsingar veitir Lilja S. Ólafsdóttir, skólameistari í síma 433 7700.

TE & KAFFI

## Te & Kaffi óskar eftir liðsstyrk

### Starfsmaður á þjónustuborð – hlutastarf

**Starfslýsing:**
- Vinnutími frá kl.12.30-17.00.
- Símsvörun, reikningagerð og almenn afgreiðslustörf á þjónustuborði.
- Umsjón með kaffistofu.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af skrifstofustörfum.
- Reynsla af DK hugbúnaði æskileg.
- Eldri en 22 ára
- Stundvís, jákvætt hugarfar og vönduð vinnubrögð.

### Starfsmaður á lager og framleiðslu - sumarstarf

**Starfslýsing:**
- Almenn störf í kaffiframleiðslu.
- Dagleg pökkun, tiltekt og útkeyrsla á vörum til viðskiptavina.

**Hæfniskröfur**:
- Reynsla af lager og/eða útkeyrslustörfum æskileg.
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar.
- Eldri en 22 ára.
- Stundvís, sjálfstæði og vönduð vinnubrögð

Umsóknir sendist á gudmundur@teogkaffi.is


**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**




# Trésmiðir óskast

**Eykt óskar eftir trésmiðum til starfa hjá fyrirtækinu við tímabundin verkefni.**

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um starfsreynslu og menntun á skrifstofu Eyktar að Þórunnartúni þrettán (Skúlagötu 63).

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR, SNYRTIFRÆÐINGUR OG LÆKNAMÓTTÖKURITARI

40-60% framtíðarstöður í tilfelli hjúkrunarfræðings og snyrtifræðings og 60% framtíðarstaða í tilfelli ritara lausar strax hjá lækningafyrirtæki. Mjög sjálfstæð reyklaus störf m.a. með börn. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti og meðmælendur auk valupplýsinga eins og veikinda og í tilfelli ritara grunnbókhaldsmenntun óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

bike company

## Leiðsögumaður á hjóli

Hjólafélagið ehf. auglýsir eftir leiðsögumönnum til að starfa fyrir fyrirtækið í sumar við leiðsögn á hjólum í Reykjavík og nágrenni.

**Hæfniskröfur:**
- Góð tungumálakunnátta
- Almenn og yfirgripsmikil þekking á Reykjavík og nágrenni
- Gott líkamlegt ásigkomulag
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Glaðlynd og skemmtileg framkoma

Umsóknarfrestur er til 18. maí 2011. Umsóknir skal senda á job@hjolafelagid.is. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hjólafélagið - www.hjolafelagid.is

## Kerfisstjóri

### Keflavíkurflugvöllur / Reykjavíkurflugvöllur

**Kerfisþjónusta Isavia ohf. óskar eftir að ráða tvo kerfisstjóra í starfsstöðvar sínar á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli. Kerfisþjónustan sér um rekstur á tölvu- og netkerfi Isavia og Fríhafnarinnar ehf. Við leitum að starfsmönnum sem geta hafið störf** sem fyrst, hafa góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu og áhuga á að þróast áfram í starfi. Um er að ræða framtíðarstörf.

**Starfssvið**
- Notendaþjónusta
- Uppsetning og viðhald tölvuútstöðva og prentara
- Rekstur á netþjónum og netkerfi

**Þekking og reynsla:**

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi þekkingu og reynslu af rekstri eftirfarandi kerfa:
- Windows stýrikerfi
- Office notendahugbúnaði
- Windows netþjónum

Einnig er kostur að umsækjendur hafi þekkingu eða reynslu af rekstri eftirfarandi:
- Cisco netbúnaði
- VMware
- Blade og SAN
- Afritunartöku

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Hvað varðar umsókn á Keflavíkurflugvelli er krafa að umsækjendur búi í næsta nágrenni við Keflavíkurflugvöll vegna bakvakta.** Upplýsingar um starfið veitir Axel Einarsson, **deildarstjóri kerfisþjónustu, í síma 424 4287. Umsóknarfrestur er til 16. maí. Umsóknareyðublöð má finna á: www.isavia.is.**

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

isavia

Hjá Isavia ohf. starfa um 550 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands og millilandaflug auk yfirflugþjónustu yfir Norður-Atlantshafið. Isavia ohf. leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## SÉRFRÆÐINGUR Í REIKNINGSHALD

Ístak hf óskar eftir að ráða sérfræðing í reikningshald. Í starfinu felst vinnsla milli- og ársuppgjöra, framsetning ársreikninga, skil á gögnum til endurskoðanda, skýrslugerðir, innri endurskoðun, greining gagna og fleiri tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði reikningshalds- og endurskoðunar er kostur
- Reynsla af uppgjörsvinnu
- Mjög góð tölvukunnátta
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Skipulagshæfileikar
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

*Umsóknarfrestur um starfið er til og með 22. maí næstkomandi.*

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.
Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar **www.istak.is.**

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.



# MANNAUÐSSTJÓRI

## World Class auglýsir eftir mannauðsstjóra í fullt starf frá 1. september 2011 - 1. janúar 2013

Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með mannauðsmálum fyrirtækisins í umboði forstjóra og meðal verkefna hans má nefna eftirfarandi:

- Utanumhald starfsmannasamtala
- Ráðgjöf til stjórnenda
- Vinnustaðagreining og úrvinnsla
- Innleiðing starfsmannastefnu / gilda
- Starfsmanna- og ráðningarhandbók
- Fræðsluáætlun / símenntunarmál
- Uppfærsla á innra neti fyrirtækisins
- Fundarstjórn og eftirfylgni
- Gerð launakerfa og uppfærsla á þeim
- Utanumhald með tímaskráningu og veikindum

Háskólamenntun á sviði mannauðsstjórnunar, góðir samskiptaeiginleikar og reynsla í ofangreindum þáttum skilyrði.

Umsóknir berist til Berglindar Hreiðarsdóttur mannauðsstjóra, berglind@worldclass.is

Skilafrestur umsókna er til 20. maí 2011.
Einnig er hægt að fyllla út umsókn á heimasíðu okkar www.worldclass.is

World Class ICELAND

---

LOGO

# SÖLUMAÐUR

LOGO er auglýsingavörufyrirtæki sem býður upp á vörur frá þekktum framleiðendum BIC Graphic, Norwood, Jung og Ballograf, sem bjóða upp breytt og gott úrval af gæða auglýsingavörum til fyrirtækja og stofnanna

**Starfslýsing:**
- Heimsókn til fyrirtækja
- Sala á auglýsingavörum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Árangurstengd laun

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Metnaður & dugnaður
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reglusemi

- Umsókn sendist á ragnar@logo.is
- Umsóknarfrestur er til 16.05.2011

**LOGO auglýsingavörur**
Borgartún 33 - 105 Reykjavík - www.logo.is

---

# Tækifæri fyrir góðan hársnyrti á vinsælli stofu í Hafnarfirði

Vandvirkum og glaðlyndum hársnyrti gefst nú tækifæri til að nýta sér stól sem er laus á einni vinsælustu hársnyrtistofu Hafnarfjarðar á besta stað í bænum. Nánar tiltekið á Hársnyrtistofu Halla rakara, við Strandgötu 32 í næsta nágrenni við verslunarmiðstöðina Fjörð. Mikill fjöldi tryggra viðskiptavina eftir að stofan hefur verið starfandi í bænum í rúmlega 30 ár.
Nánari upplýsingar veitir Halli í síma 695 3159.

halli rakari

---

# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Sérfr. á sviði félags- og hugvísinda | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201105/030 |
| Starfsfólk | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201105/029 |
| Störf við Evrópuvefinn | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201105/028 |
| Kennarar | Fjölbrautaskóli N-vestra | Sauðárkrókur | 201105/027 |
| Deildarlæknar | LSH, aðstoðarlækn. lyflækninga | Reykjavík | 201105/026 |
| Rannsóknarmaður | LSH, lungnarannsóknarstofa | Reykjavík | 201105/025 |
| Rannsóknarmaður | LSH, svefnrannsóknir | Reykjavík | 201105/024 |
| Framkv.st. lækninga, afleysing | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201105/023 |
| Doktorsnemi | HÍ, menntavísindasvið | Reykjavík | 201105/022 |
| Sérfr. í landbúnaðartölfræði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201105/021 |
| Lögfræðingur | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201105/020 |
| Sérfræðingur | Þjóðskjalasafn | Reykjavík | 201105/019 |
| Læknir | Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki | Sauðárkrókur | 201105/018 |
| Sérfræðingur á mannauðssviði | Tollstjóri | Reykjavík | 201105/017 |
| Sérfræðingur í skurðlækningum | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201105/016 |
| Forritari | Umferðarstofa | Reykjavík | 201105/015 |
| Sérfræðingur | Umferðarstofa | Reykjavík | 201105/014 |
| Kennari í málmiðngreinum | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201105/013 |
| Lögfræðingur | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201105/012 |
| Eftirlitsmaður | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201105/011 |
| Náms- og starfsráðgjafi, kennari | Menntaskólinn á Tröllaskaga | Ólafsfjörður | 201105/010 |
| Lífeindafræðingur | LSH, rannsóknastofa í meinafr. | Reykjavík | 201105/009 |
| Eðlisfræði- og stærðfræðikennari | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201105/008 |
| Sjúkraliðar, hjúkrunarfræðinemar | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201105/007 |
| Hjúkrunarfr., hjúkrunarnem., sumar | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201105/006 |
| Skrifstofumaður | Hæstiréttur Íslands | Reykjavík | 201105/005 |
| Lyflæknir | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201105/004 |
| Gæðastjóri | Áfengis- og tóbaksversl. ríkisins | Reykjavík | 201105/003 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustj. á höfuðborgarsv. | Höfuðborgarsv. | 201105/002 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Framhaldsskólinn á Húsavík | Húsavík | 201105/001 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

---

# Jákvæð og sveigjanleg heimaþjónusta

Sinnum leitar að jákvæðum og sveigjanlegum starfsmönnum í heimaþjónustu á Seltjarnarnesi/Vesturbæ/Grafarholti og Grafarvogi:

**Almennir starfsmenn** í aukavinnu, í heimaþjónustu og í vaktavinnu á Sjúkrahótelinu í Ármúla við þrif á herbergjum og framreiðslu matar.
**Félagsliði** í fullt starf.
**Þroskaþjálfi** í fast starf, m.a. verkefnastjórnun.
**Sjúkraþjálfari eða iðjuþjálfi** í fullt starf eða hlutastarf.
**Hjúkrunarfræðingur** í vaktavinnu – hlutastarf.

Aðallega er um að ræða helgar- og kvöldvinnu, stuttar vaktir sem geta hentað vel sem **aukavinna**. Starfsmenn þurfa að hafa bíl til umráða og geta hafið störf sem allra fyrst.

**Nánari upplýsingar á www.sinnum.is**

sinnum heimaþjónusta

---

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Leiðsögumaður á hjóli

Hjólafélagið ehf. auglýsir eftir leiðsögumönnum til að starfa fyrir fyrirtækið í sumar við leiðsögn á hjólum í Reykjavík og nágrenni.

**Hæfniskröfur:**

- Góð tungumálakunnátta
- Almenn og yfirgripsmikil þekking á Reykjavík og nágrenni
- Gott líkamlegt ásigkomulag
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Glaðlynd og skemmtileg framkoma

Umsóknarfrestur er til 18. maí 2011. Umsóknir skal senda á job@hjolafelagid.is. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hjólafélagið - www.hjolafelagid.is

BIRK FLIGHT SERVICES

## Flugþjónustan ehf er að ráða í eftirfarandi stöðu:

**Flugafgreiðslumenn á Keflavíkurflugvöll**

**Helstu verkefni:**

- Hleðsla og afhleðsla flugvéla
- Stjórnun tækjabúnaðar
- Almenn flugafgreiðslustörf

**Hæfniskröfur:**

- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Frumkvæði í starfi og samskiptahæfileikar
- Stundvísi og áreiðanleiki

**Umsóknarfrestur er til 13. maí 2011.**
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir og beiðnir um frekari upplýsingar óskast sendar á netfangið starf@birk.is

## Stofnun ársins leitar eftir forritara

### Starfið

***Vegna aukinna verkefna við nýsköpun kerfa leitar Umferðarstofa að forritara í vinnu við nýsköpun og brautryðjandi hugbúnaðarlausnir. Í boði er fyrirmyndar vinnustaður, góður félagsskapur, vel búið starfsumhverfi með góðum tækjabúnaði, spennandi verkefni og tillitssemi gagnvart því að forritarar geti líka átt sér líf utan vinnu. Nýútskrifaðir jafnt sem reynsluboltar eru hvattir til að sækja um.***

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Þekking og áhugi á hlutbundinni forritun og aðferðafræði*
- *Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða góð reynsla*
- *Góð Java-kunnátta kostur*
- *Grunnþekking í JavaScript, HTML, CSS og SQL kostur*

***Umsóknarfrestur er til 23. maí 2011.***

***Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:***

- *Á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni www.us.is/page/atvinnuumsokn*
- *Með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á framkvæmdastjóra mannauðs- og gæðasviðs, olof@us.is*
- *Senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:*
  *Umferðarstofa*
  *Bt. Ólafar Friðriksdóttur*
  *Borgartúni 30*
  *105 Reykjavík*

*Nánari upplýsingar veitir Gunnar Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs í síma 580-2000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.*

Umferðarstofa var bæði árið 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR –stéttarfélag í almannaþjónustu. Hjá stofnuninni starfa um 50 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, árangur, áreiðanleika og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.
Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.us.is.

Umferðarstofa
www.us.is
Borgartúni 30 – 105 Reykjavík
Sími: 580-2000 – Fax: 580-2001

UMFERÐARSTOFA

HVITA HÚSIÐ / SÍA

Í janúar 2009 var stofnuð ný Veðurstofa Íslands með sameiningu eldri Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga. Þar starfa rúmlega 250 manns víðsvegar um landið. Auk þess að taka yfir verkefni eldri stofnana hefur Veðurstofa Íslands umfangsmeira hlutverk í vöktun og rannsóknum en forverar hennar, m.a. tengdum náttúruvá, loftslags- og vatnafarsrannsóknum.

Hlutverk Fjármála- og rekstrarsviðs er að gæta þess að fjárhagsáætlun og ársreikningur séu í samræmi við lög. Sviðið annast öflun og varðveislu fjármála- og rekstrarupplýsinga, greiningu þeirra og miðlun. Sviðið sér um rekstur upplýsingakerfa Veðurstofunnar og leggur til sérfræðiþekkingu og þjónustu á vettvangi upplýsingatækni.

Icelandic Meteorological Office

Veðurstofa Íslands

## Gagnagrunns-sérfræðingur

Helstu verkefni

Veðurstofa Íslands leitar að gagnagrunnssérfræðingum. Verkefni viðkomandi eru m.a. samræming, uppbygging, viðhald og þróun gagnagrunna.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. tölvunarfræði eða önnur tæknimenntun.
- Farsæl reynsla af rekstri og viðhaldi gagnagrunna.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Upplýsingatæknihópur sér um rekstur tölvukerfa Veðurstofunnar og þróun hugbúnaðar til þjónustu á vettvangi upplýsingatækni auk þess að bera ábyrgð á tölvugögnum. Við upplýsingatækniþjónustu starfa um 15 manns.

Nánari upplýsingar um starfið á upplýsingatæknisviði veita:

Vigfús Gíslason
yfirverkefnisstjóri upplýsingatækni
gislason@vedur.is

Borgar Ævar Axelsson
mannauðsstjóri
borgar@vedur.is

## Yfirverkefnastjóri reikningshalds

Helstu verkefni

Yfirverkefnastjóri reikningshalds ber ábyrgð á áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og hefur umsjón með kostnaðargreiningu og greiningu lykiltalna úr rekstri. Hann stýrir, skipuleggur og samræmir verkefnin auk þess að sinna skýrslugjöf og áætlanagerð. Starfsmaður ber einnig ábyrgð á uppgjörsvinnu, virðisaukaskattsuppgjöri og viðskiptum á milli sviða stofnunarinnar.

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði.
- Reynsla og færni í reikningshaldi og uppgjörsvinnu skilyrði.
- Reynsla af verkbókhaldi og kostnaðargreiningu kostur.
- Þekking á Oracle bókhaldskerfi kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu.
- Góð færni í excel.
- Geta til að stýra verkefnum.
- Sjálfstæði, frumkvæði, nákvæmni, skipulögð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi.

Reikningshald hefur umsjón með bókhaldi, uppgjöri og fjárhagsskýrslugjöf Veðurstofunnar. Sérstök áhersla er lögð á verkbókhald og kostnaðarútreikninga. Í reikningshaldi starfa fimm manns.

## Sérfræðingur í reikningshaldi

Helstu verkefni

Helstu verkefni reikningshalds eru fjárhagsbókhald, reikningagerð, launabókhald, eignakerfi, verkefnabókhald og kostnaðarbókhald. Leitað er að tveimur einstaklingum sem munu í sameiningu sinna gerð reikninga sem byggja á samningum og vinnusölu samkvæmt verkbókhaldi, útreikningi launa, skráningu í eignakerfi, kostnaðargreiningu, skýrslugerð og upplýsingagjöf til annarra sviða stofnunarinnar.

Menntun og hæfniskröfur

- Reynsla og færni í bókhaldi skilyrði.
- Reynsla í útreikningi launa kostur.
- Háskólapróf í viðskiptafræði kostur.
- Reynsla af verkbókhaldi og kostnaðargreiningu kostur.
- Kunnátta í Oracle bókhaldskerfi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu.
- Sjálfstæði, frumkvæði, nákvæmni, skipulögð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar um störfin í reikningshaldi veita:

Hafdís Karlsdóttir
framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs
hafdis@vedur.is

Borgar Ævar Axelsson
mannauðsstjóri
borgar@vedur.is

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is, merkt viðeigandi starfi.

Laun fara eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélagi.

Umsóknarfrestur allra starfa eru til og með 22. maí 2011.

www.vedur.is 522 60 00

## Við leitum að fagmenntuðum bifvélavirkjum á atvinnubílaverkstæði HEKLU

Boðið er upp á skemmtilegan vinnustað, úrvals aðstöðu til viðgerða og viðhalds, gott tæknilegt umhverfi ásamt miklum möguleikum á þjálfun og endurmenntun. Á verkstæðum HEKLU er unnið eftir gæðakerfi sem byggir á Volkswagen Group og ISO 9001:2000 stöðlum. Gæðakerfið er vottað af faggildum aðilum.

Bifvélavirki á atvinnubílaverkstæði hefur það hlutverk að greina, finna úrlausnir og vinna við viðgerðir á verkstæðinu.

**Ábyrgð og verkefni:**
- Öll almenn viðhalds- og viðgerðavinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Deila þekkingu með starfsfélögum
- Framfylgja öllum öryggisreglum og gæðakröfum framleiðenda

**Hæfniskröfur:**
- Fullgild réttindi sem bifvélavirki
- Reynsla af starfi sem bifvélavirki
- Góð tungumálakunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Áhugi á símenntun í greininni og vilji til að kynna sér tækninýjungar
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími á verkstæðinu er frá kl. 8:00 - 16:00.

Allir starfsmenn HEKLU er hvattir til að sýna frumkvæði, metnað og vilja til að ná árangri í starfi.

Vinsamlegast sendið inn umsóknir ásamt ferilskrá á **mh@hekla.is**

Frekari upplýsingar um starfið gefur **Magnús Halldórsson** í síma **825 5639**

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

## Skipulag

Landsvirkjun orkusalan

### Hólmsárvirkjun - Allt að 80 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftárhreppi

### Mat á umhverfisáhrifum Drög að tillögu að matsáætlun

Landsvirkjun og Orkusalan ehf. kynna áform um að reisa allt að 80 MW vatnsaflsvirkjun í Hólmsá í Skaftárhreppi, í Vestur Skaftafellssýslu.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Matsvinnan er hafin og frá 9. maí má nálgast drög að tillögu að matsáætlun á heimasíðum Landsvirkjunar, www.lv.is, Orkusölunnar ehf., www.orkusalan.is, og Almennu verkfræðistofunnar hf., www.almenna.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér drög að tillögu að matsáætlun og leggja fram athugasemdir. Vinsamlegast beinið fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum við drög að tillögu að matsáætlun á neðangreint póstfang eða með tölvupósti á netfangið haukur.haraldsson@almenna.is.

Almenna verkfræðistofan hf.
b.t. Hauks Þórs Haraldssonar
Fellsmúla 26
108 Reykjavík

Frestur til að gera athugasemdir er til **23. maí 2011.**

## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Gangstéttaviðgerðir í Reykjavík 2011.***

Útboðsgögn á geisladisk verða seld á kr. 3.000, frá kl. 9:00 þriðjudaginn 10. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1.hæð.

Opnun tilboða þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 11:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.

12610

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Fundir

### Aðalfundur LAUF – félags flogaveikra

Verður haldinn laugardaginn 14. maí kl.11 að Hátúni 10, 9. hæð.

Venjuleg aðalfundarstörf

## Tilkynningar

Byggðastofnun

### Landstólpinn - árleg viðurkenning Byggðastofnunar

Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 25. maí nk. Á fundinum verður í fyrsta sinn veitt viðurkenning Byggðastofnunar undir heitinu „Landstólpinn. Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar".

Viðurkenningin skal veitt einhverjum þeim sem hefur vakið jákvæða athygli á landsbyggðinni með verkefni, starfsemi, umfjöllun á opinberum vettvangi eða með öðru móti. Viðkomandi gæti bæði hafa vakið athygli á byggðamálum, landsbyggðinni í heild, eða einhverju tilteknu byggðarlagi og þannig aukið veg viðkomandi samfélags. Um getur verið að ræða einstakling, fyrirtæki, stofnun eða sveitarfélag.

Við óskum eftir ábendingum um handhafa þessarar viðurkenningar. Að ábendingum fengnum mun dómnefnd velja úr. Eftirfarandi þætti má hafa í huga við valið:

**Hvort viðkomandi hafi:**
- gefið jákvæða mynd af landsbyggðinni eða viðkomandi svæði
- aukið virkni íbúa eða fengið þá til beinnar þátttöku í verkefninu
- orðið til þess að fleiri verkefni/ný starfsemi verði til
- dregið að gesti með verkefni eða umfjöllun sinni

Ekki er nauðsynlegt að öllum þessum atriðum sé fylgt eftir, heldur séu þau höfð til hliðsjónar.

Ábendingum skal skila á heimasíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is

Nánari upplýsingar gefur Sigríður K. Þorgrímsdóttir í síma 455 5400 eða netfang, sigga@byggdastofnun.is.

**Frestur til að koma ábendingum til skila rennur út mánudaginn 16. maí 2011.**

## Styrkir

BKR
Bandalag kvenna í Reykjavík
HALLVEIGARSTÖÐUM • TÚNGÖTU 14 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 552-6740

### Námsstyrkir

Bandalag kvenna í Reykjavík auglýsir til umsóknar styrki úr Starfsmenntunarsjóði ungra kvenna fyrir skólaárið 2011-2012.

**Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styðja við bakið á ungum konum í Reykjavík, sem ekki eiga kost á námslánum, til að afla sér aukinnar menntunar.**

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum, sem hægt er að fá í versluninni Thorvaldsensbasar, Austurstræti 4, alla virka daga milli kl. 09:00 og 18:00.

**Fyrirspurnir má senda á netfang bandalagsins:**
bandalag@simnet.is

Umsóknir þurfa að berast fyrir **14. júní 2011** til Bandalags kvenna í Reykjavík Túngötu 14, 101 Reykjavík, merktar **„Námsstyrkir"**

Kvenréttindafélag Íslands

### Menningar- og minningarsjóður kvenna auglýsir eftir styrkumsóknum vegna ársins 2011

Að þessu sinni er sjóðurinn opinn fyrir umsóknum frá einstæðum mæðrum sem eru í eða hyggja á nám á framhaldsskólastigi sem ekki veitir aðgang að láni frá LÍN.

Styrkupphæð árið 2011 eru 500 þúsund og áskilur stjórn sjóðsins sér rétt til að ákveða fjölda styrkþega. Styrkur verður greiddur út þegar staðfesting á skólavist liggur fyrir.

**Með umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:**
- Staðfesting um skólavist og námsframvindu ef nám er hafið.
- Skattaskýrsla vegna tekna árið 2010
- Upplýsingar um aðra styrki vegna námsins ef um þá er að ræða
- Tekjuáætlun ársins 2011

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar má nálgast á skrifstofu Kvenréttindafélags Íslands og heimasíðu: www.krfi.is.

**Umsóknarfrestur er til 25. maí nk.** Umsóknum skal skilað til Menningar- og minningarsjóðs kvenna, Hallveigarstöðum við Túngötu 14, 101 Reykjavík. Tilkynnt verður um styrkþega á kvenréttindadaginn 19. júní.

# Hótel við Austurhöfn

## Sala á byggingarreit nr. 5

Situs ehf. óskar eftir áhugasömum aðilum sem vilja kaupa byggingarreit nr. 5 við Austurhöfn í Reykjavík, sem ætlaður er fyrir hótel, en markmiðið með útboðinu er að tryggja að við hlið Hörpunnar rísi hótel af þeim gæðum sem hæfir tónlistar- og ráðstefnuhúsinu þannig að gott samspil geti orðið milli þessara bygginga, báðum til góðs.

Á byggingarreitnum er fyrirhugað að byggt verði hótel undir alþjóðlegu vörumerki sem verði með a.m.k. 250 herbergjum og af 4-5 stjörnu gæðum. Á reitnum má byggja að hámarki 28.000 m² ofanjarðar og 2.000 m² í kjallara. Miðað er við að hótelið hefji rekstur vorið 2014 en þó eigi síðar en vorið 2015.

Með kaupum á reitnum skuldbindur kaupandi sig m.a. til að:
- Standa að byggingu a.m.k. 250 herbergja hótels á byggingarreitnum.
- Tryggja að þar verði rekið 4-5 stjörnu hótel undir alþjóðlegu vörumerki.
- Standa að byggingu bílakjallara við hótelið.
- Leggja fram hugmyndir um samstarf milli Hörpu og væntanlegs hótels varðandi ráðstefnuhald og gistingu.

Nánari upplýsingar um kröfur til bjóðenda, gögn sem skila þarf inn með tilboði o.fl., má finna í útboðsgögnum en þau má nálgast frá og með mánudeginum 9. maí á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar, www.vso.is. Útboðsgögn eru á ensku.

Tilboðum ásamt fylgiskjölum skal skila á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík, eigi síðar en **kl. 14:00, föstudaginn 10. júní 2011**, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

SITUS ehf

ÍSLENSKA SIA.IS POR 54850 05.2011

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR, SNYRTIFRÆÐINGUR OG LÆKNAMÓTTÖKURITARI

40-60% framtíðarstöður í tilfelli hjúkrunarfræðings og snyrtifræðings og 60% framtíðarstaða í tilfelli ritara lausar strax hjá lækningafyrirtæki. Mjög sjálfstæð reyklaus störf m.a. með börn. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti og meðmælendur auk valupplýsinga eins og veikinda og í tilfelli ritara grunnbókhaldsmenntun óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Úlfarsárdalur, hverfi 1. Yfirborðsfrágangur 2011.***

Útboðsgögn á geisladisk verða seld á kr. 3.000, frá þriðjudeginum 10. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1.hæð. Opnun tilboða mánudaginn 23. maí 2011 kl. 11:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.

12602

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavik
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

RÍKISKAUP

**Útboð nr. 15070**

# – Rekstur mötuneytis Verkmenntaskólans á Akureyri

Ríkiskaup fyrir hönd Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA), óska eftir tilboðum í rekstur á mötuneyti fyrir nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri og mötuneyti fyrir starfsmenn skólans.

Verksali skal sjá um rekstur tveggja aðskildra mötuneyta annars vegar fyrir nemendur og hins vegar starfsmenn Verkmenntaskólans á Akureyri. Í verkinu er fólgin framleiðsla og framreiðsla matar, afgreiðsla á öllum matvælum samkvæmt tilboðsblöðum, umsjón með matsölum og ræsting þess svæðis er heyrir undir verksala. Verksali sér sjálfur um kassakerfi og rekstur þess. Markmiðið með útboðinu er að tryggja sem lægst vöruverð samfara gæðum og góðri þjónustu en um leið að tryggja að fjölbreytileiki og hollusta í samsetningu matvæla uppfylli fjölbreyttar þarfir/kröfur viðskiptavina og falli að kröfum Lýðheilsustöðvar um matarræði í framhaldsskólum.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum, sem eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is. Skila skal tilboðum til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík þar sem þau verða opnuð þann 21. júní 2011, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**

***Klór fyrir sundstaði og íþróttamannvirki.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá og með 9. maí 2011, í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 – 14.

Opnun tilboða: 19. maí 2011 kl. 10:00, í Borgartúni 12 – 14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver Reykjavíkurborgar.

12608

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavik
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar:**

***Grassláttur við þjóðvegi í Reykjavík 2011, útboð 1***

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, þriðjudaginn 10. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12–14, 1.hæð.
Opnun tilboða fimmtudaginn 19. maí 2011 kl. 11:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.

12616

***Grassláttur við þjóðvegi í Reykjavík 2011, útboð 2***

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, þriðjudaginn 10. maí 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar Borgartúni, 12–14, 1.hæð.
Opnun tilboða föstudaginn 20. maí 2011 kl. 11:00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver.

12617

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

VEGAGERÐIN

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavik
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is


Auglýsingasími
512 50 50



Allt sem þú þarft...


Sveitarfélagið
ÁRBORG

# ÚTBOÐ

## Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið: „MALBIKSYFIRLÖGN SELFOSSI 2011“.

Verklok eru 17. júní 2011.
Verkið felst í því að gera við stakar malbiksskemmdir og leggja malbik á umferðagötur á Selfossi.

**Helstu magntölur eru:**

- Malbik Y11 9230 m2
- Stakar viðgerðir 300m2
- Fræsningar 234 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi á heimasíðu Verkfræðistofu Suðurlands frá og með mánudeginum 9 maí. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Ingibjörgu í síma 412 6900, eða með tölvupósti til imba@verksud.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila á Framkvæmda og veitusviði sveitarfélagsins Árborgar, Austurvegi 67 fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 24. maí 2011, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Framkvæmda og veitusvið Árborgar


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


## Fasteignir

MIÐBÆR
Fasteignasala & Leigumiðlun
Kristbjörn Sigurðsson lögg. fasteignasali & leigumiðlari



**Söluturninn Skari, Suðurströnd Seltjarnanesi**

Til sölu rekstur og húsnæði söluturnsins/grillsins Skara. Eldhús, vel búið tækjum og búnaði, ísvél og fl. Húsnæðið er 46 fm. steinhús við Sundlaug Seltjarnarness og World Class. Ýmis tækifæri framundan.

**ÖLL SKIPTI SKOÐUÐ**

Suðurlandsbraut 10 | 108 Reykjavik | s. 588-3300 | www.midbaer.is

## Boðahlein 19
210 Garðabær
ELDRI BORGARAR!-ENDARAÐHÚS!

**Stærð: 84,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1984**
**Fasteignamat: 21.800.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús





Heiðar Birnir
Sölufulltrúi
**6180317**
heidar@remax.is



**Opið hús laugardaginn kl.15.00-15.30**

**Verð: 22.400.000**

Heiðar Birnir og RE/MAX senter kynna
"ELDRI BORGARAR" Fallegt 84,9 fm. ENDARAÐHÚS á sérlega góðum stað í næsta nágrenni við Hrafnistu í Hafnarfirði.
Hægt er að fá neyðarbjöllu og ýmsa þjónustu frá Hrafnistu í húsin.
Eignin skiptist í rúmgott svefnherbergi, stofur, eldhús, baðherbergi með sturtu, þvottahúsi og geymslu.
Góð lofthæð. Falleg sólstofa. Frábært útsýni. Uppl gefur Heiðar Birnir í síma 618-0317

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Trönuhjalli 5
200 Kópavogur
Útsýnisíbúð í suðurhlíðum Kópav.

**Stærð: 98,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1989**
**Fasteignamat: 18.900.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús





Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



**Sunnudaginn kl. 17-17.30**

**Verð: 23.500.000**

RE/MAX Senter og Þóra kynna fallega og vel skipulagða íbúð með miklu útsýni í suðurhlíðum Kópavogs.
Skipulag; Hol sem opnast inn í stofu með góðum gluggum og svölum í suður og eldhús með borðkrók og þvottahúsi innaf. Úr holi er einnig gengið inn á svefnherbergisgang með 2 barnaherbergjum, hjónaherbergi með góðum skápum og baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf. Íbúðinni fylgir geymsla í sameign. Allar frekari upplýsingar um eignina gefur Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

GRÆN TILBOÐ
Nýjir bílar frá verksmiðju
Raunverð frá kr:
790.000,-
Fáðu bækling á islandus.com
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar frá Ford, Jeep, Dodge, Toyota, Chevrolet og flestum öðrum bílaframleiðendum. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Lægri bifreiðagjöld. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í eldsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Hundruð ánægðra viðskiptavina.www.islandus.com - Sími 5522000



Til sölu M. Benz C200 árg.'95. Ek. 252þús. Ssk. Auka dekkjagangur á álfelgum. Verð 560þús. Tilboð 350þús. Nánari uppl. í s. 893 9987.

HÖFÐABÍLAR.is

**Góður staðgreiðsluafsláttur**
CHEVROLET LACETTI STATION '05, 1800 ek. 113 þús. filmur, álfelgur, 4 sumardekk, 4 vetrar, sjónvarp, dvd ásett. V. 1.300.000 Tilboð óskast. S. 867 7604.

**Tilboð 650þús**
Mitsubitsi Lancer '04. Ek. 100þús. 1600 beinsk. Uppl. í 7779543. Hlynur.

Daiwoo station árg.'02, ssk. Ek 134þús. Rafmagn á öllu. Ásett v. 550þús. Uppl. í s. 698 7405.

3 góðir til sölu, peugeot 307 ek 100þ. 5dyra bsk m/krók v.950þ, M.Bens C180 árg. 1999, ek. 163þ. sjsk. álf, lúga, verð 950þ. Audi A4 árg. 2005, ek. 169þ, sjsk, , álf., verð 1490þ. Uppl. í síma 898 3997.

VW Touareg til sölu, árg. 2003 ekinn rúml. 130 þ. S: 696-7496

Daiwoo Matis árg.'00. Ódýr, eyðslugrannur og í topp lagi. Uppl. í s. 897 0692.

## 0-250 þús.



!!!GAMALL OG GÓÐUR!!! Til sölu JEEP CHEROKEE 4,0 Árg. 87 SJSK. Mjög heill og góður, Ekinn 181þúskm TILBOÐ 250PÚS. Uppl. S: 868-3512.

Skoðaður '94 Cherokee Jeep á góðum dekkjum. Ekinn 205 þkm. Verð 200þús. s. 866 9593.

Til sölu '17 álfelgur nýjar v:80.þ barnakerra Gracco v:15.þ s:661 7216.

Toyota Carina E station, árg.'95. Ek.200 þ. km. Sk.'12. Góður og vel með farinn bíll. Verð 250 þús. S. 841 8955.

Til sölu 2stk MM Carisma árg. '98. Þarfnast aðhlynningar. Seljast saman á 195þús. stgr. Uppl. í s. 844 0478.

## 250-499 þús.



Opel Vectra CD '99. Vel með farinn bíll. Ek. 187þús. Smur- og þjónustubók frá upphafi. Ný tímareim, dekk, bremsur og nýsk. V. 490þús. Uppl í s 821 5364



**TILBOÐ 340 þús stgr!**
Opel Vectra árg.'98 ek.110 þús,sjálfskiptur,sumar og ný vetrardekk með,einn eigandi, góður bíll!ásett verð 420 þús. TILBOÐ 340 þús. stgr! s. 841 8955.

Daewoo nubira árg. 2000, Beinsk, ek. 129þús. Góð dekk, ný tímareim, mikið endurnýjað, V 390 þús. S: 897 8005 eða 859 3815.

Til sölu Mitsubishi Carisma GDI, ssk, sk. '12, árg. '98. Dráttarkúla o.fl. Mjög sparneytinn bíll. V. 330þús. S. 695 9543.

## 500-999 þús.



Til sölu BMW 316i árg.'99, ek. 130þús. Uppl. í s. 772 2343 og http://j.mp/d3epXH



Grand Cherokee limited V8 '00 ek. 170þ. leðurlúga rafm. í sætum ofl ofl. auka felgur. Sumartilboð 550þús. Uppl. í s. 891 9944.

Chevy Venture '02, 116þ.km, 7 sæta, vdekk fylgja, skoðaður '12, v750þ. S. 845 1262.

## 1-2 milljónir



Mjög vel með farinn Grand Cherokee 2003. Innfl 2004, einn eigandi síðan. Ek. 130þús km. Verð 1490þús. Uppl. 897 8490.



Mazda 6 Station 2004 ekinn 118 þkm. Í mjög góðu ástandi. Sumar og vetrardekk. Verð 1280 þús.

## 2 milljónir +



Passat Highline 12/06 (árg. '07) 2.0 Dísel, ek. aðeins 65þ. Leður, sjsk, toppl., 17" dekk. Verð 3.2 millj. Uppl. 660 7067.



Toyota Rav D4D(diesel). Árg. '05. Ek. 139þús. Dráttarbeisli, sumar- og vetrard. V.2.090þús. Áhv. 1.450þús. Uppl. í s 692 1416.



Isuzu D-max 2009 sjálfsk. ek. 27 þús. Einn eig. Sumar & nagladekk. Verð: 4,3. Stgr. 3,8. s. 892 0566.



MMV EVO 9 árg. 2007 ek.47þús. 286hö 4x4 6gíra innfl.nýr af Heklu 18" felgur Sumartilboð 2.550.000kr. S:891 9944.



GMC Yukon XL Denali árg. 2004 (sk03) ekinn 80þ.km. 6L Vortec, sjálfsk.,leður, dr.beisli 13p.tengi, 7manna sk.12. Ásett 3.900þ. Tilboð 2.900þ. S. 898 3420

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Óska eftir bíl á verðbilinu 100 - 200 þ. staðgr. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 844 7030.

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

**Óska eftir!**
Fjórhjóladrifnum jeppling, diesel, sjálfskiptum. Staðgreiðsla 2,5 -3,5 Milljón. Uppl. í s. 899 2172 eða hghus@emax.is

## Jeppar



Nissan Patrol Elegance 3.0 Diesel '08/2004 ek. 98þ. Sjálfskiptur, leður, filmur, WEBASTO.,35" stærri breytingin, ekkert áhvílandi, tveir eigendur. Fallegur bíll. 3.390 þús. 897 2034.

## Fornbílar



Til sölu einn glæsilegasti bíll landsins, Chevy Impala, 2 dyra Hardtop Sport Coupe árgerð 1960. Orginal, 2 eigendur.100 % ryðlaus. Nýtt lakk. Uppl. í s. 899 7725.

## Pallbílar



Til sölu Ford F-150 Harley Davidson árgerð 2006 ekinn 68þ.km ný 22" dekk mjög vel með farinn verð 3.350þ kr nánari uppl. í síma 894-2097.

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Flutningar**
Búslóðaflutningar og fleira. Hef 4 tonna sendibíl með lyftu. Staðsettur á Selfossi. Geymið auglýsinguna. S. 862 1933.

## Hópferðabílar



44" fullbreyttur Ford Ec '94. Tilbúinn í ferðaþj, 14 farþ hópferðaleyfi, læsingar, lággír, spil, dúklagður, 280L tank, toppgrind, viðhaldsbók. Uppl. Ingimundur S. 824 6642.

## Vörubílar



Til sölu M Benz 1323 4x2 árg'98. Með véflutningapalli er á lofti að aftan. S. 899 2058



Til sölu Volvo FH13 árgerð 2006 ekinn 117þ.km verð 9.9m með vsk nánari uppl. í síma 894-2097.



TIL SÖLU MAN H72 6X6 dráttarbíll árg 04. ek. 170 þ km Uppl. í s. 821 1125 Ásgeir

## Húsbílar



Til sölu húsbíll. Sharky L7 Fiat Ducato lágþekja árg. 2007. Ekinn 22 þús. km Glæsilegur bíll hlaðinn aukabúnaði. Uppl. í s. 865 2200.



Flottur rúmgóður húsbíll. TILBOÐ:6,7milj. Er með belti fyrir 7 farþega og svefnpláss fyrir 7. Árgerð 2006 ekinn ca 15 þús. Hjólagrind f/3 hjól. ATH skipti á fellihýsi. Upplýs: Erla 8203538.

rotor.is
Stórasta verslun húsvagnaeigenda
Rótor ehf. s. 5554900
Helluhrauni 4, H.f.



Fiat/Hymer húsbíll til sölu. árg. 2005, vél 2,8. GT 575, ekinn 27.000 km. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 7.7 mill. Uppl. í s. 899 7296 Bjarni.



Til sölu Ford Siesta 650 árg. '07, ek. 26 þús., 6 gíra með hraðast, bakkm-vél . Hobby hús, markisa. Uppl. í síma 894 7466.

## Mótorhjól



KXF 450 árg. '08 ek. Verð 600 þ. Uppl. í s. 773 7349.



HONDA CRF250R. Árg '08. Notað 32 tíma, bensín, 5 gírar, gullfallegt hjól. Tilboðsverð 680þús Fylgja ísdekk með Heiðar S. 8629686



**Ásett verð 850 þús.**
Honda Gold Wing Aspanscade GL 1100 '83 fallegt hjól til sölu, ný dekk og mikið yfirfarið skipti koma til greina Uppl. í síma 699 4329.



Yamaha FZ6 Fazer árgerð 2007. Fallegt og vel með farið hjól. Ekið 9500 km. Hentar byrjendum mjög vel. Verð 900.000. Upplýsingar í s. 865 5317.

TM 450 árg. 2006 til sölu með auka SM dekkjum á felgum, ásett 600þ. Sími 516 1208.

Suzuki DR 650 '05 Gott ferðahjól. Ný keðja og tannhjól. Nýlegar töskur og grind fyrir þær. Hlífðarpanna. Ný dekk fylgja með hjólinu. Ekið 13 þús. km. Verð 790 þúsund krónur. Nánari uppl. í síma 663-4411.

## Vespur



Á gullmola um gangstéttir þú keyrir, engar áhyggjur af tryggingamálum né ökuleyfi. Nú er tími til kominn að spara. Líttu inn og láttu vaða. S. 693 3730.

## Fjórhjól



Til sölu ónotuð Regatta 6 rafskutla , fer allt að 40 km á hleðslu. Töskur yfirbreiðsla of.l fylgir , verð 350þús. (nývirði 450þús.) uppl. í síma 894 0500.

KFX450R árg 2008. Mjög flott. Vel búið. Vel með farið. Ekkert áhvl. Uppl. í síma 6969468

## Vélsleðar



Til sölu polaris 550cc Mjög vel með farinn, 2004 módel. Alltaf geymdur inni, ekinn 3400 mílur. Ný upptekin vél. Upplýsingar í síma 691 5698.

## Kerrur



Vönduð Haulmark Low Rider Kerra til Sölu, árg. '07. Burðargeta 2tonn, L6,27m, B2,13m. Verð 1,7 milljón, Upplýs. í s. 844 3850.



Farangurskerrur. Eigum Humbaur farangurskerrur til á lager. Mikið úrval af kerrur á staðnum. www.topplausnir.is/ www.topplausnir.is www.kerrusalan.is/ www.kerrusalan.is Lyngás 8, Garðabæ s: 517 7718

## Hjólhýsi



Hymer Nova Eriba 680GL, árg. 2008 (tekið í notkun 2009.) kojur, sturta, loftnet, stærsta gerð sólarsellu 2x100amp rafgeymar o.fl. Luxushús með öllu. Verð 5.500þ. Sími: 898 3420.



Hjólhýsi með áföstu gestahúsi á leigulóð í Borgarfirði til sölu. Verkfæraskúr, innibú fylgir, girt lóð. Verð kr. 1.500.000. Upplýsingar í síma 696 1853.



Hjólhýsi/LMC. Til sölu LMC lord ambassador 565 rbd '08. Alde gólfhiti og sólarsella, leður, markisa og grjótgrind. Mjög fallegt hús. V. 4.250. Uppl. í s. 824 5181.



Til sölu T.E.C 690 Travel King. Með markísu 2rafgeymum sólarsellu innbyggðu útvarpi kojum og Alde hitakefi. Svefnpláss fyrir 7 árg 07/2007 lítið notað eins og nýtt. Verð 3.9m nánari uppl. í síma 894-2097.



**HOBBY 540 UL EXCELLENT**
Hobby 540 UL Excellent árg. 2001 Nýskráð 2005. Markisa, Grasdúkur, Heitt - Kalt vatn, Gaskútur, Örbylgjuofn, Sjónvarp, Hjólagrind. Mjög vel með farið. Uppl. í s. 893 1205.



Til sölu LMC Munsterland 720 hjólhýsi, árg. 2005 mjög vel með farið verð 3,7 millj. Dodge Durango LMT Hemi 5,7 árg. 2005. Verð 2,2 millj. Frábært saman á tilboði 5,5 millj. selst líka í sitt hvoru lagi. Uppl. í síma 864 4092.



Til sölu FENDT 620 Diamant árg. 2009. Mjög vel með farið. Alveg eins og nýtt. S. 894 5066 & 899 4551.

## Til sölu

Stórglæsilegt heilsárshús á besta stað í Ásgarðslandi (Grímsnesi), frábært útsýni og stutt í alla þjónustu. Ca 120fm + geymsla ca 20 fm 1 ha eignarlóð. Mjög stór sólpallur. Þetta er eign fyrir þá sem sækjast eftir bestu staðsetningu sem hugsast getur. Sjón er sögur ríkari. Verð 29.900.000,- fleiri myndir á bill.is raðnúmer 144225. Upplýsingar í síma 6952015
bíll.is
bestir í bílum ...



Mörgum hættir til að standa við grillið og snúa matnum í gríð og erg. Þunnum sneiðum, svo sem hamborgurum, þarf bara að snúa einu sinni og grilla í nokkrar mínútur á hvorri hlið.



Stór stykki eins og lambalæri er best að grilla við óbeinan hita. Þannig verður lærið safaríkt og mjúkt.



Minni stykki má staðsetja beint yfir eldinum. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



Til að forðast það að brenna matinn yfir logunum er hann gjarnan vafinn inn í álpappír. Athugið þó að þannig gufusýðst maturinn, frekar en að grillast.

# Gott er að grilla mat

**Flest teljum við það engin geimvísindi að grilla mat. Kveikja upp, fleygja matnum á ristina og svíða hann vel áður en hann fer á diskinn. Auðveldlega má þó eyðileggja annars dýrindis hráefni í logunum, auk þess sem mikið brunnið grillkjöt getur innihaldið krabbameinsvaldandi efni.**

### ÓBEIN GRILLSTEIKING

Þykkari stykki en 5 sentimetra ætti ekki að grilla beint yfir eldinum við háan hita í stuttan tíma, þar sem yfirborðið þornar og brennur áður en stykkið er fulleldað í miðjunni. Þunnar sneiðar, fiskflök og grænmeti má setja beint yfir eldinn en þegar grilla á lambalæri er best að elda það við óbeinan hita. Notið grill sem hægt er að loka og setjið lærið á ristina, til hliðar við eldinn. Hæggrillað lærið verður safaríkt og gott og það besta er að lítið þarf að fylgjast með grillinu, þar sem fitan lekur ekki beint ofan í eldinn. Það er líka hægt að vefja matinn inn í álpappír og setja beint yfir logana, en þá gufusýðst hann í eigin safa frekar en að grillast.

### LÁTIÐ MATINN Í FRIÐI

Eins er það algengur misskilningur að standa eigi við grillið og snúa stykkjunum aftur og aftur. Þunn stykki eins og hamborgara, lærisneiðar eða kótelettur á til dæmis að grilla í þrjár til fimm mínútur á hvorri hlið og snúa einu sinni. Stærri stykkjum sem þurfa langan eldunartíma, eins og lambahrygg og læri, þarf þó að snúa nokkrum sinnum. Fisk ætti að leggja á vel olíuborna grindina og snúa einu sinni, og til að forðast að hann detti í sundur er sniðugt að klemma hann inn í fiskgrind sem auðvelt er að meðhöndla.

### GAS EÐA KOLAGRILL

Betra er að stýra hitanum á gasgrilli en kolagrilli, auk þess sem það tekur enga stund að hitna. Þegar nota á kolagrill þarf lengri undirbúningstíma, en kolagrill hitna síðan meira en gasgrill. Mörgum þykir betra bragð af mat grilluðum á kolagrilli og rómantík fylgja stússinu í kringum þau, meðan aðrir vilja minna umstang.

Einnota grill eru einnig vel nýtanleg til að grilla pylsur, sneiðar og bita en henta síður ef grilla á stórt lambalæri. Gott er að hafa í huga að þegar einnota grill er notað skal staðsetja það á eldfast undirlag til að forðast íkveikju og eftir notkun er sniðugt að hella vatni í bakkann til að drepa í því alla glóð.

Víða á netinu má nálgast ráðleggingar varðandi grillmat, til dæmis á www.lambakjot.is

**● HITINN ER MIKILVÆGUR** Látið grillið alltaf hitna vel áður en byrjað er að grilla. Kolagrill þurfa að hitna í hálftíma til fjörutíu mínútur frá því kveikt er í kolunum en gasgrill þarf að hitna í tíu til fimmtán mínútur. Þegar notað er kolagrill er gott ráð að breiða álpappír á botn þess áður en kolin eru sett í og kveikt er upp. Þannig er auðvelt að þrífa grillið á eftir.



FRÁBÆRT VERÐ

Mjög öflugt grill fyrir íslenskar aðstæður




- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfrítt lok og takkaborð
- Emaleraðar grillgrindur
- 3 kraftmiklir brennarar
- Sterk viðargrind
- Neistakveikja í rofa
- Grillgrindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 136 x 106 x 62

Opið laugardaga til kl. 16

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á SUMARTILBOÐI

N1

ELDHEITIR AUKAHLUTIR

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖNDUÐUM AUKAHLUTUM FYRIR GRILLIÐ. KOMDU VIÐ Í VERSLUNUM N1 OG GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR SUMARIÐ.



077 98130
VOKPANNA
2.183 kr.



077 21014
FISKIGRIND
2.980 kr.



909 31531
GRILLKVEIKJARI
590 kr.



077 40036
GRILLSETT
2.980 kr.



077 98140
PIZZUPANNA Á GRILL
3.180 kr.



077 77336
GRILLBURSTI OG SKAFA
590 kr.



GRILLYFIRBREIÐSLUR
frá 5.290 kr.



077 41070
KERAMIK STEINAR
2.290 kr.



077 80024
ÞRÝSTIJAFNARI FYRIR GASGRILL
3.523 kr.

N1 VERSLANIR
WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

# WHIRLPOOL **DAGAR**

**FRÁBÆR TILBOÐ** í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi sem fagnar 100 ára afmæli á þessu ári.

# 10-60% AFSLÁTTUR




**KLÆLISKÁPAR, OFNAR, HÁFAR OG HELLUBORÐ Á FRÁBÆRU VERÐI!**

1911 100 2011



**FRYSTIKISTUR**
Verð frá kr. 49.995



**ÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 74.995



**BARKALAUSIR ÞURRKARAR**
Verð frá kr. 69.995

Whirlpool

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# örnum

sjálfur á margar og yndislegar minningar um móðurafa sinn og nafna frá uppvaxtarárunum í Vestmannaeyjum.

„Móðurafi minn gekk mér að hluta til í föðurstað og fyrsta minning mín um afa var eina nóttina þegar ég vildi ekki sofa, en þá fór hann með mig út í gróðurhús um miðja nótt og gaf mér tómata, og þá sættist ég á svefninn. Seinna ætlaði ég að strjúka að heiman fimm ára og fara út í heim, eitthvað ósáttur við tilveruna, en þá hirti afi mig upp á miðri leið niður í bæ og spurði hvert ég ætlaði. „Ég ætla hinum megin við Heimaklett, út í heim og þaðan til norðurs,“ svaraði ég ákveðinn, en tók svo í höndina á afa til að fara aftur heim. Hann kenndi mér svo ótal margt og var mjög öflugur karl og sérstæður,“ segir Árni og hugsar heim til Eyja, þangað sem afabörnin hafa svo oft komið til hans og hann mun vonandi eiga góðar stundir með á Þjóðhátíð þegar þau vaxa betur úr grasi, en Árni tekur reglulega upp gítarinn til að syngja og tralla með þeim til að gera hvunndaginn skemmtilegri.

„Það er eitthvað í þeim öllum af mínum karakter og indælt að sjá betri útgáfuna af sjálfum sér lifna við í þeim. Hvernig ég mun svo lifa í þeim að mér gengnum getur maður aldrei sagt um en speglunin getur orðið á margan hátt og er sannarlega alltaf einhver,“ segir Árni afi í vorblæ og faðmi afastúlkna sinna. - þlg

# gur vinur



**Mestu mátar** Garðar Guðnason með fyrsta afabarn sitt, Birki Örn Theódórsson, fjögurra mánaða. Garðar segist sakna Birkis á milli samfunda og reyna að hitta hann sem oftast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# Barnavagnavika FÍ

## Ferðafélag Íslands stendur fyrir barnavagnaviku 9. – 13 maí.

Boðið er upp á gönguferðir fyrir mömmur og pabba, afa og ömmur, alla fjölskylduna með barnavagna og kerrur, alla daga kl. 12.30.



Léttar gönguferðir í 60 – 90 mínútur.

Fyrsta gangan er frá Perlunni mánudaginn 9. maí kl. 12.30.

Dagskrá barnavagnaviku má sjá á www.fi.is

**Þátttaka ókeypis allir velkomnir.**

Fararstjóri Auður Kjartansdóttir

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**
**www.fi.is**

FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

## Ævintýralegur starfsvettvangur

**Viltu starfa í frábærri atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu!**

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

**Innritun lýkur 20. maí**

WWW.MK.IS
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



# Meiri samgangur hér

Íslensku ömmurnar og íslensku afarnir hitta barnabörnin sín oftar og lengur en ömmur og afar í nágrannaþjóðunum að sögn Sveindísar Önnu Jóhannsdóttur félagsráðgjafa.

Afar og ömmur búa yfir reynslu sem er yngri kynslóðum dýrmæt. Bæði eru þau yfirleitt örugg í hlutverkinu að annast börn og hafa lært af eigin reynslu," segir Sveindís Anna Jóhannsdóttir félagsráðgjafi. Ömmur og afar hafa leitað til Sveindísar en hún rekur ráðgjafar- og meðferðarstofuna Félagsráðgjafinn í Garðabænum.

Ömmur og afar eru virkir þátttakendur í lífi barnabarnanna að sögn Sveindísar. Nútíma-afinn og -amman leggi yfirleitt áherslu á góðar samverustundir, eru áhugasöm um íþrótta- og tómstundastarf og gegna mikilvægu hvatningarhlutverki þar. Að hafa það gaman saman er oft efst í þeirra huga.

Stundum kvikna áhyggjur hjá foreldrum að ömmur og afar spilli börnunum með dekri. Sveindís segir að fyrst verði að skoða hvað sé dekur. „Dekur er nefnilega kannski bara eitthvað gott – eitthvað sem lætur manni líða vel og nærir mann í alla staði. Ef við erum sammála um að það sé dekur er ekki hægt að spilla með dekri. Við getum ekki verið of vel nærð eða liðið of vel. Að leyfa allt er hins vegar ekki dekur. Það er skortur á aga og leiðir til þess að börn verða óörugg, finna fyrir hjálparleysi, þar sem þeim er ekki hjálpað að skilja hvað má og hvað ekki."



**Að leyfa allt er ekki dekur** „Dekur er nefnilega kannski bara eitthvað gott – eitthvað sem lætur manni líða vel og nærir mann í alla staði." FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland hefur sérstöðu gagnvart nágrannaþjóðum í samvistum barna við ömmur sínar og afa. „Doktor Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, hefur rannsakað hlutverk afa og ömmu og þar kemur fram að þau íslensku hitta barnabörnin sín oftar og lengur en frændþjóðirnar. Ég myndi vilja sjá meiri blöndun aldurshópa í félagsstarfi."

Afar og ömmur eru virkir þátttakendur á atvinnumarkaði, í félagsstörfum og oft í námi. „Þau þurfa líka tíma fyrir sitt félagslíf. Í dag búum við betra heilsufar og betri fjárhag. Ömmur eru oft í því að hugsa um eigin foreldra sem glíma við erfiðleika tengda heilsufari, en eru líka að hugsa um börnin sín og barnabörnin. Það getur verið flókið að stýðja svona marga en eiga líka að sinna sjálfum sér."

*- jma*

## Umgengni við ömmu og afa



Í íslenskum núgildandi lögum segir í dag ekkert um umgengnisrétt barna við afa sína og ömmur en það eru fyrst og fremst foreldrar sem geta óskað eftir að umgengni verði ákveðin. Einungis ef foreldri barns er látið eða ef foreldri getur ekki sinnt umgengnisskyldum sínum geta afar og ömmur krafist úrskurðar sýslumanns um umgengni við barnið. Afleiðingar hjónaskilnaða eru stundum þær að tengsl við afa og ömmur minnka, oft vegna misklíðar foreldra, og á það sérstaklega við um stjúpafa og stjúpömmur. „Erlendis, til dæmis í Danmörku, hefur það færst í vöxt að amma og afi leiti aðstoðar hjá dómstólum um samskipti við barnabörn sín og þá sérstaklega ef um er að ræða föðurafa og -ömmu. Hér á Íslandi geta ömmur og afar hins vegar ekki sótt slíkan rétt en deilur foreldra geta leitt til þess að afar og ömmur blæða fyrir það. Tengslin við afa og ömmur geta því rofnað og oft er erfitt að vinna þann tíma upp," segir Sveindís.

Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum var skipuð í nóvember 2007 af þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra í samræmi við þingsáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Meðal þess sem starfshópurinn ræddi um var hvort rýma ætti heimild hjá öfum og ömmum á Íslandi til að sækja rétt sinn til umgengni. Nefnt var að ömmur og afar hefðu oft sterk tengsl við barn og oft væri erfitt að komast að samkomulagi við forsjárforeldri sem barn býr hjá. Hætta gæti verið á því að mikilvæg tengsl barns við hluta ættingja sinna töpuðust en slíkt gengi gegn hagsmunum barns.


"... að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi."

„Þegar ég verð stór langar mig að verða svona lagari sem getur lagað alls konar dót og svoleiðis. Svo langar mig að verða blómalæknir svo að öll blómin geti lifað þó að veturinn komi. Best væri samt að vera hjólamaður. Þá getur maður hjólað allan daginn og haft nesti með sér og skoðað fuglana á leiðinni og svoleiðis. Svo langar mig að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi. Ég held að hann þurfi aldrei að sofa eða borða fisk."



okkar Framtíð fyrir „efin" í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna

Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku. OKKAR Framtíð er ný trygging fyrir börn og ungmenni sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum.

okkar

*Það er einfalt að ganga frá OKKAR framtíðartryggingu á* ***okkar.is***

zebra


the PIER
FOR YOUR HOME
FRÁBÆRT
TILBOÐ
KIMSTÓLAR 3 LITIR
ÁÐUR 6490.-
TILBOÐ: 4490.-
PAPPALUKTIR MEÐ LED LJÓSI 890.-
SNYRTIVÖRUR
3 FYRIR 2
ÁN PARABEN EFNA
VERÐ FRÁ: 490.-
BLÓMAPOTTAR
990.–1490.-
MÓSAÍKBORÐ 120X90 CM
49.900.-
STÓLL
9.990.-
KERTI
3 FYRIR 2
ÚRVAL AF LJÓSASERÍUM
2990.-
POLIRATTAN STÓLL
19.900.-
HVÍTT BORÐ
14.900.-
BORÐ
17.900.-
POLIRATTAN SÓFI
29.900.-
LUKTIR
MIKIÐ ÚRVAL
FRÁ: 890.-
LITAÐAR LUKTIR
ÁÐUR 1490.-
TILBOÐ: 890.-
STÓLL
9.990.-
PÚÐAR 1490.-
the PIER
KÍKTU Á OKKUR Á FACEBOOK
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

GAGN&GAMAN

## Fjölmenning í Reykjavík



Fjölmenningardagur Reykjavíkurborgar verður haldinn hátíðlegur í þriðja sinn á laugardaginn eftir viku. Markmiðið með hátíðarhöldunum er að fagna þeirri fjölbreyttu menningu sem borgarsamfélagið býður upp á. Jón Gnarr borgarstjóri setur hátíðina við Hallgrímskirkju klukkan 13. Að setningu lokinni fer fjölþjóðleg skrúðganga af stað og verður gengið frá Hallgrímskirkju niður að Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar verður í kjölfarið haldin fjölþjóðleg hátíð í Ráðhúsinu þar sem boðið verður upp á fjölbreytta og lifandi skemmtidagskrá. Í Iðnó verður fjölþjóðlegur markaður þar sem kynntar verða vörur og handverk frá hinum ýmsu löndum.

## Söfn fyrir börn



Eyfirski safnadagurinn er haldinn hátíðlegur í dag. Margt er í boði á Minjasafni Akureyrar, í Nonnahúsi, Davíðshúsi og Gamla bænum Laufási. Til dæmis verða myndir af álfum og huldufólki eftir börn á öllum aldri í Minjasafnsgarðinum. Þá geta krakkar einnig fengið að sippa, kríta og húlla. Gamaldags leikföng, nammi og leikir verð síðan í fyrirrúmi í Gamla bænum Laufási. Félagar úr Handraðanum – Laufáshópnum verða við störf í Gamla bænum.

## Fuglalíf og ljúfir tónar

Á sunnudaginn kl. 11 verður boðið upp á fuglagöngu í Grasagarði Reykjavíkur í Laugardal en í garðinum er fjölskrúðugt fuglalíf. Steinar Björgvinsson, skógræðingur og fuglaáhugamaður, leiðir gönguna. Áður en fuglagangan hefst mun ungt tónlistarfólk úr Skólahljómsveit Austurbæjar taka á móti gestum garðsins með ljúfum vortónum. Mæting við aðalinnganginn kl. 11. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.






Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Sjónarhorn

Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson

**HUNDBLAUTUR** Þýski pointer-hundurinn Óðinn stakk sér til sunds í blíðviðrinu við Elliðavatn. Veiðitímabilið í vatninu hófst í vikubyrjun og stendur yfir til 15. september.

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1965

## Hugljómun um nótt verður að sígildu meistaraverki

**46 ár eru liðin frá því að Keith Richards samdi upphafsstef (I Can't Get No) Satisfaction.**

Fyrir réttum 46 árum, 7. maí árið 1965, vaknaði Keith Richards, gítarleikari rokksveitarinnar eilífu Rolling Stones, af værum svefni á hótelherbergi í Flórída með stef í huganum.

Svefndrukkinn teygði hann sig í gítarinn, kveikti á upptökutæki og plokkaði það sem síðar varð að einu frægasta upphafsstefi rokksögunnar, (I Can't Get No) Satisfaction, og lognaðist svo út af steinsofandi.



**GOÐSÖGN** 46 ár eru síðan Keith Richards lék upphafsstef Satisfaction í fyrsta sinn … og lognaðist svo útaf. NORDICPHOTOS/GETTY

„Þegar ég vaknaði um morguninn sá ég að ég hafði gleymt að slökkva á upptökunni," rifjaði Richards upp í viðtali mörgum árum seinna. „Ég kveikti á tækinu og þar voru kannski þrjátíu sekúndur af Satisfaction í mjög rólegri útgáfu og allt í einu heyrist KLÆNG í gítarnum og þar á eftir hrotur í 45 mínútur."

Richards var alls óviss um hvort gera mætti smell úr þessum lagbút, en þar það, ásamt textabrotinu „I can't get no satisfaction", undir Mick Jagger og hina meðlimi sveitarinnar sem leist vel á.

Þremur dögum síðar, eftir að Jagger hafði klárað textann við lagið, var haldið í hljóðver í Chicago og síðar í Los Angeles. Vinnunni lauk 12. maí, fimm dögum eftir að stefið birtist Richards.

Satisfaction tók þó nokkrum breytingum á þessum stutta tíma þar sem Richards hafði fyrst um sinn hugsað sér að útsetja það fyrir blásturshljóðfæri. Vatnaskilin urðu hins vegar þegar hann tengdi svokallað Fuzz Box við gítarinn sinn, sem gaf laginu hinn sérstaka tón sem allir þekkja.

Þar sem hljómsveitin var á tónleikaferðalagi um Bandaríkin þótti þeim við hæfi að gefa lagið fyrst út vestanhafs. Smáskífan kom út 9. júní og komst fljótlega á topp Billboard-listans og var þar í fjórar vikur samfleytt.

Vinsældir Satisfaction festu Stones í sessi vestanhafs og enn þann dag í dag er það frægasta lag þeirra. Gömlu brýnin taka lagið á öllum tónleikum og fjörutíu árum eftir útgáfu þess var það valið annað besta lag allra tíma af tónlistartímaritinu Rolling Stone. - þj

*Heimildir: History.com og Wikipedia*

SÝNUM FJÖLBREYTNI Í FORYSTU!

VIRKJUM KARLA & KONUR TIL ATHAFNA











ALÞJÓÐARÁÐSTEFNA FÉLAGS KVENNA Í ATVINNUREKSTRI (FKA) Í SAMSTARFI VIÐ SAMTÖK ATVINNULÍFSINS OG VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA **FÖSTUDAGINN 13. MAÍ 2011**.

RÁÐSTEFNUNNI ER ÆTLAÐ AÐ ÝTA UNDIR UMRÆÐU UM KYNJAHLUTFÖLL Í STJÓRNUM, EN ÁKVÆÐI Í LÖGUM UM KYNJAKVÓTA MUNU TAKA GILDI HÉR Á LANDI ÁRIÐ 2013.

Tveir erlendir fyrirlesarar verða með framsögu, þær Mari Teigen og Benja Stig Fagerland. Mari Teigen er doktor í félagsfræði og rannsóknarstjóri hjá Rannsóknarstofnun í félagsvísindum í Osló. Benja Stig Fagerland er eigandi Talent Tuning sem einblínir á viðmið og stefnur kvenhagfræðinnar (e. womenomics) auk þess sem hún aðstoðar fyrirtæki við að finna konur í stjórnir.

Þá mun Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans ræða um nýja stjórnarhætti og Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri Nova um reynslu af stjórnarsetu í erlendu fyrirtæki.

**DAGSKRÁ:**

**8.15** Húsið opnar - Létt morgunverðarhlaðborð
**8:30** Ávarp Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra
**8:40** Mari Teigen: Gender Quotas in Corporate Boards: The Norwegian Experiences
**9:10** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans: Ný stefna - Nýtt hugarfar
**9:25** Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova: Við leitum að konu í Bogamerkinu
**9:40** Benja Stig Fagerland: Women Mean Business!
**10:10** Dagskrárlok

**FUNDARSTJÓRN:**
Rakel Sveinsdóttir hjá CreditInfo Group og Ásbjörn Gíslason forstjóri Samskipa

**VINNUSTOFUR:**
Með Opna Háskólanum í HR, Menntavegi frá klukkan 13.00 til 16.10
**13:00-14:00** Benja Stig Fagerland: The road to the board room
**14:10-15:00** Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG: Hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna
**15:10-16:10** Mari Teigen: The ideal practises about gender quotas

*Fjöldi þátttakenda í vinnustofur er takmarkaður*

**BJÓÐUM Á STEFNUMÓT:**
Kona og karl sem koma saman greiða eitt ráðstefnugjald eða 5.900 krónur, morgunverður innifalinn. Þátttökugjald í vinnustofur er 3.900 krónur

**Skráning á: WWW.SA.IS**

FÉLAG KVENNA Í ATVINNUREKSTRI · VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS · SAMTÖK ATVINNULÍFSINS · HILTON REYKJAVÍK NORDICA · ICELANDAIR · CREDITINFO · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · NORSKA SENDIRÁÐIÐ · IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ · EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ · LANDSBANKINN

# tímamót

timamot@frettabladid.is



54 **ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON** prófessor er 54 ára í dag.
*„Málræktin gerir annað og meira en að krefjast orku, hún er orkugjafi.“*



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Gísladóttir**
frá Ísafirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 23. apríl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Sigríður Þórðardóttir** **Pétur Konráð Hlöðversson**
**Þorbjörg Auður Þórðardóttir**
**Viðar Bragi Þórðarson**
**Ragnheiður Bára Þórðardóttir** **Timó Jensen**
**og barnabörn**



*Elskulegur sambýlismaður minn, pabbi, sonur og bróðir,*

**Dr. Erlendur Ásgeir Júlíusson**
til heimilis að Studiegången 13, Gautaborg, Svíþjóð,

varð bráðkvaddur í London 19. apríl.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 10. maí kl. 15.00.

**Guðrún Stephensen**
**Jökull Ásgeirsson**
**Júlíus Sigurðsson** **Jóhanna Ellý Sigurðardóttir**
**Hildur Júlíusdóttir**
**Júlíus Þór Júlíusson** **Íris Guðrún Ragnarsdóttir**
**Davíð Júlíusson** **Kristín Inga Guðmundsdóttir**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Jónsson**
Birnustöðum,

lést á Landspítalanum 29. apríl sl. Jarðsungið verður frá Skálholtskirkju laugardaginn 7. maí nk. kl. 14.00.

**Sigrún Kristbjörnsdóttir**
**Valgerður Guðmundsdóttir** **Þórarinn Óskarsson**
**Guðlaug Guðmundsdóttir** **Haraldur M. Kristjánsson**
**Kristbjörn Guðmundsson** **Sigrún Magnúsdóttir**
**Jóna Guðmundsdóttir** **Gísli Sigurðsson**
**Jón Guðmundur Guðmundsson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Ágúst Guðmundsson** **Jóhanna Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**
„Imma á Hernum“
til heimilis að Norðurgötu 38, Akureyri,

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju í Reykjavík mánudaginn 9. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð. Þeim sem vilja minnast Ingibjargar er bent á sjóð til styrktar æskulýðsstarfi Hjálpræðishersins, 162-26-37722, kt. 140132-7999.

**Rannveig Óskarsdóttir** **Einar Björnsson**
**Hákon Óskarsson** **Heiður Agnes Björnsdóttir**
**Daníel Óskarsson** **Anne Gurine Óskarsson**
**Mirjam Óskarsdóttir**
**Torhild Ajer**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Þorsteinn Björnsson**
Neðstabergi 10, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 2. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Kristrún Bragadóttir**
**Björn Davíð Þorsteinsson**
**Katrín Ingunn Björnsdóttir**



**Benedikt Benediktsson**
kennari,
Þórðarsveig 6, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 13.00.

**Systkini hins látna.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Nanna Ída Kaaber**
hjúkrunarheimilinu Skjóli,
áður Lindargötu 57,

lést fimmtudaginn 5. maí.

**Árni Emil Bjarnason** **Hulda Júlíusdóttir**
**Ástríður Björg Bjarnadóttir**
**Björn Ólafur, Júlíus og Nanna Árnabörn**
**Hörður Bjarni og Haukur Emil Kaaber**
**Erna María, Flóki Hrafn og Emil Arthúr.**



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Lissýjar Bjarkar Jónsdóttur**
Hlíðarhjalla, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Landspítalanum krabbameinslækningadeild 11-E fyrir hlýtt og gott viðmót og umönnun. Séra Þór Haukssyni útfararstjóra og frábæru tónlistarfólki eru færðar þakkir fyrir þeirra þátt við útförina.

**Jón Viðar Matthíasson** **Helga Harðardóttir**
**og fjölskylda**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Gunnar Jónsson**
Birkivöllum 11, Selfossi,

andaðist á heimili sínu 3. maí.

**Þór Stefánsson** **Sigríður Waage**
**Jóhanna H. Magnúsdóttir**
**Kristín B. G. Marx** **Erhard Marx**
**Stefán Þór Gunnarsson** **Elísa Rós Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**JARÐEÐLISFRÆÐINGURINN FIMMTUGI** „Það er nauðsynlegt fyrir fólk sem býr í Reykjavík að hafa tengingar út á land til að skilja Ísland.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MAGNÚS TUMI: ER FIMMTUGUR

## Dansar við frúna vikulega

Annríki setur svip á vordaginn hjá Magnúsi Tuma Guðmundssyni jarðeðlisfræðingi. Í korters hléi milli funda gefst þó færi á símaviðtali í tilefni fimmtugsafmælis hans á morgun. Skyldu allir dagar vera svona þaulbókaðir? „Það eru mikil fundahöld þessa vikuna,“ viðurkennir hann og segir ástæðuna meðal annars þá að hann sé deildarforseti Jarðvísindadeildar HÍ og þar sé unnið að stefnumótun þessa dagana, auk skipulagningar á kennslu haustsins. „Ég ætla mér ekki að verða ellidauður í stjórnunarstörfum,“ segir hann. „Eigi maður að halda áhuganum á faginu er nauðsynlegt að taka þátt í einhverjum rannsóknum. Svo hef ég gaman af kennslu líka en hef lítið getað sinnt henni núna.“

Magnúsi Tuma skaut upp á sjónvarpsstjörnuhimininn í stóra Grímsvatnagosinu 1996 sem ungum og ferskum vísindamanni. Hvað finnst honum um hálfrar aldar afmælið? „Það leggst vel í mig. Ég held ég hafi lært á sjálfan mig með aldrinum og orðið vitrari.“

Magnús Tumi er Reykvíkingur. Móðir hans er fædd í Hnífsdal en flutti ung suður. Faðir hans er úr Grindavík. „Ég hef aðeins tengsl við mitt fólk í Grindavík,“ segir hann. „Svo hef ég kynnst ágætum frændgarði í Mýrdalnum í gegnum starf mitt kringum eldfjöllin. Þaðan fæ ég hörðustu gagnrýnina þegar þekkingarleysi vísindamanna þykir keyra úr hófi fram! Það er nauðsynlegt fyrir fólk í Reykjavík að hafa tengingar út á land til að skilja Ísland.“

Áhugi Magnúsar Tuma á jarðvísindum kviknaði snemma. „Útilegur voru í uppáhaldi og ég varð strax áhugasamur um landið og náttúruna. Tveir móðurbræður mínir eru jarðfræðingar og ég hneigðist snemma í svipaða átt. Ég hafði líka gaman af eðlisfræði og stærðfræði og því lá beint við að veita áhuganum í einn farveg og fara í jarðeðlisfræði. Hún snýst um að nota eðlisfræðilegar aðferðir til að rannsaka jörðina,“ útskýrir hann. Hann telur affarasælast að hópur fólks með mismunandi bakgrunn vinni saman. Þannig náist að leysa flókin vandamál. „Ef við tökum gosið í Eyjafjallajökli þá þarf jarðskjálftafræðinga, vatnafræðinga, veðurfræðinga og ýmsar gerðir af jarðfræðingum til að fá heildarmynd af því sem gerðist.“

Í lokin er Magnús Tumi inntur eftir tómstundaiðkun. „Vinnutíminn vill verða langur en til að nefna eitthvað sem við hjónin gerum saman þá höfum við sótt tíma í samkvæmisdansi í fimmtán ár hjá Heiðari Ástvaldssyni. Það er skemmtileg tilbreyting frá öllu öðru. Svo hef ég verið í leikfimihópi hjá Gauta Grétarssyni sjúkraþjálfara í tíu ár. Oft er púl í mælingaferðum en með því að stunda leikfimi er hægt að vera næstum eins og 25 ára býsna lengi.“ **gun@frettabladid.is**



*Bestu þakkir til allra sem heiðruðu minningu mannsins míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Arinbjarnar Hjálmarssonar**
frá Vagnbrekku í Mývatnssveit,
Lindasíðu 2, Akureyri,

og sýndu fjölskyldunni samúð og vinarhug við andlát hans og útför.

**Halldóra Sigríður Þórarinsdóttir**
**Kristín Arinbjarnardóttir** **Sigurður R. Ragnarsson**
**Þórarinn Arinbjarnarson** **Ingibjörg Antonsdóttir**
**Halldór Arinbjarnarson** **Edda G. Aradóttiir**
**Hjálmar Arinbjarnarson** **Gizelle Balo**
**Ásdís H. Arinbjarnardóttir** **Þórður Pálsson**
**afabörn og langafabörn**

# VORÚTSALA

## HEIMABÍÓKERFI FRÁ 24.990
## ALLT AÐ 38% AFSLÁTTUR

PHILIPS JVC Panasonic

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM

JVC - GRUNDIG - PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

**22" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 99.990
TILBOÐ 59.990
Panasonic AFSL. 40.000

**32" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 104.990
TILBOÐ 74.990
TOSHIBA AFSL. 30.000

**46" LCD / AMBILIGHT**
FULLT VERÐ 349.990
TILBOÐ 279.990
PHILIPS AFSL. 70.000

**JVC HEYRNARTÓL OG TAPPAR**
30-50% AFSLÁTTUR

**TASCO SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ**
35% AFSLÆTTI

**JBL IPOD VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ**
40% AFSLÆTTI

## MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI - SJÓNVÖRP
MYNDAVÉLAR - BLU-RAY SPILARAR

## MYNDAVÉLAR - FRÁ 9.990

Nikon CASIO Panasonic OLYMPUS

SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk JBL

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Ketilsdóttir**
Hjallalundi 15b, Akureyri,

lést á heimili dóttur sinnar 4. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Hólm Freysson**
**Þórhildur Freysdóttir**
**Ketill Hólm Freysson**
**Gestur Valdimar Hólm Freysson**
**Birkir Hólm Finndal Freysson**
**Borghildur Freysdóttir**
**Hólmfríður Freysdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

**Halla Sigurþórsdóttir**
**Elín Una Friðfinnsdóttir**
**Björk Viðarsdóttir**
**Kristín Pálsdóttir**
**Árni Arnsteinsson**
**Máni Guðmundsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Laufey Guðlaugsdóttir**
frá Lundi, Grenivík,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar miðvikudaginn 4. maí. Jarðarförin fer fram frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 14. maí kl. 13.30.

**Hallgrímur Svavar Gunnþórsson**
**Þórey Gunnþórsdóttir**
**Guðlaugur Gunnþórsson**
**Hjalti Gunnþórsson**
**Emilía Kr. Gunnþórsdóttir**

**Guðbjörg Herbertsdóttir**
**Guðgeir S. Helgason**
**Stella D. Guðjónsdóttir**
**Nanna Kr. Jóhannsdóttir**
**Árni Pálsson**

**og ömmubörnin**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðný Pálsdóttir**
áður til heimilis að Lindarsíðu 4, Akureyri,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hulduhlíð Eskifirði fimmtudaginn 7. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Alúðarþakkir færum við starfsfólki Hulduhlíðar fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Friðþjófur Sigursteinsson**
**Hilmar Sigursteinsson**
**Ari Sigursteinsson**
**Emil Birnir Hauksson.**

**Alda Ladarat Martyakant**
**Járnbrá Hrund Gylfadóttir**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Esther Ó. Jónsdóttir**
Norðurbrún 1, Reykjavík,

andaðist á LSH Fossvogi þann 23. apríl s.l. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ásta Edda Jónsdóttir**
**Helga Þórsdóttir**
**Jón Óskar Hinriksson**
**Guðfinna Hinriksdóttir**
**Bjarki Már Hinriksson**
**Hinrik Örn Hinriksson**
**og langömmubörn.**

**Hinrik Greipsson**
**Sigríður Ásdís Jónsdóttir**
**Árni Geir Magnússon**
**María Jóhannsdóttir**

**GI GRANÍT OG LEGSTEINAR**

*Frí áletrun*

*Fallegir legsteinar á einstöku verði*



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is



†

*Ástkær bróðir, mágur, frændi og vinur,*

**Hallgrímur Þorgrímsson**
frá Vestmannaeyjum
Frostafold 32, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakots þriðjudaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. maí, kl. 13.

**Fjölskylda og vinir hins látna**

†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Benedikta Þorsteinsdóttir**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 6. maí s.l.

**Kristján Sæmundsson**
**Sverrir Sæmundsson**
**Sigríður D. Sæmundsdóttir**
**Viktor Smári Sæmundsson**

**Vigdís Aðalsteinsdóttir**
**Erna Vilbergsdóttir**
**Jón Örn Marinósson**
**Ingibjörg Hafstað**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingella Þórðardóttir**
Sóleyjargötu 10, Akranesi,

lést á Landspítalanum Fossvogi, fimmtudaginn 5. maí 2011.

**Margrét Ármannsdóttir**
**Ármann Ármannsson**
**Þóra Emilía Ármannsdóttir**
**Ásmundur Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

**Þorvaldur Jónasson**
**Sigurbjörg Ragnarsdóttir**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón G. Guðmundsson**
Austurströnd 8,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 12. maí. Athöfnin hefst klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Helga Jónsdóttir**
**Einar S. Jónsson**
**og barnabörn.**

**Birgir Thoroddsen**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir okkar,*

**Jón Árni Einarsson**
Moldi, Teigasel 11, 109 Reykjavík,

lést á lungnadeild Landspítalans 5. maí 2011. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á samtök lungnasjúklinga.

**Auður Friðriksdóttir**
**María Ósk Jónsdóttir**
**Daníel Þór**
**Auður Jóna**
**og systkini**

**Stefán Haukur Kjartansson**



**KONA** Verk eftir Fitore Berisha.

# Tengsl kvenna og umhverfisins

Fitore Berisha opnar sýningu á verkum sínum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag. Sýningin er haldin í samvinnu við Samtök kvenna af erlendum uppruna en hlutverk þeirra er að sameina, takast á við og ljá hagsmuna- og áhugamálum kvenna sem sest hafa að á Íslandi rödd.

Fitore er fædd í Prishtina í Kosovo árið 1971. Hún útskrifaðist úr Prishtina Háskóla, myndlistaskor árið 1997. Árin þar á eftir setti hún upp margar sýningar í Prishtina og gat sér gott orð sem listamaður.

Árið 2003 stofnaði hún alþjóðleg félagasamtök að nafni MAG – Mural Art Group, sem studd voru af George Soros sjóðnum (Foundation For Open Society). Markmiðið með samtökunum var að vinna með ungum listamönnum að því að fegra Prishtina með risastórum myndverkum víða um borgina og jafnframt að veita ungu kynslóðinni hvatningu og innblástur.

Fitore fluttist til Íslands í byrjun ársins 2007 og hefur búið hér og starfað síðan. Hún hefur unnið sem myndmenntakennari í Varmárskóla og Tjarnarskóla. Myndirnar á sýningunni eru allar af konum og meginþemað í verkunum eru tengsl á milli kvennanna og umhverfisins. Verkin sýna gjarnan hinn ofurviðkvæma mannsanda gagnvart harðri vélinni og þá vonlausu baráttu sem fram fer á milli þeirra.



†

*Ástkær eiginkona mín,*

**Svava Engilbertsdóttir**
Grænugötu 2, Akureyri,

er látin. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Gunnar Árnason**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,*

**Andrés Hjörleifsson**
áður að Grýtubakka 30, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 5. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rósa Jóhannesdóttir.**



†

*Elsku bróðir minn,*

**Bjarni Sigurbjörnsson**
Merkigarði, Stokkseyri,

er látinn. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Helga Sigurbjörnsdóttir**




# ÓTRÚLEGT VERÐ TIL ALICANTE Í MAÍ!

*Plúsferðir bjóða nú upp á frábært flugverð til Alicante í maí sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!* Hvítar strendur með fagurbláu hafinu á sólríkum sumardögum eiga engan sinn líka. Fjallgarðurinn fyrir ofan ströndina gerir það að verkum að sjaldan rignir og á fáum stöðum á Spáni er jafn sólríkt. Umhverfis Alicante eru óþrjótandi möguleikar á ferðalögum um héruð og sveitir sem eru umvafin einstakri náttúrufegurð. Á Alicante er hægt að sameina óendanlega fjörugt strandlíf og óviðjafnanlegt næturlíf - þangað flykkist fólk til að njóta tilverunnar, hvílast og skemmta sér.

---

**Verð aðeins frá:**

**24.450** kr.*

FLUG AÐRA LEIÐ MEÐ SKÖTTUM
TILBOÐIÐ Á VIÐ UM ALLAR BROTTFARIR Í MAÍ.

BÓKAÐU FERÐINA Á **plusferdir.is**

ATHUGIÐ! AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN AF SÆTUM Á ÞESSU TILBOÐI!

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
798 KR.KG
FERSKIR GRÍSASKANKAR
298 KR.KG
FERSKT GRÍSAGÚLLAS
995 KR.KG
PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR. 500ml.
FERSKT GRÍSASNITSEL
995 KR.KG
FERSKUR GRÍSABÓGUR
598 KR.KG
FERSKT GRÍSAHAKK
698 KR.KG
Cow & Gate ávaxtamauk Taste of apple, 125g.
6 glös á verði 3ja.
Verð 398 kr. 6 stk.
695 KR. KIPPAN
PEPSI & PEPSI MAX
4 fl. x 2 ltr.
NÝTT NÝTT NÝTT
SWEET CHILLI PIPAR
Doritos 165g ÞRJÁR TEGUNDIR
195 KR. POKINN
TVÆR FYRIR EINA!
MYLLU JÓLAKAKAN
TVÆR KÖKUR AÐEINS:
498 KR.
ÞÝSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR
3598 KR.KG
ÞÝSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
1398 KR.KG
Gestgjafinn Grillblað
á aðeins 998 kr. í Bónus
Almennt verð 1395 kr.
Gestgjafinn
998 kr.
OS GOTTI OSTUR
25%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSA
1017 KR.KG.
MERKT VERÐ 1356 KR.KG.
198 KR.
BÓNUS KORNBRAUÐ
ÞYNGD; 1 KG. - 26 BRAUÐSNEIÐAR
129 KR.
BÓNUS SMYRILL 300g
7500 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
GÓU BITAR HRAUN & ÆÐI
198 kr. 200g
GÓU RÚSÍNUR 1/2 KG.
Með ljósu eða dökku súkkulaði !
395 kr. 500g
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Bónus ferskt SPÍNAT
398 kr.200g
Ferskt ICEBERG
245 kr.kg
Bónus KLETTASALAT
279 kr.75g
BÓNUS SPÍNAT
BÓNUS KLETTASALAT
Lambhagi SALAT Í POTTI
275 kr.stk
Lambhagi SPÍNAT
298 kr.100g
Lambhagi BÓNUSBLANDA
498 kr.150g
Lambhagi
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
1298 KR.KG
Ómissandi í frystinn. Þiðnar á klst í köldu vatni.
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
Nr.1
ÍSLANDS LAMB
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS
1359 KR.KG
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri. Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.
BÓNUSPYLSA Í BRAUÐI U.Þ.B. 55 KR.
BÓNUS VÍNARPYLSUR
Bónus pylsur 25% afsláttur
599 kr.kg. 10 stk í pakka.
Pylsupakkinn u.þ.b. 290 kr.
Bónus pylsubrauð 5 stk 129 kr.
BÓNUS
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
679 KR.KG.
4 STK. BÓNUS RISA
HAMBORGARABRAUÐ
159 KR. 4 STK
KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g UNGNAUTA HAMBORGARAR
1598 KR.PAKKINN
FABRIKKU SÓSAN
359 KR.300ml
BÓNUS HAMBORGARA SÓSAN
198 KR.400ml
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
FABRIKKU SÓSAN
Hamborgara sósa BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.KIDS.DISCOVERY.COM** Á vefsíðunni er fjöldi skemmtilegra leikja og þrauta. Þar er líka fræðandi og skemmtilegt efni um heiminn eins og landafræði, dýralíf og mannkynssaga.






## BRANDARAKISTAN

**Hvað er það sem sekkur í sæ en blotnar ekki?**
**Sólin.**

**„Ég ætla að fá fuglafræ."**
**„Hvað áttu marga fugla?"**
**„Enga ennþá en ég ætla að sá fyrir nokkrum."**

**Einu sinni voru tveir vitlausir karlar að hjálpast að við að þvo bíl. Annar hélt á tuskunni og hinn keyrði bílinn fram og til baka.**

**Tvær slöngur voru eitt sinn saman úti að skríða þegar önnur þeirra spurði: „Erum við eiturslöngur?"**
**„Já, Af hverju spyrðu?"**
**„Ég beit í tunguna á mér!"**

**Ertu ánægður með nýja hundinn þinn?**
**Já mjög, hann sækir til dæmis alltaf Moggann fyrir mig.**
**En eru ekki margir hundar sem gera það?**
**Jú, jú, en ég er ekki áskrifandi.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# ALLTAF GAMAN AÐ BREGÐA Á LEIK

**Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir íslenska krakka frábæra. Leiðinlegast við starfið þykir henni að hafa lítinn tíma fyrir barnabörnin.**

**Hver er uppáhaldsliturinn þinn?** Mér finnst skærir litir fallegastir.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Fiskur, lambakjöt og grænmeti.

**Hvernig var Ísland þegar þú varst barn?** Það var jafnfrábært og í dag en þó færri bílar og minna stress.

**Hvað vildir þú verða þegar þú yrðir stór?** Mér fannst mikið óréttlæti í þjóðfélaginu og vildi vinna að því sem gæti breytt þessu.

**Áttu börn eða barnabörn? Hvernig finnst þeim að eiga forsætisráðherra fyrir mömmu og ömmu?** Ég á tvo syni og sex barnabörn. Ég held að þau séu oft ánægð með mömmu sína og ömmu en vildu gjarnan að hún væri ekki alltaf svona upptekin í vinnunni.

> Ég á tvo syni og sex barnabörn. Ég held að þau séu oft ánægð með mömmu sína og ömmu en vildu gjarnan að hún væri ekki alltaf svona upptekin í vinnunni.

**Kanntu ennþá að leika þér?** Ég leik við barnabörnin mín þegar ég get. Það er alltaf gaman að bregða á leik og verða barn í annað sinn.

**Ræður þú öllu á landinu?** Nei, margir aðrir ráða miklu, hver á sínu sviði. Þetta er eins og í stórri fjölskyldu þar sem allir þurfa að hjálpast að við að sinna ólíkum verkefnum.

**Ef þú réðir öllu, hverju myndir þú helst vilja breyta?** Ef hægt væri að ráða öllu myndi ég fyrst og fremst óska þess að allir væru heilbrigðir og hamingjusamir.



**Hvað finnst þér um íslenska krakka?** Íslenskir krakkar eru frábærir. Barnabörnin mín eru á aldrinum 2 til 14 ára svo ég hef fylgst með því sem krakkar á ýmsum aldri eru að gera í skóla og frístundum og er ánægð með unga fólkið sem seinna mun taka við stjórn landsins.

**Verður þú aldrei leið á að sitja í þingsalnum og hlusta á allar ræðurnar?** Jú, stundum.

**Eru sætin á Alþingi þægileg?** Sumum finnst þau svo þægileg að þeir vilja helst sitja í þeim lengi lengi.

**Hver er skemmtilegasti þingmaðurinn og af hverju?** Á Alþingi er oftast verið að fjalla um alvarlega hluti en sumir þingmenn geta verið léttir og skemmtilegir þegar þeir eru ekki í vinnunni.

**Hvað er það leiðinlegasta við að vera forsætisráðherra?** Það er auðvelt að svara þessari spurningu. Eftir að ég varð forsætisráðherra hef ég ekki getað hitt barnabörnin mín eins oft og áður og það finnst mér afskaplega leiðinlegt.

**Hefur þú fengið að hitta frægt fólk sem forsætisráðherra?** Forsætisráðherrar hitta stundum frægt fólk en það er ekkert öruvísi en að hitta þá sem eru ekki frægir.






## KRAKKAUPPSKRIFT

### Grænn skrímsladrykkur

**Þegar sól hækkar á lofti er gaman að útbúa ferska og svalandi drykki og bjóða vinum sínum upp á eða fjölskyldu. Þessi drykkur er skemmtilega grænn á litinn, bráðhollur og afar bragðgóður.**

**Fyrir fjóra**

- 2 bollar ferskt spínat
- 2 bollar frosin jarðarber
- 1 banani
- 2 msk. hunang
- ½ bolli ísmolar
- lauf af myntu (má sleppa)

*Setjið spínatið í frystinn og látið það vera þar í klukkutíma. Setjið svo spínatið, jarðarberin, bananann, hunangið og ísmolana í blandara og fáið aðstoð einhvers fullorðins við að setja blandarann af stað. Látið blandarann vinna drykkinn þar til hann er skrímslagrænn með slímmjúkri áferð. Skreyta má drykkinn með grænum blöðum af myntuplöntu, en því má líka sleppa.*



FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

**MIKIÐ ÚRVAL**

**VERÐ FRÁ**

**49.990**

# FARTÖLVUR

**NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR**

# RÝMINGARSALA




**Toshiba Satellite L670-1J2**
- Intel Core i3-370M
- 4GB DDR3 minni
- 640GB diskur
- 1GB AMD HD5650 DX11 skjákort
- Blu-ray drif og DL DVD skrifari
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**134.990**

FULLT VERÐ KR. 154.990




**MSI CR610**
- AMD Athlon Dual Core M320
- 2GB vinnsluminni
- 250GB diskur
- AMD HD4200 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT




**Toshiba Satellite Pro C650-195**
- 2.26GHz Intel Core i3-350M Dual core örgjörvi
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- Vefmyndavél
- Intel HD Graphics 4500M skjákort
- Windows 7 Professional 64-BIT

**99.990**

FULLT VERÐ KR. 149.990

**64.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |
|---|---|---|---|---|---|

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. voð, 6. óreiða, 8. skordýr, 9. tímabils, 11. hreyfing, 12. málmhúðun, 14. teygjudýr, 16. tvíhljóði, 17. dýrahljóð, 18. suss, 20. snæddi, 21. faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
1. morð, 3. hvort, 4. planta, 5. sakka, 7. niðurstaða, 10. er, 13. vefnaðarvara, 15. arða, 16. í viðbót, 19. gyltu.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. segl, 6. rú, 8. fló, 9. árs, 11. ið, 12. plett, 14. amaba, 16. au, 17. urr, 18. uss, 20. át, 21. knús.
**LÓÐRÉTT:** 1. dráp, 3. ef, 4. glitbrá, 5. löð, 7. úrlausn, 10. sem, 13. tau, 15. arta, 16. auk, 19. sú.


*Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali*

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

**Opið hús sunnudaginn 8. maí frá kl 12-13**

**Hlunnavogur 10-rishæð**



Falleg 71,2 fm 3ja herb. rishæð með suðvestursvölum. Sameiginlegur inngangur með miðhæð. Tvö rúmgóð svefnherbergi, úr hjónaherbergi er gengið út á suðvestursvalir. Stofan er ágætlega rúmgóð. Flísalagt eldhús með fárra ára gamalli innréttingu og borðkrók, búr inn af eldhúsi undir súð. Baðherbergi endurnýjað, flísalagt í hólf og gólf, baðkar innrétting og gluggi á baði. Búið er að endurnýja rafmagnstöflu í íbúð, parket á öllum gólfum nema baði og eldhúsi, ofnalagnir og ofnakranar endurnýjaðar, stallað járn á þaki endurnýjað. Íbúðin er í steinsteyptu þríbýlishúsi, staðsett innarlega í botnlanga, frábær staðsetning. **Verð 21,5 millj. Verið velkomin á sunnudag milli kl 12-13.**



**10 árum yngri á 10 vikum**



Þorbjörg Hafsteinsdóttir hefur í tvo áratugi rannsakað mataræði og nútíma lífsstíl og komist að niðurstöðu um hvers konar matur, vítamín og bætiefni viðhaldi best æsku og lífsþrótti.

Í samstarfi við Þorbjörgu höfum við safnað saman nokkrum vörum sem hún telur mikilvægar gegn ýmsum kvillum og ótímabærri öldrun.

**Komdu við í Maður Lifandi og fáðu frekari upplýsingar**

**Startpakki Þorbjargar**

**10% afsláttur**

- Hörfræolía
- Clipper grænt te
- D-vítamín
- Eve (fjölvítamín)
- Chromium Picolinate (króm)
- Whey Protein (mysuprótein)
- B-sterkur (B-vítamín)
- Q-10 (andoxunarefni)
- Extra Virgin kókosolía



maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720


# Glötuð æska

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Körfuboltamaðurinn Derrick Rose var í vikunni valinn besti leikmaður NBA-deildarinnar. Rose er yngsti leikmaðurinn í sögu deildarinnar til að hljóta þennan heiður, en hann er aðeins 22 ára gamall – fæddur í október árið 1988.

**ÉG** man eftir 1988. Ég var fjögurra ára gamall og fór til Spánar með fjölskyldu minni. Ég lék mér á sundskýlunni í garðinum við húsið sem við tókum á leigu og sá ýmislegt í fyrsta skipti – til dæmis slímugan frosk. Þá fékk ég snigil að gjöf og hann varð gæludýrið mitt í skamma stund. Þangað til hann strauk.

**ÞAÐ** er óþolandi að lesa fréttir um jafn ungt og hæfileikaríkt fólk og Derrick Rose. Hann er á þeim aldri þar sem flestir rembast við að hanga í háskóla þrátt fyrir að fæstum hafi tekist að ákveða hvað þeir vilja gera í lífinu. Hann valdi starf sem færir honum gríðarleg auðæfi, þannig að þegar líkaminn gefur sig eftir áratug eða svo getur hann sest í helgan stein og talið peninga þar til yfir lýkur.

**ÞEGAR** ég var 22 ára hefði þurft ofurnáttúrulegt kraftaverk til að gera mig að verðmætasta leikmanninum í fyrstu deildinni í körfubolta á Íslandi. Ég lagði fyrst og fremst metnað í að komast í Ríkið áður en það lokaði á föstudögum og stórar ákvarðanir á borð við hvort ein dolla af Vogaídýfu myndi duga eða hvort ég ætti að kaupa tvær til öryggis.

**ÞAÐ** er auðvitað ósanngjarnt að bera sjálfan sig saman við hæfileikamann á borð við Rose á körfuboltavellinum. En snefill af metnaði hans hefði eflaust fleytt mér á toppinn í því sem ég var að gera. Sem var reyndar ekkert. En ég hefði eflaust farið í Ríkið fyrir hádegi á fimmtudögum og keypt tvær dollur af Vogaídýfu án þess að hugsa mig tvisvar um!

**ÉG** er á þeim aldri þar sem ég neyðist til að horfa á eftir glataðri æskunni, vegna þess að ég er ekki orðinn nógu gamall til að gleyma henni. Það væri auðvitað einfaldast. En fólki gæti ekki verið meira sama um 27 ára mann með aldurskomplex. Orð mín öðlast eflaust trúverðugleika eftir einn eða tvo áratugi. Þangað til fylgist ég stúrinn með ungu fólki gera miklu betur en mér tókst nokkurn tíma á meðan ég reyni að hámarka metnaðinn fyrir því sem ég geri í dag: Borða þessa köku.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HÚSGAGNAHÖLLIN

# Sumartilboð

## NÝ SENDING AF LITRÍKUM SMÁVÖRUM FYRIR HEIMILIÐ!

FULL BÚÐ AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM!
Líttu við og láttu fara vel um þig.







LA-Z-BOY
**ANDERSON** La-z-boy. Natur áklæði. B:80 D:80 H:102 cm.




LA-Z-BOY
**GRAND PINNACLE** La-z-boy stóll. Svart eða natur áklæði. B:84 D:98 H:48/109 cm.




**METTE** borðstofustóll. Svart leðurlíki.

**IBIZA** eldhúsborð. Fæst einnig með hvítri plötu. Þvermál: 110 cm.




**FLEUR** bakkaborð, hvítt eða rautt.




**LARISSA** svefnsófi. Áklæði. B:220 D:96 H:81 cm.




**ALICIA** svefnsófi. Grátt áklæði. B:157 D:85 H:90 cm.




**LARAMIE** 3 sæta sófi. Brúnt áklæði. B:220 D:95 H:95 cm. **LARAMIE** 2 sæta sófi. B:170 D:95 H:95 cm. **134.990** fullt verð ~~159.990~~. **LARAMIE** stóll. B:111 D:95 H:95 cm. **79.990** fullt verð ~~99.990~~.




**EDWARD** 3 sæta sófi. B:228 D:95 H:88 cm. **EDWARD** 2 sæta sófi. B:170 D:95 H:88 cm. **149.990** fullt verð ~~179.990~~. **EDWARD** stóll. B:117 D:95 H:88 cm. **99.990** fullt verð ~~119.990~~. **EDWARD** svefnsófi. B:228 D:95 H:88 cm. **219.990** fullt verð ~~269.990~~.

EXPO - www.expo.is




sia HOME FASHION

Crabtree & Evelyn · house doctor · Ethnicraft · habitat · Andersen & Lauth Reykjavik

GOSVERKSMIÐJAN ★ KLETTUR

Opið alla helgina: LAUGARDAG KL. 10-18 OG SUNNUDAG KL. 13-18

Sími 564 4400

FABRIKAN




Sumarlínan komin í Habitat – Verslanirnar eru fullar af nýjum vörum

habitat

TEKK COMPANY

**RAFLOST Í HAFNARHÚSINU** Raflistahátíðin RAFLOST + PIKSLAVERK var opnuð í Hafnarhúsinu á fimmtudag og stendur fram á morgun. Boðið er upp á úrval viðburða, meðal annars fyrirlestra, smiðjur, innsetningar og myndbands- og hljóðverk eftir bæði íslenska og erlenda listamenn. Í dag standa meðlimir í LornaLAB fyrir opinni smiðju í notkun Arduino-bretta í Hafnarhúsinu, frá klukkan 13 til 17 í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur.

**- DAGUR HARMONIKUNNAR -**

Velkomin á létta tónleika Harmonikufélags Reykjavíkur í dag, **laugardaginn 7. maí kl. 16:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.**

Fjölmörg tónleikaatriði á dagskrá.

Harmonikufélag Reykjavíkur



PÉTUR ÁRMANNSSON OG EINAR ÞORSTEINN Einar hefur verið brautryðjandi á sviði rúmfræðirannsókna undanfarna áratugi. Afrakstur þeirra má sjá í ýmsum verkum Ólafs Elíassonar, þar á meðal Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einstakur hugmyndaheimur

**Teikningar, líkön, hönnunarmunir og heimildir um byggingar eftir Einar Þorstein Ásgeirsson arkitekt eru undirstaða sýningarinnar Hugvit sem opnuð verður í Hafnarborg í dag. Einar Þorsteinn hefur verið einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Elíassonar undanfarin ár. Pétur Ármannsson sýningarstjóri segir hugmyndaheim Einars Þorsteins einstakan á Íslandi.**

Sýningin Hugvit, sem verður opnuð í Hafnarborg í Hafnarfirði í dag, er yfirlitssýning yfir feril Einars Þorsteins Ásgeirssonar, en þar vega þyngst áratuga rannsóknir hans og uppgötvanir á sviði flatar- og rúmfræði.

Sýningarstjórar eru Guðmundur Oddur Magnússon listfræðingur og Pétur Ármannsson arkitekt. Ferill Einars Þorsteins er að mörgu leyti einstakur, segir Pétur, ekki síst þegar hann er settur í samhengi við íslenska byggingalist.

„Einar Þorsteinn er eini íslenski tengiliðurinn við geimöldina svonefndu á 7. áratugnum, þegar hönnunarheimurinn var mjög upptekinn af framtíðartækni. Þetta var tímabil tunglferðanna og mikil framtíðarhugsun í gangi sem birtist meðal annars í mjög framúrstefnulegum hugmyndum um hönnun. Einar Þorsteinn var eini íslenski arkitektinn sem tók upp þennan þráð á 7. áratugnum.“

Á 8. áratugnum stofnaði Einar Tilraunastofnun burðarforma, sem sérhæfði sig í stórum tjaldbyggingum og hvolfþökum, eða kúluhúsum, sem hann reisti nokkur upp úr 1980 og er hvað frægastur fyrir hér á landi.

„Það sem vakti fyrir Einari var að finna hagkvæmari, ódýrari og tæknilegri lausnir á því hvernig mætti byggja hús. Íslendingar settu formið hins vegar fyrir sig sem og að byggingarefnið væri ekki úr steinsteypu. Þessar hugmyndir féllu því í grýttan jarðveg, ef svo má segja. Einar Þorsteinn var líka fyrstur arkitekta hér á landi til að tala um vistvænt skipulag og hönnun um miðbik 8. áratugarins; áratugum áður en Íslendingar fóru að huga að slíku.“

Samhliða Tilraunastofunni fékkst Einar Þorsteinn einnig við stærðfræðirannsóknir á ýmsum tegundum flötunga og er í dag álitinn einn fremsti sérfræðingur heims í margflötungum, rýmislegum eiginleikum þeirra og hvernig megi hagnýta þá. Þrátt fyrir þessa afrekasögu er hann engu að síður hálfgerður huldumaður á Íslandi, sem Pétur segir skýrast af því að hann hafi verið afgreiddur sem hálfgerður sérvitringur.

„Eins og vill henda þá sem eru á undan sínum tíma hér.“

Ferill Einars Þorsteins gekk í endurnýjun lífdaga þegar hann kynntist Ólafi Elíassyni myndlistarmanni árið 1996. Með þeim tókst farsælt samstarf og hefur Einar verið einn nánasti samverkamaður Ólafs undanfarin ár. Skýr merki þess er meðal annars að sjá á tónlistarhúsinu Hörpu, að sögn Péturs. „Við förum yfir það á sýningunni að Einar hefur lengi verið að þróa sérstaka tegund af tólfflötungi sem byggir á fimmfaldri symmetríu, en ekki fjórfaldri, eins og hefðbundnir strendingar á borð við tening, og er þar af leiðandi miklu flóknari. Þessi tólfflötungur hefur þann eiginleika að það er hægt að stafla honum saman við aðra þannig að þeir fylli alveg upp í rýmið. Það eru ekki mörg dæmi, ef nokkur, um óreglulega strendinga sem hafa þann eiginleika. Ólafur fékk leyfi hjá Einari til að vinna út frá þessu formi við hönnun Hörpu. Hið geómetríska form glerhjúpsins er því sköpun Einar Þorsteins, en hvernig síðan unnið er með það er auðvitað höfundarverk Ólafs Elíassonar.“

Pétur segir helsta vandann við að setja saman yfirlitssýningu um feril Einars Þorsteins að það sé úr svo miklu að velja.

„En við reynum að setja verkin fram á þann hátt að maður njóti þeirra og fái smá skilning á þeim. Að skilja þær rúmfræðihugmyndir sem Einar vinnur með krefst auðvitað mun meira. En von okkar er sú að mögulega verði sýningin til þess að kveikja hugmyndir fólks um ákveðin form og heima sem það vissi kannski ekki að væru til áður.“ bergsteinn@frettabladid.is



Listasalur Mosfellsbæjar
Umsóknir

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um sýningarhald í Listasal Mosfellsbæjar á tímabilinu október 2011 - september 2012. Óskað er eftir umsóknum um einka- og samsýningar.

Listasalur Mosfellsbæjar er fjölnota salur í Bókasafni Mosfellsbæjar og er lánaður endurgjaldslaust til sýnenda.

Umsóknir skulu vera vandaðar og berast fyrir 6. júní 2011.

Umsóknir sendist til:
Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholti 2
270 Mosfellsbæ
eða á póstfang: Listasalur@mos.is

Fylgja skulu með myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Nánari upplýsingar og eyðublöð má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar: mos.is, undir Listasal Mosfellsbæjar eða í síma 566-6822.

Mosfellsbær

ÍSLENSKA ÓPERAN KVEÐUR GAMLA BÍÓ

OPIÐ HÚS



Í GAMLA BÍÓI
Í DAG KL. 13–15

í tilefni flutninga
Íslensku óperunnar í tónlistarhúsið Hörpu

Gestum velkomið að skoða húsið
Kaffi á boðstólum í græna herberginu
Búningamátun
Leikskrár, plaköt og myndbönd úr sýningum Íslensku óperunnar til sölu á vægu verði

Allir velunnarar óperunnar og aðrir áhugasamir hjartanlega velkomnir!

ÍSLENSKA ÓPERAN

TJARNARBÍÓ
Óperudraugurinn 7
FRAMUNDAN:
Vocal Project KÓRTÓNLEIKAR 14
Kramhúsið SÝNING 19
Janis Joplin STUND MEÐ BRYNDÍSI ÁSMUNDS 20
ÍSLENDINGASÖGUR Í ÓVÆNTU LJÓSI Bændur flugust á 29
NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

# Listin að koma vel fyrir

Dansleikhúshópurinn Ég og vinir mínir frumsýnir verkið Verði þér að góðu í Kassanum í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. Sami hópur stóð að sýningunni Húmanímal, sem sló í gegn fyrir tveimur árum og var meðal annars tilnefnd til níu Grímuverðlauna. Hópurinn er samsettur af dönsurum, leikurum, tónlistarmanni og hönnuði.

Aðstandendur sýningarinnar lýsa Verði þér að góðu sem samkvæmi þar sem félagshlið manneskjunnar er brotin til mergjar; hvernig manneskjan kemur fyrir og hvernig hún afhjúpar sig þegar hún er viðkvæm, berskjölduð, einmana, hungruð. Félagsveran ver sig, dansar, hreykir sér, lætur tilleiðast og þráir gefandi samskipti. „Ég og vinir mínir hafa ákveðið að koma saman í Kassanum og afhjúpa sig og væntingar sínar í sýningu sem berst við að koma vel fyrir,“ segir í lýsingu verksins.

Ég og vini mína skipa: Friðrik Friðriksson, Gísli Galdur Þorgeirsson, Rósa Hrund Kristjánsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Friðgeir Einarsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Margrét Bjarnadóttir og Saga Sigurðardóttir.



ÉG OG VINIR MÍNIR Sami hópur og stóð að Húmanímal setur Verði þér að góðu upp.



Miðasala
á harpa.is eða
í síma 528 5050
Í HÖRPU
17. JÚNÍ
HELGI BJÖRNS SYNGUR ÍSLENSKAR
DÆGURPERLUR
ÁSAMT GESTUM:
Bogomil Font
Eivör
Högni Egilsson
Mugison
Ragga Gröndal
Karlakórinn Þrestir
Strengjasveit Rolands Hartwell
BYR
www.helgibjorns.is
BYLGJAN 25 ÁRA 989

Bækur ★★★

**Brotin egg**

Jim Powell. Þýðing: Arnar Matthíasson og Guðrún Vilmundardóttir.

**Bjartur**

## Eftir að múrarnir falla

Feliks Zhukovski er ekki kommúnisti. Hann er vinstri maður sem hefur lifibrauð sitt af því að semja ferðabækur um Austur-Evrópu kommúnismans. Hann er Pólverji sem býr í París og hefur aldrei upplifað á eigin skinni að lifa í kommúnistaríki, en er engu að síður sannfærður um að það sé harla gott. Hann er einfari sem situr uppi með biturð yfir því að móðir hans hafi sent hann til Sviss í upphafi síðari heimsstyrjaldar, þá níu ára gamlan, og bróðir hans yfirgefið hann til að berjast með frönsku andspyrnuhreyfingunni. Þegar Berlínarmúrinn fellur og kommúnisminn missir tökin á Austur-Evrópu neyðist hann til að horfast í augu við söguna, bæði sína eigin sögu og sögu Austur-Evrópu.




Jim Powell er Breti og Brotin egg hans fyrsta bók. Hún ber þess ýmis merki að hafa verið lengi í vinnslu og að höfundinum liggi mikið á hjarta. Mikið er lagt upp úr því að leggja að jöfnu kommúnisma og nasisma, en fyrst og fremst birtir þó sagan ógnarstjórn mannsins yfir eigin huga.

Feliks er ekki sympatísk persóna, forstokkaður og fastur í eigin klisjum, en um leið óskaplega mannlegur og auðþekkjanlegur. Sögusviðið spannar bæði Austur-Evrópu á tímum seinni heimsstyrjaldar og kalda stríðsins, Bandaríki nútímans og Evrópu eftir fall múrsins og persónugalleríið er litríkt og skemmtilegt. Höfundurinn leggur sig í líma við að koma innri baráttu persónanna til skila ekki síður en ytri átökum og þrátt fyrir vissan fordæmingartón er sagan full af mannlegri hlýju og léttleika. Endirinn er í dálítið ódýrum Hollywood-stíl, en lesandinn fyrirgefur það þar sem persónurnar hafa, þrátt fyrir margvíslegan breyskleika, öðlast líf í huga hans og honum finnst þær eiga skilið „happy ending“ þótt ódýr sé.

Brotin egg er ekkert meistaraverk sem skiptir sköpum í bókmenntasögunni en engu að síður vel unnin saga um óhugnanlegan blett á evrópskri sögu 20. aldarinnar og þau áhrif sem sá blettur hefur haft á nútímann. Powell er enginn stílsnillingur en bætir það upp með brennandi áhuga á viðfangsefninu, húmor og hlýju.

Þýðingin er ein af þessum „hvorki né“ þýðingum, það bólar sem betur fer ekki á ísl/ensku þýðingareinkennunum en tilþrifum í máli og stíl er ekki heldur fyrir að fara. Á stöku stað hafa málvillur sloppið í gegn, en í það heila tekið rennur textinn ágætlega og málfarið er tiltölulega eðlileg íslenska sem því miður heyrir nánast til undantekninga í þýðingum. **Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Áhrifarík saga um ógnartíma, full af mannlegri hlýju og léttleika.

TRÉ • RUNNAR • TRJÁKLIPPINGAR • GRÓÐURSETNING • MATJURTIR

LOKSINS FÁANLEG AFTUR

Fæst í bóka- og garðyrkjuverslunum




„Greinargóðar upplýsingar, agaður texti, öguð bók.“
Hafsteinn Hafliðason garðyrkjusérfræðingur.

„Hafsjór af upplýsingum í orði og myndum frá fagmanni.“
Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingur.

Sendum út á land.
Frí heimsending í maí.
Garðyrkjumeistarinn
Sími 896 68 24
steinn@steinn.is
www.steinn.is




DVD mynddiskur
um trjáklippingar og umhirðu trjáa og runna.

Bætir kunnáttu og léttir lund.

SUMARBLÓM • SKÓGRÆKT • SUMARBÚSTAÐALANDIÐ • KRYDDJURTIR • TRJÁKLIPPINGAR • RUNNAR • TRÉ • LÍFRÆN RÆKTUN • VÖKVUN • JARÐVEGUR

FJÖLÆR BLÓM • BLÓMLAUKAR • TYRFING • SÁNING • UPPELDI • ÁBURÐUR



MEIRA RAUÐVÍN ELSKAN?

**Ítalía, Danmörk, Ísland.**
Ólífulundurinn – svikasaga dregur upp mynd af íslenskum samtíma, þar sem hruni, efnahagsglæpir og saga síðustu áratuga fléttast saman í grípandi atburðarás.



**Ólífulundurinn**
Skáldsaga eftir
Björn Valdimarsson




FRUMÚTGÁFA Í KILJU

næst
www.naest.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

Lokadagar **Rýmingarsala** Lokadagar



# Carl A. Bergmann



Laugavegi 55

**Lokadagar rýmingarsölunnar um helgina.**

**50-70% afsláttur af öllu.**

**Úr, klukkur, silfur hnífapör, skartgripir ofl.**

**Opið frá 10-22 laugardag og sunnudag**

DIESEL DKNY FOSSIL D&G CANDINO

# Ferðavagninn færðu hjá okkur!




Frá þýska hjólhýsarisanum **Dethleffs** sýnum við hjólhýsi í hæðsta gæðaflokki með ríkulegum staðalbúnaði þar sem gæði og falleg hönnun fara vel saman



## Létt og meðfærileg **Eximo** hjólhýsi

**Kojuhús**

### Eximo 520B



Verð: 2.998.000kr

- Svefnpláss fyrir 5.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050kg



### Eximo 520L



Verð: 2.998.000kr

- Svefnpláss fyrir 4 til 5.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050 kg



### Eximo 460



Verð: 2.798.000kr

- Svefnpláss fyrir 4.
- Heildar lengd 637 cm
- Lengd 4,57 m.
- Innanmál 457 cm
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1000 kg.



### Eximo 370



Verð: 2.398.000kr

- Svefnpláss fyrir 3.
- Heildar lengd 5,57 m.
- Lengd utanmál 4,21 m.
- Innanmál 3,66 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 820 kg.







### Staðalbúnaður í EXIMO hjólhýsum

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 25 mm einangrun í þaki og veggjum.
- 30 mm einangrun í golfi.
- Galveneseruð grind (Alko).
- Góð flexitora fjöðrun.
- Þrystibremsur.
- Skyggðir tvöfaldir gluggar með rúllu-myrkratjöldum og flugnaneti.
- 13 pinna tengill í bíl með hleðslu.
- 12 og 230 volta rafkerfi með hleðslu.
- 80 Ah rafgeymir.
- 91 Lítra ísskápur.
- Klósett m/kassettu.
- Tveggja hellu eldavél með rafm. kveikjara.
- Sjónvarpshilla.
- Truma 3400 gasmiðstöð með rafm,hitun (ultra heat) og blásturs kerfi. Ekki Ultra heat í 370.
- Rafmagns vatnshitari.

## **Rockwood** fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

### Rockwood Premier 2317G 12 fet



Verð: 2.998.000kr m/ útdraganlegri hlið.

### Rockwood Premier 1904 10 fet



Verð: 2.698.000kr

### Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet



Verð: 2.898.000kr

### Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13” álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/ heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stór geymslukassi að framan
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi (10 fet)

**Torfæru útgáfan frá Rockwood**
fyrir þá sem vilja komast lengra.

- Upphækkað á 15” dekkjum
- Sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 I 110 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

# Fólk

folk@frettabladid.is

6 *dagar í viku fóru í líkamsrækt hjá söng- og leikkonunni Jennifer Lopez þegar hún undirbjó sig fyrir fjölda myndataka í tengslum við Idolið – þar sem hún er dómari.*



## Clooney í góðu næði

Þrátt fyrir að George Clooney sé án nokkurs vafa ein allra stærsta kvikmyndastjarnan um þessar mundir tekst honum af og til að halda sig fjarri sviðsljósinu. Þannig varð leikarinn fimmtugur í gær en í stað þess að halda upp á afmælið með glæsilegri veislu og frægum vinum bauð hann kærustu sinni, Elisabettu Canalis, í lágstemmdan kvöldverð á kínverska veitingastaðnum Mr. Chow í miðbæ Los Angeles.

Clooney hefur eflaust vonast til þess að kvöldverðinum yrði haldið fyrir utan síður blaðanna en honum varð aldeilis ekki að ósk sinni, því meðal annarra gesta á staðnum voru Kirstie Alley og Jackie Collins. Og þær voru ekkert að spara færslurnar á twittersíðum sínum. „Er í kvöldverði og þetta er sennilega einhver mesti frægðarfólksveitingastaður sem ég hef komið á,“ skrifaði Alley. Og bætti síðan um betur. „Var á Mr. Chow, besti matur í Los Angeles, til hamingju með afmælið, George Clooney.“



**HAMINGJUSÖM** Clooney og Canalis borðuðu fínan mat á Mr. Chow í tilefni af fimmtugsafmæli leikarans.



Þeir eru all svakalegir Egill og Jóhannes Haukur, Egill með svart hár og Jóhannes hefur verið að taka vel á því í ræktinni.



Oft getur verið mikil bið á milli atriða í kvikmynd en stemningin í heita pottinum virtist vera góð.



Borga karlinn minn, borga, gætu þeir Jóhannes Haukur og Egill Gillz verið að segja.

# GLAMÚRGELLUR Í KVIKMYNDALEIK

**Tökur á undirheimakvikmyndinni Svartur á leik eru hafnar. Myndin byggir á samnefndri bók Stefáns Mána um undirheimana í Reykjavík, eiturlyf, handrukkanir og kynlíf.**

„Mér líst alveg hrikalega vel á þetta, ég er ekki Evrópumethafi í bjartsýni og yfirlýsingum en það sem ég hef séð, heyrt og veit er alveg geggjað,“ segir rithöfundurinn Stefáni Máni. Það hefur verið löng bið hjá honum að sjá bókina færast upp á hvíta tjaldið og þótt hann sé ekki mikið að þvælast fyrir vinnandi fólki hefur forvitnin dregið hann á tökustað öðru hvoru. „Ég á eftir að kíkja nokkrum sinnum, þetta er náttúrlega þvílíkt teymi sem er að vinna að þessu, handritið er að mínum dómi frábært og settið er alveg fullkomið,“ en myndin gerist árið 1999 og því þarf að huga að hverju einasta smáatriði.

Egill Gillz og Jóhannes Haukur hafa eilítið stolið senunni í undirbúningi myndarinnar, valið á Agli kom mörgum á óvart og Jóhannes Haukur hefur bætt á sig miklum vöðvamassa fyrir hlutverk Tóta dyravarðar. „Það er búið að raka af honum hárið og hann er með vígalegan hökutopp. Mér skilst að hann elski Tóta dyravörð og sé fastur í karakter, gangi um með djöfullegt glott og glampa í augunum.“ Um Egil viðurkennir Stefán að fyrst hafi þetta komið honum á óvart. „Ég hef ekki heyrt neitt nema gott um þennan strák, hann smellpassar inn í þetta, hann er nautsterkur og það geta ekki allir leikið eftir það sem hann er að gera í myndinni.“

freyrgigja@frettabladid.is



Þorvaldur Davíð hefur nýlokið námi við Juilliard-skólann í New York og er kominn með samning í Los Angeles við þekkta umboðsskrifstofu. Egill Gillz er því í góðum félagsskap og getur leitað ráða hjá Þorvaldi.





CCP CAOZ FRAMESTORE Autodesk Authorised Training Centre

# Margmiðlunarskólinn á tímamótum

**Í haust flytur Margmiðlunarskólinn í nýtt og glæsilegt húsnæði Tækniskólans við Háteigsveg. Þar verður frábær aðstaða sem hæfir framsæknum skóla, meðal annars green screen, MoCap, hljóðver og góð aðstaða fyrir nemendur í skapandi starfi.**

Margmiðlunarskólinn er í fararbroddi kennslu í margmiðlun, margmiðlunarhönnun hreyfimyndagerð og vefforritun. Mikil áhersla er á skapandi vinnu, tölvuleiki og tæknibrellur fyrir kvikmyndir og náminu líkur með krefjandi lokaverkefni og sýningu. Skólinn vinnur náið með helstu fyrirtækjum í þessum greinum svo sem **CCP**, **Framestore** og **Caoz**.

Við bjóðum nýja nemendur velkomna til leiks með frábærum hópi kennara og nemenda. **Innritun stendur yfir á *www.menntagatt.is* til 20. maí. Sjá nánari upplýsingar á mms.is**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# LÆKKAÐU FORGJÖFINA MEÐ ZO•ON

**ZO•ON** býður upp á fría púttgreiningu með Úlfari Jónssyni og Brynjari Geirssyni





## GOLFDAGUR ZO•ON Í KRINGLUNNI Í DAG

**Lækkaðu forgjöfina, frí púttgreining**
- Úlfar Jónsson og Brynjar Geirsson verða á staðnum **milli kl. 14 og 17** og hjálpa þér að bæta pútttæknina

**Púttaðu fyrir allt að 30% afslætti**
- Hola í höggi á púttbrautum okkar gefur þér allt að 30% afslátt

**50.000 kr. gjafabréfi frá ZO•ON**
- Allir sem taka þátt eiga möguleika á að vinna 50.000 kr. ZO•ON gjafabréf

ZO•ON ICELAND

www.zo-on.is

# Aniston selur glæsivillu

Leikkonan Jennifer Aniston er þessa dagana að selja glæsivillu sína í Beverly Hills fyrir 42 milljónir dala, eða um 4,6 milljarða króna. Hin 42 ára Aniston keypti húsið á um 1,5 milljarða króna árið 2006 og mun því hagnast verulega á viðskiptunum. Það tók Aniston tvö ár að laga húsið að sínum smekk. Öryggiskerfið er mjög gott auk þess sem útsýnið yfir Los Angeles er framúrskarandi. Fregnir herma að Aniston sé komin með leið á húsinu og telji það full stórt fyrir sig. Talið er að hún ætli að kaupa sér íbúð á Manhattan í New York í staðinn.



**SELUR GLÆSIVILLU** Leikkonan ætlar að selja glæsivillu sína í Beverly Hills.




# LADY GAGA VÍSAR GUÐLASTI Á BUG

**Lady Gaga maskínan virðist eitthvað vera farin að hiksta. Eftir fáránlega velgengni að undanförnu hefur nýjasta efninu hennar verið tekið fremur fálega.**

Bandaríska söngkonan Lady Gaga vísar því algerlega á bug í samtali við MTV-sjónvarpsstöðina að nýjasta myndband hennar við lagið Judas sé guðlast. Þvert á móti sé hún ákaflega trúuð og andlega sinnuð manneskja sem virði trúarbrögð allra. „Og þar að auki er ég mjög upptekin af trúarlegri list, eiginlega bara heltekin," hefur MTV eftir söngkonunni.

Stiklan hafði vart sungið sitt síðasta fyrr en hinir og þessir kristnu trúarhópar tóku að úthrópa söngkonuna fyrir guðlast. Og það er ekkert skrítið að hinir móðgunargjörnu kristnu trúarhópar í Ameríku hafi fengið hland fyrir hjartað. Í myndbandinu birtist Gaga nefnilega í líki Maríu Magdalenu og á vingott við bæði Jesús og Júdas í einu. Hinir lærisveinarnir eru síðan sýndir leðurklæddir undir merkjum Hell's Angels. En það er engin predikari að brenna diska, plaköt og myndir af Gaga í Biblíubeltinu bandaríska.

Á tónlistarvefsíðu Independent er fjallað um myndbandið og það mikla írafár sem hafði verið skapað í kringum það. Gaga sagði sjálf að myndbandið væri vélhjólamynd að hætti Fellini þar sem lærisveinarnir eru uppreisnarseggir í Jerúsalem nútímans. „Maskínan fór af stað, þetta átti að verða umdeildasta myndband allra tíma og kosta meira en tíu milljónir dala og þegar tilkynnt var að Lady Gaga væri aðstoðarleikstjóri fóru viðvörunarbjöllurnar strax að hringja," skrifar blaðamaður Independent. Hann bendir hins vegar á að Born This Way hafi ekki náð fyrsta sætinu í Bretlandi og smáskífan Júdas hafi dottið út af topp tuttugu eftir aðeins þrjár vikur og engan veginn náð sér á strik í Ameríku. „Það kom því ekkert á óvart að myndbandinu skyldi vera lekið á netið degi fyrir áætlaða frumsýningu."

Lady Gaga er sjálf alin upp samkvæmt kaþólskum sið og hún hefur tekið fram að myndbandinu sé alls ekki beint gegn kristinni trú. Gaga er auðvitað ekki fyrsta söngkonan sem veldur fjaðrafoki meðal kristinna því Madonna gerði þetta ítrekað á sínum yngri árum. Og eins merkilegt og það kann að hljóma er Madonna einnig alin upp á strangtrúuðu kaþólsku heimili.

freyrgigja@frettabladid.is



**EKKI GÓÐ BYRJUN** Judas, nýjasta smáskífa Lady Gaga, fær ekki þær viðtökur sem búist hafði verið við. Og myndbandið reyndist ekki vera það eldfima efni sem það átti að vera.

## SÖNGUR MADONNU

Lag Madonnu, Like a Prayer, sem kom út árið 1989, olli miklum deilum í Bandaríkjunum. Lagið er á samnefndri plötu sem naut mikilla vinsælda og sjálf hefur Madonna haldið mikið upp á lagið; það er nánast fastagestur á tónleikaferðum hennar. Hafi Lady Gaga vonast til að lagið Judas fengi viðlíka athygli þá er það langt því frá. Lag Madonnu var fordæmt af Vatikaninu á sínum tíma og fjölmargir trúarhópar mótmæltu því kröftuglega.

Í myndbandinu leikur Madonna sér að mörgum þekktum trúartáknum og Like a Prayer hefur verið álitið snörp ádeila á kynþáttahatur og trúarbrögð. Lagið var notað í auglýsingu fyrir Pepsi, sem Madonna var þá á samningi hjá, en vegna þrýstings frá mörgum trúarhópum rifti Pepsi samningnum og tók auglýsinguna úr umferð. Like a Prayer hefur verið sagt tímamótalag á ferli Madonnu, hún var eftir það álitin listamaður í stað venjulegrar poppsöngkonu.






# Sheen langar að skemmta Evrópu

Charlie Sheen hefur í hyggju að fara með einleikinn sinn á ferðalag um Evrópu og Asíu. Leikarinn lauk nýverið ferðlagi sínu um Bandaríkin og Kanada en sýningin My Violent Torpedo of Truth/Death Is Not An Option hlaut misjafnar viðtökur. Sheen hefur verið mikið í fjölmiðlum að undanförnu eftir að hann sagði framleiðendum sjónvarpsþáttarins Two and Half Men stríð á hendur og var í kjölfarið rekinn. Síðan þá hefur líf leikarans umturnast, hann fer mikinn á netinu og áðurnefnd sýning þykir nokkuð sérstök.

Og Charlie hefur þá bjargföstu trú að bæði Asíubúar og Evrópumenn muni elska My Violent Torpedo of Truth. „Þetta yrði kannski meira í ætt við notalega kvöldstund með Charlie Sheen. Ég held að Evrópubúar muni sýna mér meiri skilning, þeir eru miklu þolinmóðari," segir Sheen í samtali við ástralska útvarpsstöð en þar er leikarinn staddur nú. Sheen hefur þegar tilkynnt að allur ágóði sýninganna renni beint til fórnarlamba hvirfilbyljanna sem riðu yfir Bandaríkin nýverið.



**HÁLEITAR HUGMYNDIR** Charlie Sheen langar að fara með sýningu sína í ferð um Evrópu og Asíu.

# Brjáluð í súkkulaði

**Leikkonan Eva Mendes er brjáluð í súkkulaði og gerir hvað sem er til að fá skammtinn sinn. „Ég myndi borða viðarborð ef það væri súkkulaðihúðað. Ég er sjúk í smákökur, frauð og allt sem tengist súkkulaði," sagði hún. „Ef ég fæ mér þá refsa ég mér ekki fyrir það. Ég reyni frekar að njóta þess." Mendes, sem er 37 ára, reynir að minnka við sig í kaloríum á öðrum sviðum ef hún fær sér súkkulaði. „Ég reyni að borða eins marga ferska ávexti og eins mikið grænmeti og mögulegt er."**



**EVA MENDES** Leikkonan er sjúk í súkkulaði og gerir hvað sem er til að fá skammtinn sinn.

HINN EINI SANNI

# RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




**NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ**

*við hliðina á Dýraríkinu*

# LOKADAGAR

**AÐEINS 2 DAGAR EFTIR**

**Opið laugardag og sunnudag milli kl. 12:00 og 18:00**

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
ORGINAL
SKECHERS



Eru skólprörin í húsinu þínu farin að gefa sig?

Við fóðrum skólp- og frárennslislagnir að innan

- 10% afsláttur af fóðringum
- 50% afsláttur af ástandsskoðun og myndun í maí og júní. - Tilboðsverð kr. 12.500.-

Bjóðum VISA raðgreiðslur til allt að 36 mánaða

PROLINE

Dalvegi 16B - 201 Kópavogi

Upplýsingar í síma 571 0300 - www.proline.is




BEINSKEITT & BLÓÐUG




Gildir til 12. maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


# Travolta-hjónin sameinuð á hvíta tjaldinu

Leikarinn John Travolta, eiginkona hans Kelly Preston og dóttir þeirra Ella Bleu sameinast öll á hvíta tjaldinu í kvikmynd um mafíuforingjann John Gotti, Gotti: Three Generations. Þetta kom fram á blaðamannafundi í vikunni þar sem leikaralisti myndarinnar var kynntur en tökur eru að hefjast þessa dagana.

Ella Bleu sem er 11 ára hefur áður leikið með föður sínum í myndinni Old Dogs en hún ku vera mjög spennt yfir þessu tækifæri. Þetta er samt í fyrsta sinn sem fjölskyldan leikur öll saman í mynd en síðastliðið haust eignuðust hjónin son sem eflaust fylgir fjölskyldunni á tökustað.



**HJÓN LEIKA HJÓN** Travolta og Preston fara með hlutverk Johns og Victoriu Gotti í mynd um ævi mafíuforingjans. NORDICPHOTOS/GETTY



**MEÐ NÝJA BLÚSPLÖTU** Andrea Gylfadóttir og Blúsmennirnir hafa sent frá sér fyrstu plötu sína í þrettán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýr blús Andreu

**Andrea Gylfadóttir hefur sent frá sér fyrstu blúsplötu sína í þrettán ár. Tvö ný lög eftir söngkonuna eru á plötunni.**

Söngkonan Andrea Gylfadóttir hefur sent frá sér fyrstu blúsplötu sína í þrettán ár með hljómsveitinni Blúsmenn og nefnist hún Rain On Me Rain. „Við tókum þennan disk eiginlega upp „live". Við fórum í tvo daga í Hljóðrita og töldum í. Það var fín stemning og mjög gaman," segir Andrea.

Á plötunni, sem JR Music gefur út, eru tvö ný lög eftir Andreu og níu erlendar blúsperlur til viðbótar. Fjórar þeirra hefur hljómsveitin spilað á tónleikum í gegnum árin og urðu þær hreinlega að vera á plötunni að mati Andreu, sem var kjörinn heiðursfélagi Blúsfélags Reykjavíkur árið 2006.

Meðlimir Blúsmannanna, rétt eins og fyrir þrettán árum, eru þeir Guðmundur Pétursson, Einar Rúnarsson, Haraldur Þorsteinsson, Jóhann Hjörleifsson og Kjartan Valdemarsson. „Þetta er frábært band. Við erum búin að spila saman síðan 1990. Það er bara unaður að stíga á svið með þessu bandi," segir söngkonan.

Andrea og Blúsmennirnir spila öðru hverju, meðal annars á blúshátíðum bæði hér heima og erlendis. „Það er „bissí" fólk í þessu bandi. Við spilum ekki eins mikið og í gamla daga. Þá vorum við mikið á Púlsinum og á Tveimur vinum þegar fólk mætti um helgar, á föstudögum og laugardögum, og dansaði við blús."

Framundan hjá Andreu og Blúsmönnunum eru tónleikar á Græna hattinum 16. júní og á blúshátíðinni á Ólafsfirði 2. júlí.

freyr@frettabladid.is

# Mæðgur með nýtt lag

Söngkonan Madonna hefur tekið upp lagið It´s So Cool með dóttur sinni Lourdes sem er fjórtán ára. Lagið verður annað hvort á næstu plötu Madonnu eða á plötu með lögum úr fyrsta leikstjórnarverkefni hennar, kvikmyndinni W.E.

Madonna, sem er 52 ára, vonast til að lagið verði upphafið að glæstum söngferli dótturinnar. „Madonna vonast til að Lourdes feti í fótspor hennar og verði einn stærsti kvenkyns popparinn í heiminum. Hún er fullkominn lærimeistari fyrir dótturina og vill endilega hjálpa henni að stíga sín fyrstu skref í tónlistarbransanum," sagði heimildarmaður blaðsins The Sun. „Lourdes er með frábæra rödd og hefur sterkan persónuleika, rétt eins og móðir hennar."

Madonna og Lourdes tóku fyrst upp It´s So Cool órafmagnað fyrir átta árum. Það var síðar gefið út á iTunes sem aukalag með smáskífunni Hung Up en hluti Lourdes í laginu var klipptur út.



**SYNGJA SAMAN** Mæðgurnar Madonna og Lourdes syngja saman í laginu It´s So Cool.



**Á BRÆÐSLUNNI** Írinn Glen Hansard spilar á Bræðslunni í júlí.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Óskarshafi á Bræðslunni

**Írski Óskarsverðlaunahafinn Glen Hansard, Hjálmar, Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar, Vax og trúbadorinn Svavar Knútur koma fram á tónlistarhátíðinni Bræðslunni í Borgarfirði eystri helgina 22. til 24. júlí. Hansard er meðlimur hljómsveitarinnar The Frames og The Swell Season og lék einnig í kvikmyndinni The Commitments. Hann vann Óskarinn árið 2007 fyrir lagið Falling Slowly úr myndinni Once. Að jafnaði hafa rúmlega 1.000 manns sótt Borgarfjörð eystri heim Bræðsluhelgina sem er ágætis viðbót við íbúafjöldann sem telur um 120 manns. Forsala á Bræðsluna hefst 19. maí á Midi.is.**



**DÓMARI** Enska poppstjarnan hefur verið ráðin í dómarastarf í X Factor í Bandaríkjunum.

# Cheryl Cole ráðin dómari

**Enska poppstjarnan Cheryl Cole hefur verið ráðin í dómarastarf í bandarísku útgáfunni af X Factor sem hefur göngu sína síðar á árinu. Cole er 27 ára söngkona stúlknabandsins Girls Aloud. Hún hefur sinnt dómgæslu í síðustu þremur þáttaröðum af X Factor í heimalandi sínu. Tökur á nýju þáttaröðinni hófust á föstudag. „Ég er virkilega spennt yfir því að taka þátt í bandarísku útgáfunni af X Factor,“ sagði Cole. Aðrir í dómnefndinni verða Simon Cowell og upptökustjórinn fyrrverandi Antonio LA Reid. „Ég er virkilega ánægður fyrir hönd Cole,“ sagði Cowell.**

MILT
Leynist þvottavél í þínum kassa?






Vinningar:

2x Electrolux þvottavélar frá Húsasmiðjunni

5x ársbirgðir af Milt þvottaefni frá Mjöll-Frigg*

1x 25.000,- gjafabréf í Bónus

1x 15.000,- gjafabréf í Bónus

Veljum íslenskt!

*ársbirgðir m.v. 9x 2 kg kassa af þvottaefni.

mjöll frigg -hreinlega sterkari

www.mjollfrigg.is

BÓNUS

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!
ÞVOTTADAGAR
ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!
ORMSSON
ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG
530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# Íslendingar á The Great Escape

Hljómsveitin Retro Stefson og tónlistarkonurnar Lára Rúnarsdóttir og Ólöf Arnalds koma fram á tónlistarhátíðinni The Great Escape í Brighton á Englandi í næstu viku.

Lára er að spila á hátíðinni í fyrsta sinn og hlakkar mikið til. „Það er frábært að fá að spila svona úti,“ segir hún. Eftir tónleikana fimmtudaginn 12. maí spilar hún ásamt hljómsveit sinni á tveimur stöðum í London á föstudags- og laugardagskvöld. „Þetta verða rosalega ólík gigg að mér skilst,“ segir Lára, sem er að undirbúa nýja plötu sem kemur líklega út síðar á þessu ári.

Bransahátíðin The Great Escape hefur verið leiðandi í kynningu nýrrar og spennandi tónlistar og þykir gefa góða vísbendingu um hvað verður helst á baugi í tónlistinni næstu misserin. Á meðal íslenskra hljómsveita sem hafa spilað þar eru Benni Hemm Hemm, Stórsveit Nix Noltes og Seabear.

Til að hita upp fyrir hátíðina spilar Lára á Café Rosenberg í kvöld ásamt Lay Low. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og kostar 1.000 krónur inn. - fb



**Á LEIÐ TIL BRETLANDS** Lára Rúnarsdóttir spilar á hátíðinni The Great Escape ásamt Ólöfu Arnalds og Retro Stefson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING KL. 10.00

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FAST AND FURIOUS 5 | 4, 7 og 10 POWER |
| THOR 3D | 5, 7.30 og 10 |
| RIO - ISL TAL 3D | 2(950 kr) |
| RIO - ISL TAL 2D | 2(700 kr) |
| YOUR HIGHNESS | 10 |
| HOPP - ISL TAL | 2(700 kr), 4 og 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |

SAMBÍÓIN

SOMETHING BORROWED
RÓMANTÍSK GAMANMYND EINS OG ÞÆR GERAST BESTAR.

„Brjáluð afþreyingarmynd sem mun gefa þér nákvæmlega það sem þú sækist eftir, hvort sem þú ert aðdáandi seríunnar eða hasarfíkill almennt.“

FAST & FURIOUS 5 RIO HEIST
STÆRSTA OPNUN Í USA Á ÞESSU ÁRI

THOR

MATTHEW McCONAUGHEY
BOXOFFICE MAGAZINE
LINCOLN LAWYER

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | 12 |
| FAST FIVE Luxus VIP | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SOMETHING BORROWED | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | L |
| THOR 3D | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| CHALET GIRL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| SOURCE CODE | kl. 10:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHALET GIRL | kl. 6 | L |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:20 | 12 |
| DREKABANARNIR ísl tal | kl. 6 | L |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | 12 |
| HOP M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 3:50 | L |
| THOR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 3.00 - 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| ARTHUR | kl. 5.20 - 8 | L |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 3.00 - 5.30 | L |
| RIO 2D M/ ísl. Tali | kl. 3.00 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 (Power kl.8) | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 | 12 |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 1:50 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

TILBOÐSSÝNINGAR
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
KOMIN GÆÐI!

FAST & FURIOUS 5 RIO HEIST
12 LÚXUS midi.is

THOR
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
12 midi.is

SCRE4M
16 midi.is

L MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 3-D

HÆVNEN IN A BETTER WORLD SUSANNE BIER
MBL
12 græna ljósið midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE KL. 3.10 (TILBOÐ) 5.20 - 8 - 10.40 | | 12 |
| FAST FIVE Í LÚXUS KL. (2.40 SUN.) - 5.20 - 8 - 10.40 | | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 1 - 3.10 (TILBOÐ) - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 1 - 3.20 (TILBOÐ) | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ KL. 1 (TILBOÐ) | | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 1 - 3.20 (TILBOÐ) | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 3.10 (TILBOÐ) - 6 - 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.25 – 8 – 10.35 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (TILBOÐ) - 3.50 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (TILBOÐ) - 3.50 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

Tilboð á Krakkadögum í SMÁRABÍÓ
RIO 3D & 2D ÍSLENSKT TAL KL. 1 - 3.20 (TILBOÐ)
HOPP ÍSLENSKT TAL KL. 1 - 3.20 (TILBOÐ)

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt bíó
950 KR Í 3D SÝND KL.2 700 KR Í 2D
SÝND KL.2 ATH 700 KR.
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

tryggðu þér miða á www.sambio.is
TILBOÐSSÝNINGAR
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN

TILBOÐSBÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ 5%

TILBOÐSBÍÓ - LAUGARDAG OG SUNNUDAG

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 3.10 (TILBOÐ) | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |

midi.is facebook/haskolabio

BÍÓ PARADÍS LAUGARDAGUR / SUNNUDAGUR BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| ROUTE IRISH | 17:50, 20:00, 22:10 |
| POPIÓL I DIAMENT | 20:00 |
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 22:10 |
| BLUE VALENTINE | 17:50 |
| STIKKFRÍ | 18:00 |
| BRÚÐGUMINN | 20:00 |
| KÖLD SLÓÐ | 22:00 |

| | |
|---|---|
| ROUTE IRISH | 17:50, 20:00, 22:10 |
| POPIÓL I DIAMENT | 20:00 |
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 22:10 |
| BLUE VALENTINE | 17:50 |
| IKÍNGUT | 18:00 |
| NÓI ALBINÓI | 20:00 |
| SÍÐASTI VALSINN | 22:00 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


máltíð
mánaðarins
á kfc
Zinger
TWISTER®
899
kr.
0gr.
trans-
fita
KFC
svooogott™
www.kfc.is
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

# sport

sport@frettabladid.is



**LIÐ 1. UMFERÐAR** í Pepsi-deild karla að mati Fréttablaðsins er þannig skipað: Markvörður: Ögmundur Kristinsson, Fram. Vörn: Atli Sveinn Þórarinsson (á mynd), Halldór Kr. Halldórsson, Pál Justinusen (allir Val). Miðja: Orri Freyr Hjaltalín (Grindavík), Guðjón P. Lýðsson (Val), Matthías Vilhjálmsson (FH), Arnór Ingvi Traustason (Keflavík). Sókn: Kjartan Henry Finnbogason (KR), Helgi Sigurðsson (Víkingi), Jóhann Birnir Guðmundsson (Keflavík).

# Rúnar fann réttu stöðuna fyrir mig

**Kjartan Henry Finnbogason skoraði tvö mörk fyrir KR í 3-2 sigri á Íslandsmeisturum Breiðabliks í fyrstu umferð Pepsi-deildar karla og hann er bestu leikmaður fyrstu umferðarinnar að mati Fréttablaðsins.**

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson breytti miklu þegar hann tók við liði KR síðasts sumar og eitt af því sem hann breytti var að færa Kjartan Henry Finnbogason til á vellinum. Rúnar færði hann aðeins aftar á völlinn, en Kjartan Henry hefur samt sem áður raðað inn mörkum í nýrri stöðu. Kjartan tók upp þráðinn frá því síðasta haust þegar hann skoraði tvö mörk í 3-2 útisigri KR í Kópavoginum.

„Það gerðist allt í fyrri hálfleik og þetta var mjög viðburðaríkur fyrri hálfleikur hjá mér. Ég fékk að taka vítið og þakkaði traustið með því að skora. Svo veit ég ekki alveg hvað ég var að gera í vítateignum hinum megin enda er ég ekki vanur að vera þar eins og kannski sást. Sem betur fer náði ég að bæta fyrir það og skora eitt mark, sem var frábært,“ sagði Kjartan Henry en Blikar jöfnuðu leikinn í 1-1 úr víti sem var dæmt á hann.

„Þeir voru óheppnir að missa mann út af svona snemma því þessi brottvísun var vendipunkturinn í leiknum. Blikarnir voru alls ekkert slakari í leiknum,“ segir Kjartan, sem átti möguleika á að innsigla þrennuna í seinni hálfleik en skaut þá í stöngina á marki Blika.

Umskiptin á Kjartani Henry síðan Rúnar tók við leyna sér ekki í tölfræðinni.

Kjartan Henry hafði bara átt þátt í 4 mörkum í 12 leikjum undir stjórn Loga Ólafssonar (3 mörk og 1 stoðsending) en hefur með leiknum við Blika komið að 11 mörkum í 10 leikjum undir stjórn Rúnars (7 mörk og 4 stoðsendingar).

„Ég fékk loksins traustið og fór líka út á væng. Þá var ég meira í boltanum og var meira inni í leiknum. Mér finnst þetta mjög skemmtileg staða og ég er mjög ánægður með að fá að spila hana áfram,“ segir Kjartan, sem er sáttur við þá ákvörðun Rúnars Kristinssonar að setja hann í nýja stöðu.

„Ég held að Rúnar hafi fundið réttu stöðuna fyrir mig því ég var svolítið einangraður upp á topp. Þetta er ný áskorun fyrir mig. Það er mjög skemmtilegt að spila þarna úti hægra megin og þetta er eitthvað nýtt fyrir mér,“ segir Kjartan.

KR-ingar hafa ekki byrjað Íslandsmótið vel undanfarin ár en sigur í fyrsta leik gefur ástæðu til bjartsýni í Vesturbænum.

„Við lítum á þetta sem lítið hraðmót í byrjun sem klárast 6. júní. Ég held að þetta muni skýrast talsvert hverjir verða hvar eftir þessa fyrstu sjö leiki. Við brenndum okkur á því í fyrra að vera skítlélegir í fyrstu umferðunum,“ segir Kjartan.

„Eftir að Rúni kom inn kom meiri samvinna í liðið. Þetta er liðsíþrótt og við erum búnir að átta okkur á því. Við ætlum ekki að gera sömu mistökin og við gerðum í fyrra. Það var frábært að byrja á sigri og nú þurfum við bara að fylgja því eftir og taka einn leik fyrir í einu,“ sagði Kjartan en fram undan er fyrsti heimaleikurinn á móti Keflavík á sunnudaginn.



„Menn eru mjög spenntir og ég vona að þessi byrjun okkar hafi kveikt svolítið í áhorfendaskaranum okkar. KR hefur alltaf verið með flesta áhorfendurna og líka þá bestu og við erum því spenntir að spila á heimavellinum okkar. Völlurinn lítur vel út og þetta verður skemmtilegur leikur milli tveggja flottra liða,“ segir Kjartan, sem hefur mikla trú á KR-liðinu í sumar.

„Við erum með hörkulið og ekki bara fyrstu ellefu því við erum með rosalega stóran og góðan hóp. Rúni sýndi það á undirbúningstímabilinu að hann treystir öllum og við sýndum það í verki að við erum traustsins verðir. Ég hef mikla trú á þessum hópi og er mjög spenntur fyrir sumrinu. Ég trúi því varla að þetta sé byrjað,“ segir Kjartan Henry að lokum.

ooj@frettabladid.is

### KR-ingar sem hafa byrjað vel

**Flest mörk KR-inga í fyrsta leik á Íslandsmóti í knattspyrnu.**
**( frá því að tvöföld umferð var tekin upp 1959)**

5 mörk - Þórólfur Beck á móti Akureyri 28. maí 1961
3 - Tómas Ingi Tómasson á móti Breiðabliki 23. maí 1994
2 - Kjartan Henry Finnbogason á móti Breiðabliki 3. maí 2011
2 - James Bett á móti Breiðabliki 23. maí 1994
2 - Björn Rafnsson á móti ÍBV 17. maí 1986 og
2 - Björn Rafnsson á móti Þrótti 13. maí 1985
2 - Björn Pétursson á móti Þrótti 13. maí 1976



**MÆTAST Í DAG** Wayne Rooney, leikmaður Manchester United, og David Luiz hjá Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Titillinn undir í toppslagnum

**FÓTBOLTI** **Manchester United og Chelsea eigast við í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar kl. 15.10 á morgun. Chelsea getur með sigri náð United að stigum en sigri þeir rauðklæddu er enski meistaratitillinn svo gott sem í höfn.**

**„Ef við vinnum tel ég að við verðum meistarar,“ sagði Ferguson við enska fjölmiðla í gær. „Árangur okkar á heimavelli hefur verið frábær og líklega sá besti í Evrópu. Það má ekki breytast um helgina,“ bætti hann við en United hefur unnið sextán af sautján leikjum sínum á Old Trafford og gert eitt jafntefli.**

**Chelsea var fimmtán stigum á eftir United í mars en getur nú komist á toppinn með sigri þar sem liðið yrði þá með betra markahlutfall en United. Chelsea var einmitt síðasta liðið til að vinna leik á Old Trafford en sá sigur kom í apríl í fyrra.** - esá


OPIÐ HÚS SUNNUDAG KL. 17-18

VESTURBRÚN 31 - PARHÚS



Nýkomið í sölu 230 fm parhús með innb. 27 fm bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum á frábærum stað við Vesturbrún í Reykjavík. Neðri hæð: Forstofa. Gestasalerni. Eldhús m.búri inn af. Stór stofa með útg. út á hellulagða afgirta verönd til suðurs með heitum potti. Rúmgóð arinstofa. Efri hæð: Steyptur stigi milli hæða. Baðherbergi. Eitt barnaherbergi. Rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi inn af og útg. út á flísalagðar suður svalir. GÓLFEFNI: Kirsuberjaparket og flísar. Þetta er hús sem býður upp á mikla möguleika. Opið svæði fyrir aftan hús sem ekki verður byggt á. **Verð 58,0 millj. Gísli Rafn sölufulltrúi fasteign.is tekur á móti gestum milli kl. 17 og 18 sunnudag.**

FASTEIGNASALAN fasteign.is SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.




**PISTILLINN** **Helga Margrét Þorsteinsdóttir** frjálsíþróttakona



## Að vera sinn eigin besti æfingafélagi

Góður æfingafélagi er gulls ígildi. Best er ef heilbrigð samkeppni ríkir á milli æfingafélaga svo að báðir aðilar þurfi sífellt að vera á tánum og leggja sig fram við æfingar. Góður æfingafélagi ætti líka að veita manni fullan stuðning og hvatningu. Síðast en ekki síst ætti æfingafélaginn að vera skemmtilegur því þegar öllu er á botninn hvolft skiptir mestu máli að það sé gaman að fara á æfingu og að gleðin sé í fyrirrúmi á sama tíma og einbeitingin er 100%.

Það er ekki nóg að hafa aðgang að góðum æfingafélaga því það er ekki síður mikilvægt að við séum okkar eigin bestu æfingafélagar. Það skiptir miklu máli hvaða augum við lítum okkur og hvernig við tölum við okkur sjálf. Gefum því gaum hvort við séum sífellt að rífa okkur niður með neikvæðum hugsunum eða hvort við hvetjum okkur áfram. Gleymum við því ef til vill að hrósa sjálfum okkur, gefa okkur klapp á bakið og vera stolt af afrekum okkar?

Rétt eins og okkur finnst sjálfsagt að hvetja æfingafélaga okkar áfram þegar á reynir ættum við líka að hvetja okkur sjálf til dáða. Ég reyni að vera minn eigin besti vinur og æfingafélagi því það er sama hvað ég geri, ég losna aldrei við sjálfa mig og hugsanir mínar. Ég sit uppi með sjálfa mig það sem eftir er og hreinlega nenni ekki að hlusta á leiðinlegar athugasemdir og neikvæðar hugsanir.

Þetta hugarfar hefur reynst mér sérstaklega vel þegar ég hef verið að glíma við meiðsli. Í stað þess að hata meiðslin og aumingjaskapinn í sjálfri mér, og þannig sparka sífellt í liggjandi manneskju sem reynir að veikum mætti að standa upp, reyni ég að vera þolinmóð og hugsa jákvætt til meiðslanna. Hvort að batinn verður hraðari þori ég ekki að votta fyrir, en bataferlið verður allaveganna bærilegra.

Verum okkar eigin bestu vinir og æfingafélagar, við náum ekki árangri nema í fullri samvinnu við okkur sjálf.







**REYNIR ÞÓR** „Það versta er að ungir leikmenn alast upp í þessari menningu og hugsunarhætti sem ég er ekki hrifinn af,“ segir Reynir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Leikmenn með slæmt hugarfar

**Reynir Þór Reynisson er hættur sem þjálfari Fram og gagnrýnir leikmenn liðsins harkalega. „Fram þarf að hugsa upp ný gildi innan sinna herbúða.“**

**HANDBOLTI** Reynir Þór Reynisson, sem þjálfaði meistaraflokk karla hjá Fram í vetur, er hættur hjá félaginu eftir að hafa komist að samkomulagi þess efnis við stjórn handknattleiksdeildar Fram. „Það má segja að leið mín og leikmanna hafi ekki legið saman,“ segir Reynir í samtali við Fréttablaðið.

Reynir tók við Fram fyrir rúmu ári og kom liðinu í úrslitakeppnina, þar sem það tapaði fyrir FH í undanúrslitum. Miðað við hans orð voru það samskiptin við leikmenn liðsins sem mestu réðu en honum fannst hugarfar leikmannanna slæmt.

„Ég fór í Safamýrina til að vinna titla. Ég var ekki sáttur við hvernig þankagangurinn innan hópsins var. Ég var ekki sáttur við þá forgangsröðun sem leikmenn höfðu. Ég er sjálfur mjög kröfuharður, bæði gagnvart sjálfum mér og leikmönnum.“

